

Háskólinn á Akureyri
Félagsvísinda- og lagadeild
Lögfræði
2008



Réttarstaða föður samkvæmt íslenskri barnalöggjöf

- Samanburður við gildandi löggjöf í Danmörku og Noregi -



Halldóra Kristín Hauksdóttir
Lokaverkefni í félagsvísinda- og lagadeild

Háskólinn á Akureyri
Lögfræði
2008

Réttarstaða föður samkvæmt íslenskri barnalöggjöf

- Samanburður við gildandi löggjöf í Danmörku og Noregi -

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Lokaverkefni til 60 eininga M.L.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild


Leiðbeinandi:
Berglind Svavarsdóttir hrl.

Yfirlýsingar:

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til M.L.-prófs í félagsvísinda- og lagadeild.



Berglind Svavarsdóttir hrl.

Útdráttur

Í ritgerð þessari er fjallað um stöðu íslenskra feðra, einkum þeirra sem ekki fara með forsjá og/eða búa ekki með börnum sínum. Skoðaðir eru helstu alþjóðasamningar sem Ísland á aðild að á sviði mannréttinda og barnaréttar. Rakin er þróun íslenskrar barnalöggjafar og gildandi lög borin saman við hliðstæði lög í Danmörku og Noregi. Skoðaðir eru nýlegir Hæstaréttardómar á sviði faðernis og forsjár og efni sótt í gögn Hagstofu Íslands um kjarnafjölskyldur og forsjá barna eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra. Að lokum er fjallað um frumvarp sem liggur fyrir Alþingi um breytingu á barnalögum nr. 76/2003. Höfundur leggur til breytingar á lögnum og bendir á annað sem betur mætti fara.

Abstract

In this essay, the situation of Icelandic fathers, especially those without custody and /or those who do not live with their children are discussed. The main international treaties, in the field of human rights and children's right, that Iceland is a party to are considered. The development of Icelandic child law is reviewed and current law is compared with compatible legislation in Denmark and Norway. Recent rulings of Hæstiréttur (The Supreme Court of Iceland) in the field of paternity and parental custody are reviewed, as well as material from Hagstofa Íslands (Statistics Iceland) regarding the nuclear family and the custody of children after divorce or break-up of parents. Finally a recent bill before Alþingi (Parliament of Iceland) is considered. The Author proposes changes to the legislation and points out areas which need improvement.

Efnisyfirlit

Formáli	1
Inngangur	2
1. kafli Sögulegt yfirlit	3
2. kafli Mannréttindi	5
2.1. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.....	6
2.2. Mannréttindayfirlýsing SP.....	6
2.3. Mannréttindasáttmáli Evrópu.....	7
2.4. Barnasáttmáli SP.....	7
3. kafli Lagaumhverfi	9
3.1. Þróun íslenskrar barnalöggjafar.....	9
3.1.1. Tímabilið fram til 1921.....	9
3.1.2. Tímabilið frá 1921 til 1981.....	11
3.1.3. Tímabilið frá 1981.....	13
3.2. Helstu atriði í íslenski löggjöf er snerta stöðu feðra.....	15
3.2.1. Faðerni barns.....	16
3.2.2. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar.....	17
3.2.3. Forsjá barns.....	17
3.2.4. Umgengni við börn.....	18
3.2.5. Framfærsla barns.....	19
3.2.6. Ættleiðing barns.....	21
3.2.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns.....	21
3.2.8. Eyðing fósturs.....	22
3.3. Helstu atriði í danskri löggjöf er snerta stöðu feðra.....	22
3.3.1. Faðerni barns.....	23
3.3.2. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar.....	25
3.3.3. Forsjá barns.....	25
3.3.4. Umgengni við barn.....	26
3.3.5. Framfærsla barna.....	27
3.3.6. Ættleiðing barns.....	28
3.3.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns.....	28
3.3.8. Eyðing fósturs.....	31
3.4. Helstu atriði í norskri löggjöf er snerta stöðu feðra.....	31
3.4.1. Faðerni barns.....	31
3.4.2. Greiðsla vegna meðgöngu og barnsburðar.....	32
3.4.3. Forsjá barns.....	32
3.4.4. Umgengni við barn.....	34
3.4.5. Framfærsla barna.....	35
3.4.6. Ættleiðing barna.....	37
3.4.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns.....	37
3.4.8. Eyðing fósturs.....	39

3.5. Samanburður	40
3.5.1. Faðerni barns.....	40
3.5.2. Greiðslur vegna meðgöngu barnsburðar	41
3.5.3. Forsjá barns.....	42
3.5.4. Umgengni við barn	43
3.5.5. Framfærsla barns.....	44
3.5.6. Ættleiðing barns	46
3.5.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns	47
3.5.8. Eyðing fósturs	50
4. kafli Staða feðra í faðernis og forsjármálum.....	51
4.1. Faðerni	52
4.2. Forsjá, lögheimili, meðlag og umgengni	55
5. kafli Þróun og framtíðarhorfur	61
5.1. Frumvarp til breytinga á barnalögum	61
5.1.1. Umræður um frumvarpið og staða þess í ferlinu nú	63
5.2. Félög og stofnanir sem tengjast málefnum barna og foreldra.....	63
5.2.1. Félag um foreldrajafnrétti	64
5.2.2. Félag einstæðra foreldra.....	64
5.2.3. Umboðsmaður barna.....	64
5.2.4. Jafnréttisstofa	65
5.3. Tillögur að og ábendingar um lagabreytingar.....	65
5.3.1. Faðerni	65
5.3.2. Forsjá, lögheimili, meðlag og umgengni	65
Samantekt og niðurstöður	67
Heimildaskrá	69
Dómaskrá	72
Lagaskrá.....	73
Skammstafanir	78

Formáli

Ritgerð þessi er á sviði sifjaréttar og er megin áherslan lögð á stöðu feðra gagnvart barni sínu. Hún er ávöxtur af rannsóknum höfundar á réttindum og skyldum feðra við barn sitt eins og þau birtast í íslenskri löggjöf. Einnig hefur höfundur skoðað sömu atriði í löggjöf Norðmanna og Dana. Við val á samanburðarlöndum var m.a. haft til hliðsjónar að annað landið hefur um langt skeið átt aðild að Evrópusambandinu.

Höfundur ritgerðarinnar er 25 ára gömul gift kona sem á 5 ára dóttur og 8 mánaða gamlann son. Hóf lögfræði nám við Háskólann á Akureyri haustið 2003 og lauk B.A. prófi vorið 2006. Byrjaði í M.L. námi haustið 2006.

Vinna við gagnaöflun hófst að loknum skóla vorið 2007 og var endanlegri afmörkun á viðfangsefni lokið haustið 2007. Vinna lá síðan niðri um hríð vegna barnsburðar og anna í skipulögðu námi. Í desember 2007 átti höfundur ágætan fund með leiðbeinanda þar sem lögð voru drög að efnisskipan. En ekki komst góður skriður á úrvinnslu fyrr en skóla lauk fyrir páska 2008.

Ýmsir hafa lagt mér lið á vinnslutíma ritgerðarinnar. Fyrst af öllu ber að nefna eiginmann minn, Þórð Halldórsson, sem hefur veitt mér ómetanlegan stuðning sem hér er þakkaður. Einnig fyrri leiðbeinanda, Elísabetu Sigurðardóttur, sem því miður varð að sleppa af mér hendinni vegna persónulegra ástæðna. Þakka þér Elísabet. Gísli Karlsyni þakka ég fyrir aðstoð við endursögn á norrænum textum og yfirllestur á handriti. Ég þakka Agnesi Blöndal þýðingu á útdrætti úr íslensku á ensku. Þá þakka ég Bjarneyju Bjarnadóttur og Heiðu Hauksdóttur fyrir yfirllestur og gagnlegar ábendingar varðandi stíl og stafsetningu. Listakonunni Berglindi Höllu Þórðardóttur þakka ég myndina sem prýðir forsíðu ritsins. Að lokum vil ég þakka seinni leiðbeinanda, Berglindi Svavarsdóttur, fyrir ómetanlegan stuðning á lokasprettinum og það að hún skyldi vilja taka við mér við þessar aðstæður. Kæra þökk Berglind mín.

Inngangur

Lögfræði spannar mjög víðtæk svið. Í raun er ekkert mannlegt henni óviðkomandi. Þess vegna getur verið vandasamt að velja sér ákveðið viðfangsefni innan hennar til að fjalla um í meistaraprófsritgerð.

Snemma í náminu vaknaði áhugi höfundar á mannréttindamálum enda voru þau snar þáttur á B.A. stigi námsins. Í M.L. náminu beindist áhugi höfundar að ákveðnum hluta mannréttindamála, þ.e.a.s. sifjaréttinum, og þá ekki síst málefnum á sviði barnaréttar.

Vaxandi umfjöllun í fjölmiðlum um bága stöðu fedra sem hafa ekki sama lögheimili og börn þeirra, hefur vakið athygli höfundar. Fréttir um að sett séu tálmandi skilyrði fyrir umgengnisrétti og að barn njóti ekki sömu félagslegu réttinda hjá umgengnisforeldri og búsetuforeldri er því miður staðreynd.

Eins hafa fjölmiðlar fjallað talsvert um tilraunir fólks til að hafa upp á faðerni sínu. Fullorðinn maður fór í fjórgang með mál sitt fyrir Hæstarétt áður en honum tókst að fá heimild til að gerð væri mannfæðing rannsókn til að skera úr um faðerni hans.

Ung kona, sem fékk að vita frá móður sinni að skráður faðir væri ekki faðir hennar, uppgötvaði síðar að maðurinn sem að móðurin tilgreindi sem föður var ekki faðir hennar. Hún kannaði rétt sinn til að leita föður síns í grunni Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), en hafði ekki erindi sem erfiði.

Eftir veruleg heilabrot höfundar var niðurstaðan sú að orða skyldi rannsóknarspurninguna á þessa leið: „Hvernig er réttarstaða föður gagnvart barni sínu tryggð í íslenskum rétti?“ Könnuð verða helstu fyrirmæli í íslenskum rétti og til samanburðar taka hliðstæð ákvæði í norskum og dönskum lögum.

1. kafli

Sögulegt yfirlit

Fyrir um 70.000 árum síðan er talið að mannkynið hafi verið nær útdautt vegna áfalla eins og þurrka og fleiri náttúruhamfara. Líkur hafa verið leiddar að því að stofninn hafi þá aðeins verið um 2000 manns, líklega í Afríku. Næstu mörgu árþúsundirnar fara fáar sögur af þróuninni en fyrir um 13.000 árum virðist mannkyni hafa fjölgað mikið á ný og af fornminjum má rekja ferðir þess norður á bóginn um leið og ísa tók að leysa. Fyrst héldu fámennar fjölskyldur hópinn, fáir tugir manna, og framfleyttu þeir sér með söfnun jurta og dýraveiðum. Seinna stækkuðu hóparnir og urðu að ættflokkum með nokkur hundruð meðlimum. Framfærslan var þó hin sama og búseta þar sem best var til fanga hverju sinni. Vegna fólksfjölgunar kom að því að það þrengdist um fæðu og þá er talið að ræktun matjurta hafi byrjað og búseta því bundist við ræktunarlendið. Konur munu hafa stundað ræktunina og standa fyrir búskapnum en karlar stunduðu veiðar. Þetta fyrirkomulag hefur stundum verið kallað mæðraveldi og minnir um sumt á stöðu íslensku bóndakonunnar þegar maður hennar var langtímum til sjós í fjarlægum verstöðvum. Samtímis því að veiðiálagið jókst fækkaði stórum veiðidýrum, væntanlega undir lok síðustu ísaldar, og hófst þá búfjárrækt með því að menn tóku að temja villt dýr sér til framfærslu. Þegar enn fór fjölgandi, fóru fleiri stórfjölskyldur að slá sér saman undir stjórn eins höfðingja. Við það virðist hafa myndast ný samfélagsgerð. Í stað þess að innan fjölskyldunnar og ættflokksins ríkti talsvert jafnrétti þótt einn eða fáir veldust til forystu á eigin verðleikum, þá komu höfðingjarnir til sögunnar sem ríkja yfir þúsundum manna, jafnvel fáum tugum þúsunda. Þetta samfélagsform hefur verið kallað höfðingjaveldið. Talið er að stéttaskiptingin hafi þá orðið til ásamt verkaskiptingunni. Þá var einnig tekin upp skattheimta, trúarbrögð þróuðust og fljótlega gekk höfðingjavaldið í erfðir. Lokastigið er svo myndun ríkja eins og við þekkjum í dag, þar sem íbúafjöldinn telst oftast í milljónum og í tveimur tilvikum í milljörðum. Eftir því sem samfélögin urðu stærri varð þörfin fyrir opinbera stjórnsýslu meiri og með henni þörfin til að skrásetja stjórnarathafnir. Það er því sennilega engin tilviljun að ritlistin virðist hafa þróast sjálfstætt á mörgum stöðum í heiminum og á breytilegum tímum en þó alltaf í takti við eftirspurn í stjórnsýslu stórra samfélaga, ríkisheilda.¹

¹ Jared Diamond, 1998: 265-292.

Elsta lagasafn sem vitað er um, er kennt við Urnammu sem ríkti í Úr í Mesopotamíu um 2100 f.k. Væntanlega voru þau skráð með fleygrúnum á leirtöflur að hætti Súmera.² Nefna má einnig fyrstu skráðu lög Rómverja sem kölluðust Tólftöflulögin frá 450 f. k. Voru þar skráð hefðargild réttarákvæði sem að mati Titusar Liviusar, sagnaritara, urðu uppspretta alls opinbers og einkalegs réttar.³

Við upphaf Alþingis Íslendinga 930 var Lögrétta sett á fót, löggjafarsamkunda, sem starfaði allt til 1271 að Járnsíða var lögtekin. Þetta var áður en ritöld hófst á Íslandi og kaus lögrétta því lögsögumann til að varðveita lögin í minni og segja þau upp, þriðjung á þingi hverju en þingsköp árlega. Hést þessi háttur á fram að ritun Hafliðaskrár 1117-1118. Kjörtímabil lögsögumanns var 3 ár, og mátti endurkjósa hann og var það oft gert. Ritun íslensku laganna á seinni hluta þjóðveldisaldar (930-1262) var að því leyti sérstök að þau voru skrifuð á íslensku en ekki latínu sem notuð var víðast annarstaðar á sama tíma. Þetta leiddi til þess að læsi var snemma útbreitt í landinu. Íslensku lögin ganga undir heitinu Grágás og voru nýlega gefin út (2001) með nútíma stafsetningu.⁴ Járnsíða var ekki langlíf í íslenskri réttarsögu því Jónsbók leysti hana af hólmi 1281 og gildi nær óbreytt fram á 16. öld og enn finnast nokkur ákvæði hennar í íslenska lagasafninu.⁵

Að lokum er rétt að geta þess að sú þróun í samfélagsgerð sem rakin er í upphafi þessa kafla er mjög gróf og gerðist á mismunandi tímum í hinum ýmsu heimshlutum. Er varla lokið enn meðal frumstæðra ættflokka á Amasonsvæðinu og í Nýju Gíneu. Stefán G. Stefánsson, Klettafjallaskáld, sem var ættaður úr Skagafirði en gerðist landnemi í Kanada á síðasta hluta 19. aldar, fjallar ágætlega um stétta- og verkskiptingu í eftirfarandi vísu:

Löngum var ég læknir minn,
lögfræðingur, prestur,
kóngur, smiður, kennarinn
kerra, plógur, hestur.

² Randi og Gunnar Háland, 1988: 94.

³ Rudi Thomsen, 1988: 244 og 253.

⁴ Íslenska Alfræðiorðabókin H-O. 1990: 431.

⁵ Íslenska Alfræðiorðabókin H-O. 1990: 220.

2. kafli

Mannréttindi

Í þessum kafla verður leitast við að skoða þau ákvæði sem kunna að hafa haft áhrif á gildandi löggjöf hvað varðar réttindi feðra, hvort sem þau birtast í formi samninga, laga eða yfirlýsinga.

Mannréttindi eru þau réttindi sem eru hvað þýðingarmest meðal þjóða heims. Þau verða seint tæmandi talin, en sem dæmi má nefna réttinn til lífs, skoðana, athafna og svo margt fleira. Allt eru þetta réttindi sem menn eiga að geta notið án takmarkana ríkisvaldsins nema þeir gangi á rétt annarra. Þó hefur ríkið vissulega þeim skyldum að gegna að tryggja okkur þessi réttindi með settum samskiptareglum í okkar þjóðfélögum. Mikil samstaða hefur verið meðal þjóða heims og hafa þær í gegnum alþjóðastofnanir eða alþjóðlegt samstarf lagt grunninn að því að almenn mannréttindi séu virt. En ekkert er fullkomið í þessum heimi og því miður eru sumar þjóðir komnar styttra á veg en aðrar í að viðurkenna grundvallar mannréttindi.

Eins og nefnt var hér að ofan þá hafa hin ýmsu ríki komið sér saman um samninga og/ eða yfirlýsingar til að stuðla að betri samskiptum okkar borgaranna. Hér á eftir verður stuttlega fjallað um þá helstu samninga eða yfirlýsingar sem spanna mannréttindi og varðað geta réttindi og skyldur föður gagnvart barni sínu. Rétt er að gera grein fyrir muninum á hugtökunum samningur annarsvegar og yfirlýsingu hinsvegar. Einnig verður í kaflanum fjallað um mannréttindarákvæði stjórnarskrár Íslands.

Mannréttindasamningar eru samningar milli ríkja, ýmist á vegum Sameinuðu þjóðanna (SP) eða ríkja á afmörkuðum svæðum. Samningarnir eru bindandi að þjóðarétti fyrir ríkin sem staðfesta samninginn.⁶ Á Íslandi er byggt á kenningunni um tvíeðli, það byggist á því að vettvangur landsréttar og þjóðaréttar sé aðskilinn. Það er skylda Íslands sem aðili samnings, sem hefur ekki verið lögfestur, að leitast jafnan við að túlka landslög sín í samræmi við þjóðarétt en ekki í andstöðu við hann. Ákvæði samningsins víkja því ekki fyrir landslögum, en engu að síður eru samningarnir víkjandi réttarheimild.⁷

Mannréttindayfirlýsingar eru ekki bindandi að þjóðarétti, heldur eru þær viljayfirlýsingar, oft eru þær þó undanfarar bindandi samninga. Enda eru sumir fræðimenn þeirrar skoðunar að t.d.

⁶ Mannréttindastofa Íslands, <http://www.mannrettindi.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/>

⁷ Gunnar G. Schram, 1999: 457.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (SÞ) sé bindandi að þjóðarétti og hafi vægi réttarvenju, enda hafi margir helstu leiðtogar heims vitnað til yfirlýsingarinnar.⁸

2.1. Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands

Eftir að hafa verið þjóðveldi frá árunum 930-1262 því næst konungdæmi 1262-1944, urðum við loks lýðveldi þann 17. júní 1944. Stjórnarskrá okkar Íslendinga, sem að stofni til er frá 1944, setur löggjöf okkar ramma og er réttþærri en almenn lög. Í stjórnarskránni er sérstakur mannréttindakaflí, sem reyndar kom nýr inn með stjórnskipunarlægum nr. 97/1995, og er jafnræðisreglan í upphafsákvæði þess kafla. Þessi kaflí er númer VII. og er jafnframt síðasti kaflí stjórnarskrárinnar.⁹ 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Í 2. mgr. sömu greinar segir ennfremur:

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Um réttindi barna er fjallað í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir:

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

2.2. Mannréttindayfirlýsing SÞ

Hér verða rakin helstu ákvæði yfirlýsingarinnar sem tengjast stöðu föður í íslenskri barnalöggjöf.

Má þá fyrst nefna 16. gr. yfirlýsingarinnar:

Konum og körlum, sem hafa aldur til þess að lögum, skal heimilt að stofna til hjúskapar og fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis um stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.

Eigi má hjúskap binda, nema bæði hjónaefni samþykki fúsum vilja.

Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins, og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana.

Í ákvæðinu eru settar skyldur á herðar ríkisins um að vernda beri fjölskylduna. Fjölskyldan gegnir mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu, m.a. því að skila fólki sem hæfustu út í lífið. Fjölskyldumynstur og aðstæður skipta gríðarlegu máli fyrir barn sem er að vaxa upp og jafnvægi

⁸Mannréttindastofa Íslands, <http://www.mannrettindi.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/>

⁹Þingskjal 142, 119. löggjafarþing 1. mál: stjórnarskipunarlög (mannréttindaákvæði). Lög nr. 97 28. júní 1995.

í lífi barnanna er ávísun á hamingju þeirra og velfarnað. Að lokum er athyglisvert að líta á 25. gr. yfirlýsingarinnar, en hún hljóðar svo:

Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert.

Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn, skilgetin sem óskilgetin, skulu njóta sömu félagsverndar.

2.3. Mannréttindasáttmáli Evrópu

Mannréttindasáttmáli Evrópu hefur lagagildi á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Með lögfestingu sáttmálans öðlast ákvæði hans bein réttaráhrif og er formlega skipað á bekk með almennum lögum.¹⁰

Í 14. gr. sáttmálans er lögð bann við mismunun, en greinin hljóðar svo:

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Hér er enn og aftur verið að kveða á um jafnrétti, allir eru jafnir. Við megum ekki mismuna fólki hvernig sem það er, jafnvel ekki þó það sé móðir eða faðir, mismunun er ójafnrétti. Einnig má nefna samningsviðauka nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis. En þar er í 5. gr. kveðið á um jafnrétti hjóna. Þar segir:

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

Hér getur ríkið gripið inn í ef hagsmunir barna eru í húfi.

Við samningu barnalaga nr. 76/2003 var höfð hliðsjón af ákvæðum í Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. kafla 3.1. hér að aftan.

2.4. Barnasáttmáli SP

Þann 20. nóvember 1989 var Barnasáttmálinn, fullbúinn til undirritunar og fullgildingar, lagður fyrir Allsherjarþing SP. Ísland fullgilti Barnasáttmálann 28. október 1992. Með tilkomu sáttmálans voru réttindi barna í fyrsta sinn innleidd í alþjóðalög. Samningurinn felur í sér

¹⁰ Davíð Þór Björgvinsson, 2003:157.

skuldbindandi samkomulag þjóða heimsins og þannig skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja börnum innan sinnar lögsögu, einstaklingum undir 18 ára aldri, öll þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum. Einnig eiga ríkin að leggja fram skýrslu um framkvæmd sáttmálans í sínu heimaríki, fyrst tveimur árum eftir fullgildingu og svo á fimm ára fresti.¹¹

Það ákvæði sáttmálans sem hvað mest snertir stöðu feðra er 18. gr. sáttmálans, hún hljóðar svo:

Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna.

Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á.

Í greininni er lögð áhersla á rétt barna til að njóta beggja foreldra sinna.

Einnig má nefna 9. gr. sáttmálans þar sem kveðið er á um að aðildarríki skuli eftir fremsta megni reyna að koma í veg fyrir aðskilnað barns og foreldris ef barn óskar þess.

Aðildarríki skulu tryggja að barn sé ekki skilið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema þegar lögbær stjórnvöld ákveða samkvæmt viðeigandi lögum og reglum um málsmeðferð að aðskilnaður sé nauðsynlegur með tilliti til hagsmuna barnsins enda sé sú ákvörðun háð endurskoðun dómstóla. Slík ákvörðun kann að vera nauðsynleg í ákveðnum tilvikum, svo sem ef barn sætir misnotkun eða er vanrækt af foreldrum sínum, eða þegar foreldrar búa ekki saman og ákveða verður hver skuli vera dvalarstaður þess.

Við alla málsmeðferð samkvæmt 1. tölul. þessarar greinar skal veita öllum aðilum sem hagsmuna hafa að gæta kost á að taka þátt í málsmeðferð og að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Aðildarríki skulu virða rétt barns sem skilið hefur verið frá foreldri eða foreldrum sínum til að halda persónulegum tengslum og beinu sambandi við þau bæði með reglubundnum hætti, enda sé það ekki andstætt hagsmunum þess.

Nú á aðskilnaður rætur að rekja til aðgerða af hálfu aðildarríkis, svo sem varðhalds, fangelsunar, útleðar, brottvísunar úr landi eða andláts annars hvors foreldranna eða beggja eða barnsins (þar á meðal andláts af hvaða orsök sem er meðan ríkið hafði hinn látna í gæslu), og skal þá aðildarríkið þegar þess er beiðst veita foreldrunum eða barninu, eða öðrum í fjölskyldu þeirra ef við á, nauðsynlega vitneskju um hvar þeir fjölskyldumeðlimir eru niðurkomnir, sem fjarverandi eru, enda skaði það ekki barnið að láta vitneskjuna í té. Aðildarríki skulu enn fremur sjá til þess að það eitt að slík beiðni sé borin fram hafi ekki slæmar afleiðingar fyrir það fólk sem í hlut á.

Aðskilnaður getur þó verið nauðsynlegur með tilliti til hagsmuna barnsins.

Við samningu barnalaga nr. 76/2003 var höfð hliðsjón af ákvæðum í Barnasáttmála SÞ, sbr. kafla 3.1. hér að aftan.

¹¹ Þórhildur Líndal, 2007: 6.

3. kafli

Lagaumhverfi

3.1. Þróun íslenskrar barnalöggjafar

Það er rétt að gera sér grein fyrir því að fjölskyldan, sem félagslegt fyrirbæri, hefur tekið endurteknum og miklum breytingum. Því byggir löggjöfin í dag á allt öðrum grunni og gildum miðað við aðstæður á fyrri tímum.

3.1.1. Tímabilið fram til 1921

Rauði þráðurinn í barnalöggjöf okkar á fyrri öldum var flokkun barna í skilgetin og óskilgetin börn. Líklega má rekja það til þess að einkvænisskipulagið var ekki búið að festa rætur á þeim tíma. Ekkert þótti athugavert við það þó maður ætti börn með fleiri konum en einni. En svo festi einkvænisskipulagið sig í sessi og á kirkjan líklega sinn þátt í því.¹²

Á þjóðveldisöld var réttarstaða óskilgetinna og skilgetinna barna ólík. Samkvæmt Grágás var skilgetið barn talið vera getið eftir brúðkaup foreldranna. Á þjóðveldisöld var einnig greint á milli fleiri flokka barna. Má þá sem dæmi nefna hórbörn, það voru börn sem getin voru við hjúskaparbrot foreldra. Þau börn fengu t.d. ekki erfðarétt eftir föður sinn. Svo má að auki nefna frillubörn, en það voru börn sem getin voru í óvígðri sambúð foreldra.¹³

Vegna áhrifa frá kirkjunni, var slakað nokkuð á þessari línu. Fleiri börn töldust þá skilgetin. Í Kristnirétti Árna biskups Þorlákssonar frá 1275 gildi sú regla að börn teldust skilgetin ef þau voru alin upp í hjúskap.¹⁴

En þessi ólíka réttarstaða skilgetinna og óskilgetinna barna lýsti sér best í því að óskilgetin börn voru utan fjölskyldubanda. Þeim var ekki tryggt neitt samneyti við föður eða fjölskyldu hans. Faðirinn var þó framfærsluskyldur. Þrátt fyrir það áttu mörg óskilgetin börn engan erfðarétt eftir föður. Með Norsku lögum frá 1683 var enn nokkuð slakað á þessu, en þá gat maður að vissum skilyrðum uppfylltum látið þinglýsa yfirlýsingu um að hann væri faðirinn.

¹² Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 41.

¹³ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 42.

¹⁴ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 42.

Hvað varðar erfðaréttinn, þá var það misrétti ekki afnumið hér á landi fyrr en með erfðalögum nr. 8/1962 er óskilgetin börn fengu erfðarétt.¹⁵

Faðernisreglan gildi um skilgetin börn, eiginmaður móðurinnar var talinn faðirinn. Það var samt reynt að feðra óskilgetin börn. Það var skylt að spyrja móður, sem ekki var í hjúskap, um faðerni barns hennar. Heimildir var að þvinga hana til að segja til um það með pyntingum eða eiði. Í Grágás kemur fram að sönnunarbyrði í faðernismálum hvíldi á sóknaraðila og sönnunargögnin á þeim tíma voru járnburður karla og ketiltak konu.¹⁶

Með bréfi 2. maí 1732 var lögfest hér á landi ákvæði úr Norsku lögum, en þar var kveðið á um heimild manns að synja um faðerni með eiði. Þetta ákvæði gildi þar til lög nr. 46/1921 tóku gildi.¹⁷

Í Barnarétti Davíðs Þórs Björgvinssonar segir:

Fyrir gildistöku laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, töldust eftirtalin börn skilgetin samkvæmt eldri reglum: a) börn sem getin voru í hjónabandi, enda þótt þó væru fædd utan hjónabands, þ.e. eftir að hjúskap var slitið vegna andláts eða skilnaðar, b) börn sem fædd voru í hjónabandi, en getin utan þess, þ.e. áður en til þess var stofnað, og c) börn sem getin voru og fædd utan hjónabands, ef foreldrarnir gengu einhvern tíma í hjúskap á meðan börnin lifðu, sbr. NL 5-2-32. Að síðustu var svo unnt að veita óskilgetnum börnum réttarstöðu skilgetinna barna með skilgerð. Tók það m.a. til barna er maður lýsti börn sín á þingi, sbr. NL 5-2-71.¹⁸

Hugtakið forsjá, eins og talað er um í dag, var hér áður fyrr nefnt foreldravald eða forræði. Eftir forngermönskum rétti var vald foreldra og þá einkum feðra yfir börnum sínum litlum takmörkunum bundið. Þetta vald birtist í ýmsum myndum. Má sem dæmi nefna að faðir réði ráðahag dóttur sinnar, gat þá faðir (stundum móðir) ráðstafað henni til hjúskapar gegn vilja hennar. Þessar reglur tóku að breytast vegna áhrifa kirkjunnar. Samkvæmt Grágás þá bendir margt til þess að agavald hafi verið hjá föðurnum. Síðar komu til ákvæði úr norskrum löggjöf þar sem barni var refsað fyrir að formæla foreldrum sínum. Í tilskipun 3. júní 1746 um húsaga er að finna heimildir fyrir foreldra til að beita börn sín valdi. Einnig var mælt fyrir um ákveðnar skyldur sem foreldri bar gagnvart barni sínu, m.a. að uppfærða það, kenna því góða siði og fleira. Hinsvegar var ekkert ákvæði sem heimilaði refsingar vegna illrar meðferðar foreldra á barni sínu.¹⁹

¹⁵ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 43-44.

¹⁶ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 43.

¹⁷ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 43.

¹⁸ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 44.

¹⁹ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 44-45.

Framfærsluskylda foreldra gagnvart barni sínu hefur ávalt verið rík. Í Grágás er kveðið á um framfærsluskyldu föður og ætt hans gagnvart óskilgetnu barni. Litið var á samneyti við og barneign með ógiftri konu sem brot gegn henni og ætt hennar, og kom þá framfærslan í stað einhverskonar miskabóta.²⁰

Með tilskipun 14. október 1763 var kveðið á um framfærsluskyldu beggja foreldra óskilgetins barns. Þar var t.d. mælt fyrir um meðgjöf úr hendi föður og að faðir skyldi greiða það til 10 ára aldur barnsins. Ef faðirinn var fátækur eða ekki náðist í hann, þá átti móðirin engan rétt til meðgjafar frá framfærslusveit föður. Það var ríkjandi sjónarmið að koma í veg fyrir að barn lenti á framfæri sveitarfélaga.²¹

Með lögum nr. 9/1890 um meðgjöf með óskilgetnum börnum kemur fram að óskilgetið barn átti rétt til uppeldisfjár úr dánarbúi látins föður. Einnig eru raktar skyldur sveitarfélags föður til að leggja fram meðgjöf með barni. Það ákvæði var þó þeim takmörkunum háð, að faðirinn varð að vera enn á lífi og innan lands. Ef þessu var ekki fullnægt, þá var það framfærslusveit móður sem greiddi móður og barni sveitarstyrk til framfærslu.²²

Reglurnar um framfærsluskyldu foreldra tóku breytingum með gildistöku fátækralaga nr. 44/1905, sbr. 79. gr. Þar var byggt á meginreglunni um framfærsluskyldu beggja foreldra. Þar var jafnframt réttarstaða móður bætt með því að felldar voru niður takmarkanir fyrir því að framfærslusveit föður greiddi meðgjöf með óskilgetnum börnum. Þannig gat sveitafélagið ekki endurheimt framlagið úr hendi föður, t.d. með því að láta hann vinna það af sér.²³

3.1.2. Tímabilið frá 1921 til 1981

Árið 1921 urðu þáttaskil í löggjöf er varðar réttarstöðu barna hér á landi. Tvenn lög komu til, annarsvegar lög nr. 46/1921 um afstöðu til óskilgetinna barna og hinsvegar lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Með fyrrnefndu lögnum voru felld niður mörg eldri lagaákvæði. Við lagasetninguna var litið til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Helsti tilgangur löggjafarinnar var að jafna sem mest réttarstöðu skilgetinna og óskilgetinna barna. Þó var réttarstaða þeirra ekki jöfnuð að öllu leyti. Megin tilgangur síðarnefndu laganna var að safna saman á einn stað dreifðum ákvæðum um afstöðu foreldra í hjúskap til barna sinna og gera

²⁰ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 45.

²¹ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 45.

²² Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 45.

²³ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 46.

breytingar í samræmi við réttarnýjungar er komnar voru fram á hinum Norðurlöndunum. Lögum þessum var breytt þó nokkuð áður en þau voru felld úr gildi. Má nefna sem dæmi ákvæði um foreldravald, sem tekin voru upp í 22. gr. og 23. gr. þágildandi lögræðislaga nr. 95/1947 og einnig erfðaákvæði sem tekin voru upp í 50. og 51. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Lögum nr. 46/1921 var breytt þó nokkuð, þangað til að lögin voru tekin til heildarendurskoðunar með lögum nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Síðast nefndu lögin fólu í sér miklar réttarbætur fyrir móður óskilgetins barns. Má þar nefna að erfðaréttur óskilgetins barns eftir föður var rýmkaður.²⁴

Í lögum nr. 57/1921 kom fram að börn teldust skilgetin ef þau fæddust í hjónabandi eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að þau gætu hafa verið getin í hjúskapnum. Einnig fengu börn réttarstöðu skilgetinna barna þótt þau væru getin utan hjúskapar ef foreldrar þeirra gengu síðar í hjúskap. Gengið var út frá þeirri reglu að eiginmaður móður teldist faðir barna sem hún ól, þó sú regla hafi ekki verið lögfest berum orðum. Í lögnum hét einn kaflinn foreldravald, þar sem lögð var áhersla á vald foreldra yfir börnum sínum. Þar kom fram að umráðaréttur foreldra yfir börnum sínum héldist þar til börnin næðu 16 ára aldri, og var foreldrum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi. Foreldrar sem voru í samvistum fóru saman með forsjá barna sinna, sama gildi um stjúeforeldri ef stjúpbarn var á framfæri þess. Í lögnum var einnig tekið á því að ef ágreiningur varð milli foreldra í samvistum um tiltekna ráðstöfun vegna barna sinna sem hafði fjárútlát í för með sér, þá réði það foreldri sem vildi leggja fram fé vegna ráðstöfunarinnar af séreign sinni eða framfærði aðallega heimilið. Helstu skyldur foreldra sem komu fram í lögnum var að þeim væri skylt að ala upp börn sín til 16 ára aldurs, þau þyrftu að afla börnum sínum lögmaeltrar fræðslu og temja þeim iðjusemi og siðgæði.²⁵

Meginreglan í lögum nr. 46/1921 um forráð óskilgetinna barna var sú að þau skyldu vera hjá móður. Fram kom í greinagerð með frumvarpinu að „samkvæmt náttúrunnar lögmáli yrði að fela móðurinni uppeldi barna hennar umfram föðurinn“. En þá fór móðirin ein með foreldravaldið. Þessi lög voru svo felld úr gildi og komu í raun þrenn ný lög í staðinn. Þá ber fyrst að nefna lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, framfærslulög nr. 80/1947 og svo lögræðislög nr. 95/1947.²⁶

²⁴ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 46.

²⁵ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 47-48.

²⁶ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 49.

Litlar breytingar voru gerðar á lögum nr. 57/1921, en þar var rauði þráðurinn sá að foreldrum væri báðum skylt að framfæra börn sín til 16 ára aldurs. Ef hjón voru ekki samvistum, þá bar því foreldri sem ekki var með barnið að fullnægja framfærsluskyldu sinni með greiðslu meðlags. Meðlagsfjárhæðin tók mið af fjárhag beggja foreldra. Meðlagið átti að veita barninu nauðsynlegt lífsviðurværi.²⁷

Í lögum nr. 46/1921 var ákvæði um að móðir bæri skylda til að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt. Framfærsluskylda móður óskilgetins barns var sú sama og framfærsluskylda foreldra skilgetins barns. Faðir sem gengst við óskilgetnu barni bar sömu skyldu. Með þessum lögum var aukið þó nokkuð við skyldur framfærslusveitar föður og réttur móður og barns til heimtu meðlags var einnig bættur.²⁸

Með lögum nr. 87/1947 voru gerðar nokkrar réttarbætur handa móður óskilgetins barns. Þá gat hún krafist greiðslu meðlags samkvæmt úrskurði Tryggingarstofnunar ríkisins (TR). Meðlag frá TR var þó bundið við fjárhæð barnalífeyris.²⁹

3.1.3. Tímabilið frá 1981

Með barnalögum nr. 9/1981 urðu enn þáttaskil í löggjöf Íslands um málefni barna. Breyttar hugmyndir um sambúðarform réðu þar úrslitum. Var hjúskapur og óvígð sambúð lögð að jöfnu. Þetta varð til þess að réttarstaða skilgetinna og óskilgetinna barna jafnaðist til muna. Þessi lög eru talin hafa hvílt á þremur megin stöðum: Skilgetin og óskilgetin börn, réttarstaða barnsins og jafnrétti föður og móður. Hvað varðar skilgetin og óskilgetin börn þá var í lögnum reynt að jafna sem mest stöðu þeirra. Helst voru það mismunandi feðrunarreglur sem skildu á milli þessara tveggja hópa. Í 2. mgr. 1. gr. þessara laga kom fram að réttarstaða þessara tveggja hópa barna væri í hvívetna hin sama, nema að lög mæltu á annan veg. Einnig var lögfestur umgengnisréttur föður við óskilgetið barn sitt. Önnur stöðin var réttarstaða barnsins. Í lögnum er megin hugmyndin sú að hagsmunir barnsins gangi fyrir. Má sem dæmi nefna að lagt var niður hugtakið foreldravald og þess í stað var tekið upp hugtakið forsjá. Úrslitum mála skyldu ráðið þannig að þörfum og hagsmunum barnanna skyldi gætt í hvívetna. Hagsmunir barnanna gengu frammar hagsmunum foreldranna. Þriðja stöðin varðaði jafnrétti móður og föður. Lögð var áhersla á að jafna stöðu móður og föður, t.d. hvað varðar rétt þeirra til forsjár barns. Í lögnum var óvígð

²⁷ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 50.

²⁸ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 50.

²⁹ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 51.

sambúð lögð að jöfnu við hjúskap og mun sú breyting hafa orðið til þess að styrkja réttarstöðu föður. Þá áttu móðir og faðir, sem greinir á um forsjá barns, að standa jöfn. Sameiginleg ákvæði voru í lögnum um framfærslu óskilgetinna og skilgetinna barna. Einnig var vikið að stjúp börnum og fósturbörnum. Þá ber helst að nefna að framfærslualdur var hækkaður í 18. ár. Einnig má nefna að fjárhæð framfærslueyrisins tók mið af stöðu foreldra og þörfum barnanna.³⁰

Lögum nr. 9/1981 var breytt lítilsháttar með lögum nr. 44/1985. Lögin voru svo felld úr gildi með lögum nr. 20/1992. Með þeim lögum voru gerðar miklar breytingar á íslenskum barnarétti og ýmis nýmæli tekin upp. Má þá fyrst nefna að lögin heimila foreldrum sem búa ekki saman að semja um sameiginlega forsjá barns. Einnig má nefna að þá var dómstólum fyrst beinlínis falin úrlausn forsjármála.³¹

Að lokum má nefna að árið 1999 fól dómsmálaráðherra sifjalaganefnd að endurskoða barnalög nr. 20/1992. Þeirri vinnu lauk snemma árs 2003. Nefndin gaf hinum ýmsu félögum er málið varðaði, tækifæri á því að tjá sig um niðurstöður nefndarinnar. Einnig var tekið mið af þeim alþjóðlegu samningum og samþykktum sem Ísland er aðili að. Má þar sérstaklega nefna samning SP um réttindi barnsins og Mannréttindasáttmála Evrópu, sjá 2. kafla hér að framan. Einnig hafði Sifjalaganefnd til hliðsjónar norrænt samstarfi á sviði sifjaréttar og fleira. Á þessum grunni var samið lagafrumvarp sem hlaut samþykki Alþingis sem lög nr. 76/2003.³²

Helstu nýmæli sem varða réttindi og skyldur föður eru t.d. skylda móður til að feðra barn sitt, eins og kemur fram í 1. gr. laganna, en slíkt ákvæði var ekki í eldri lögum. Með þessu ákvæði er einmitt verið að stuðla að því að barn þekki báða foreldra sína. Allavega á það rétt á því, eins og kveðið er á um í Samningi SP. Nefndin ákvað að beita ekki viðurlagaákvæði feðri móðir ekki barn sitt. Litið var til reynslu Dana, sem fannst viðurlög ekki skila þeim árangri sem ætlað var.³³

Næst má nefna að einfaldaðar voru reglur um feðrun barna. Þó er það þannig að barn karls og konu sem búa saman verður ekki sjálfkrafa feðrað nema þau hafi skráð sambúð sína í þjóðskrá.³⁴

³⁰ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 52-53.

³¹ Davíð Þór Björgvinsson, 1995: 52.

³² Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 11.

³³ Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 13-14.

³⁴ Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 14.

Einnig má nefna nýmæli um réttarstöðu sæðisgjafa. Þar kemur fram að hann teljist ekki faðir barns hafi hann gefið sæðið í þeim tilgangi að það verði notað í tæknifrjóvgun á annarri konu en eiginkonu sinni eða sambúðarkonu. Miðað er við að tæknifrjóvgun fari fram í samræmi við ákvæði laga um tæknifrjóvgun. Að öðrum kosti telst sæðisgjafinn vera faðirinn.³⁵

Næst má nefna heimild manns sem telur sig föður barns til að höfða faðernismál, enda hafi barnið ekki verið feðrað, sbr. nánari umfjöllun um **H. 419/2000 þann 18. desember 2000**, í kafla 4.1.³⁶

Fleiri nýmæli voru í lögnum þó þeirra verði ekki getið hér.

3.2. Helstu atriði í íslenskri löggjöf er snerta stöðu feðra

Þegar verið er að skoða íslenska löggjöf sem spannar stöðu feðra gagnvart barni sínu, þá þarf að skoða nokkra lagabálka. Eftirfarandi greining á lögum er ekki tæmandi á sviði sifjaréttar, en að mati höfundar nægileg til að varpa ljósi á rannsóknarspurninguna.

Fyrst ber að nefna gildandi barnalög nr. 76/2003, en þeim voru gerð nokkur skil í kaflanum hér að framan og því ekki ástæða til að rekja þau frekar.

Næst ber að nefna barnaverndarlög nr. 80/2002. Lögin fara ekki mikið inn á efni ritgerðarinnar. Því taldi höfundur ekki ástæðu til að skoða þau nánar.

Í þriðja lagi ber að nefna ættleiðingarlög nr. 130/1999. Lögin hafa tekið þó nokkrum breytingum, sérstaklega þar sem nýverið hefur samkynhneigðum verin gefin kostur á að ættleiða.

Í fjórða lagi má nefna lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.

Einnig má nefna Hjúskaparlög nr. 31/1993. Þau hafa einnig tekið einhverjum breytingum t.d. þar sem að lög um staðfesta samvist vitna oft til ákveðinna kafla þessara laga. En hjúskaparlögin taka ekki til óvígðar sambúðar.

Lög nr. 87/1996 um staðfesta samvist. Þar er ekkert farið inn á rétt þeirra til barns, aðallega er vitnað í hjúskaparlögin og svo taka ættleiðingarlögin á því hverjir geta ættleitt og fólk í staðfestri samvist getur gert það.

Skoðað var eitt ákvæði í Almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Skoðuð voru lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisgerðir.

³⁵ Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 14.

³⁶ Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 15.

3.2.1. Faðerni barns

Í 1. gr. barnalaganna er skýrt kveðið á um þá skyldu móður að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur í 2. gr. eiga ekki við. Geri móðir það ekki og barnið hefur náð sex mánaða aldri þá skal, samkvæmt 7. gr., sýslumaður skora á móður að feðra barn sitt. Í greininni er afdráttarlaus réttur barns til að þekkja báða foreldra sína tryggður

Hér á landi gildir svokölluð *Pater est* regla sem er faðernisregla og þýðir „faðir er“. Sú regla er staðfest í 2. gr. þar sem segir að eiginmaður telst faðir ef barn er alið í hjúskap eða svo skömmu eftir hjúskaparslit að barnið sé hugsanlega getið í hjúskapnum. Þetta á ekki við ef móðir hefur gengið í hjúskap eða skráð sambúð sína með öðrum manni áður en barn fæðist. Í 1. mgr. 2. gr. segir að ef móðir skráir sig fyrir fæðingu barns í sambúð með manni sem hún hefur lýst föður að barni sínu telst hann faðir þess. Ef móðir gengur í hjúskap/skráir sig í sambúð eftir fæðingu barns, með manni sem hún hefur lýst föður telst hann faðir ef barnið er enn ófeðrað, sbr. 3. mgr.

Í 4. gr. barnalaga er talað um faðernisviðurkenningu, þegar maður gengst við barni sem einhleyp kona kennir honum. Maður skal gefa skriflega og vottfesta yfirlýsingu, sbr. 1. mgr. 4. gr. Einnig má nefna að ef lýstur faðir er ósjálfráða þarf lögráðamaður að vera viðstaddur þegar yfirlýsing er gefin, sbr. 3. mgr. 4. gr. Telji móðir að fleiri menn geti komið til greina um faðerni barnsins þá skal leysa úr því fyrir dómi liggi DNA- greining ekki fyrir.

Í 5 og 6. gr. er fjallað um móður og foreldri barns við tæknifrjóvgun. Móðir telst sú kona sem elur barnið. Faðir er sá maður sem hefur samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu/sambýliskonu sinni. Kjörmóðir er sú kona sem hefur samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á samvistar- eða sambúðarmaka sínum.

Að lokum er rétt að benda á að í almennum hegningarlögum er að finna refsíákvæði greini aðili yfirvaldi rangt frá faðerni eða móðerni barns, með fyrirvara þó, sbr. 192. gr. laganna.³⁷

³⁷ 192. gr. Hver, sem rangfærir sönnun fyrir faðerni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta [fangelsi allt að 1 ári] eða sektum.

Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefur getið utan hjónabands, hefur verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefur samþykkt það.

3.2.2. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar

Í 25. gr. og 26 gr. barnalaga er kveðið á um ákveðin gjöld sem faðir getur þurft að greiða að kröfu móður ef sérstaklega stendur á. Samkvæmt 25. gr. er það framfærslueyrir á síðustu þrem mánuðum meðgöngunnar og fyrstu þrjá eftir meðgönguna. Ef móðirin veikist alvarlega þá getur faðirinn verið úrskurðaður til að greiða móðurinni mánaðarlega styrki til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði. Á þetta við þó að barn fæðist andvana. Einnig kemur fram í 26. gr. að sé konu nauðgað og verði þunguð þess vegna, þá getur faðirinn þurft að greiða allan kostnað sem hlýst af meðgöngunni og fæðingunni. Eins getur sá hinn sami þurft að greiða fyrir lögmeða fóstureyðingu.

3.2.3. Forsjá barns

Það er ítarleg upptalning í 1.- 4. mgr. 28. gr. barnalaga hvað felist í hugtakinu forsjá. Það að foreldri fari með forsjá barns þýðir m.a. að foreldri á rétt á og ber skylda til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetu þess. Þó segir í greininni að fari foreldrar með sameiginlega forsjá er öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins. Einnig er það foreldri sem hefur forsjá barnsins fjárhaldsmaður þess samkvæmt lögræðislögum.³⁸

Í 29. gr. barnalaganna er fjallað um forsjármenn. Fyrst eru nefndir foreldrar í hjúskap eða skráðri sambúð sem fara sameiginlega með forsjá barns, sbr. 1. mgr. Í 2. mgr. kemur fram að móðir fer ein með forsjá barns sem fætt er utan hjúskapar eða skráðrar sambúðar. Eins má nefna að foreldri sem er eitt með forsjá og tekur upp skráða sambúð eða gengur í hjúskap, deilir forsjánni með nýjum maka eftir eins árs sambúðartíma. Forsjá nýja makans fellur niður ef hjúskaparslit eða sambúðarslit eiga sér stað.

Í 31. gr. laganna er fjallað um aðstæður sem koma upp við slit hjúskapar eða sambúðar foreldra. Þá er það meginreglan í dag að forsjá skuli vera sameiginleg. Og semja skuli þá um lögheimili og fasta búsetu barns, sbr. 1. mgr. Þó er heimilt að semja um að forsjá verði í höndum annars foreldris, sbr. 2. mgr. Sama gildir ef foreldrar slíta samvistum án þess að slíta hjúskap. Rísi ágreiningur skal skera úr honum fyrir dómi.

³⁸Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/upplýsingar//nr/803#G2>

Í 32. gr. laganna er kveðið á um heimild foreldra til að semja sín á milli um forsjá barns. Þeir geta samið hvenær sem er, jafnvel þó áður verði komist að samkomulagi, hafi aðstæður breyst. Annar möguleiki í stöðunni er að gera tímabundinn samning til reynslu, þá er lágmarkstíminn 6 mánuðir. Einnig geta foreldrarnir falið öðrum forsjá barns með samþykki barnaverndarnefndar. Samningur sem foreldrar gera sín á milli öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Hægt er að semja um breytingar hvenær sem er.

Eins og greint var frá hér að ofan skal skera úr ágreiningi um forsjá fyrir dómi, sbr. 34. gr. Þar segir einnig að dómari skuli kveða á um hjá hvoru foreldra forsjá barns verði, þó geta foreldrar með dómsátt ákveðið að forsjáin verði sameiginleg. Athyglisvert er að eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns fyrir dómi. Þá getur dómari að kröfu annars foreldris eða beggja kveðið á um meðlag og umgengni.

Rauði þráðurinn við ákvarðanatöku dómara er mat á því hvað barni sé fyrir bestu. Einnig er litið til þess hvort annað foreldri hafi tálmað umgengni barns við hitt foreldrið. Eigi verður þó mælt fyrir um sameiginlega forsjá af dómara, þó hann telji það barni fyrir bestu. Dómari leysir líka úr ágreiningi um umgengni og meðlagsgreiðslur ef þess er krafist.

Í 30. gr. barnalaganna er fjallað um ráðstöfun forsjár við andlát forsjáforeldris. Ef barnið var í sameiginlegri forsjá foreldra þá er hún áfram í höndum eftirlifandi foreldris, þó eftir atvikum með nýjum maka. Ef forsjá er hjá öðru foreldri flyst hún yfir til hins við andlát, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Megin reglan er sú að farið sé eftir óskum forsjáforeldris, en þó er hvert tilvik metið fyrir sig.³⁹ Ef forsjá er í höndum annars foreldris og stjúpfareldris, þá helst forsjáin áfram hjá stjúpfareldri, sbr. 2. mgr. Verði barn forsjárlaust við andlát forsjáforeldris, fellur forsjá í hendur barnaverndarnefndar, sbr. 5. mgr. Hafi forsjáforeldri ritað yfirlýsingu um hver skuli fara með forsjá að því látnu, skal eftir því farið nema annað sé talið barni fyrir bestu, sbr. 6. mgr.

3.2.4. Umgengni við börn

Í 46. gr. er kveðið á um umgengnisrétt. Umgengni er réttur barns til samveru við foreldri sem það býr ekki hjá. Einnig á foreldrið, sem barn býr ekki hjá, rétt á og ber skyldu til að umgangast barnið. Einnig hvílir sú skylda á foreldri sem barn býr hjá, að stuðla að eðlilegri umgengni við

³⁹ Byggt á samtali höfundar við Hörpu Ævarsdóttur, fulltrúa sýslumannsins á Akureyri, þann 23. október 2007.

hitt foreldrið. Þó geta foreldrar samið um hvernig skipa skuli umgengnisrétti, enda fari sú skipan ekki í bága við hag og þarfir barnsinns.

Foreldrar sem ekki búa saman geta gert samning sín á milli, hvernig skipa skuli umgengni við barnið. Foreldrar geta óskað staðfestingar sýslumanns á samningi um umgengni, sbr. 4. mgr. 46. gr. Slík staðfesting getur verið afar þýðingarmikil, því samningurinn verður að vera staðfestur til þess að hann geti verið grundvöllur þvingunarúrræða. Sýslumaður getur þó hafnað staðfestingu ef samningur er andstæður hag og þörfum barns.⁴⁰

Ef ekki næst samkomulag um umgengni, getur foreldri krafist úrskurðar sýslumanns, sbr. 47. gr. barnalaganna. Í úrskurði sýslumanns skal í fyrsta lagi kveðið á um umgengni, í öðru lagi um kostnað vegna umgengni og í þriðja lagi um síma og bréfasamband. Eins og í öðrum úrskurðum þá byggir sýslumaður niðurstöðu sína á því sem talið er barni fyrir bestu, sbr. 1. mgr. Sýslumaður getur leitað til barnaverndarnefndar ef hann telur ástæðu til, sbr. 4. mgr. Ef foreldrar eru látnir eða það reynist ókleift að láta þau rækja skyldu sína, þá er heimilt að úrskurða um umgengni náinna vandamanna með sama hætti, sjá 3. mgr. Í mörgum tilfellum er ekki nóg að það sé komin úrskurður, einhver úrræði verða að vera til staðar til að fylgja honum eftir.⁴¹

Að kröfu foreldris sem brotið er á má úrskurða dagsektir allt að 30.000 kr. á dag, þó ekki meira en í 100 daga í senn. Staðreyna þarf brot á umgengni. Dagsektir renna í ríkissjóð. Einnig er hægt að koma á umgengni með aðför, sbr. 50. gr. Má segja að þvingunarúrræði standi til boða ef allt annað þrýtur. Í 51. gr. íslensku barnalaganna er fjallað um fyrirhugaðan flutning barns úr landi. Eigi foreldri umgengnisrétt við barnið skal búsetuforeldri sannanlega tilkynna um flutninginn með minnst 30 daga fyrirvara.

3.2.5. Framfærsla barns

Í barnalögunum kemur skýrt fram að foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart barni, sbr. 1. mgr. 53. gr. Stjúpforeldri er einnig framfærsluskylt fari það með forsjá barns, sbr. 2. mgr. 53. gr. Framfærsluskylda er til 18. ára aldurs barns eða þar til það gengur í hjúskap ef það er fyrr, sbr. 61. gr. Framfærslu skal miða við þarfir barns og hagi foreldra, eins og sagt er í 1. mgr. 53. gr.

⁴⁰ Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinargerð, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2003: 124.

⁴¹ Byggt á samtali höfundar við Hörpu Ævarsdóttur, fulltrúa sýslumannsins á Akureyri, þann 23. október 2007.

Ákveða skal meðlagsgreiðslur, sbr. 54. gr. með barni við skilnað og slit sambúðar með samningi eða úrskurði sýslumanns. Í 55. gr. segir að staðfesting sýslumanns sé nauðsynleg þegar samið er um meðlagsgreiðslur, sbr. 1. mgr. Ekki hægt að semja eða úrskurða um minna en einfalt meðlag, sem er jafnt barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar. Ekki má takmarka lok meðlagsskyldu við lægri aldur en 18 ár nema í tengslum við tímabundna forsjá, sbr. 3. mgr.

Í 57. gr. laganna er fjallað um úrskurð eða dóm um meðlag vanræki foreldri framfærsluskyldu. Sýslumaður úrskurðar um greiðslu meðlags nema dómari skeri úr í forsjár- eða faðernismáli. Þó segir í greininni að ekki sé úrskurðað lengra aftur í tímann en eitt ár nema í mjög sérstökum tilvikum, sjá 1. mgr. Við úrskurð skal miða við þarfir barns og fjárhagsstöðu og aðra hagi foreldra, m.a. aflahæfi þeirra, sbr. 2. mgr. Ekki má ákveða lægri meðlagsgreiðslu en einfalt meðlag. Meðlagið er hvorki skilyrt greiðslugetu meðlagsgreiðanda né aflahæfi búsetu foreldris. Í 60. gr. barnalaganna er heimild til að úrskurða meðlagsskylt foreldri til að greiða framlög vegna sérstakra aðstæðna t.d. vegna skírnar, fermingar, greftrunar, tannréttinga, sjúkdóma, gleraugnakaupa eða önnur sérstök tilefni. Krafa þarf þó að koma fram innan 3 mánaða frá greiðsludegi útgjalda nema rök mæli með lengri fresti.

Meðlag er eign barns og skal nota það í þágu þess, sbr. 2. mgr. 63. gr. Barnið fær það vissulega ekki en það skal nota í þágu barnsins. Sá sem stendur straum af útgjöldum vegna barns gerir kröfu um meðlag enda sé forsjáin í höndum hans eða barn búi þar samkvæmt lögmætri ákvörðun, sbr. 56. gr. Einnig má nefna að heimilt er að úrskurða foreldri til greiðslu menntunarframlags til ungmennis, á aldrinum 18 til 20 ára, sbr. 62. gr., þetta framlag er tekjutengt. Tryggingastofnun ríkisins greiðir menntunarframlag ef foreldri telst ekki aflögufært samkvæmt úrskurði sýslumanns, sbr. 3. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Barnið þarf á hverju ári að skila inn vottorði um að það sé í skóla. Um leið og barnið hættir í skóla þá fellur greiðslan niður. Tryggingastofnun ríkisins hefur greiðsluskyldu samkvæmt 67. gr. barnalaga. Greiða skal foreldri sem barn býr hjá einfalt meðlag samkvæmt lögmætri ákvörðun eða staðfestum samningi. Greitt er því foreldri sem barn býr hjá skv. úrskurði sýslumanns eða staðfestum samningi vegna sérstakra útgjalda.

3.2.6. Ættleiðing barns

Í lögum nr. 130/1999 um ættleiðingu (ættleiðingarlög) er fjallað um skyldur aðila sem hyggjast ættleiða börn innan 18 ára aldurs. Lögin hafa tekið nokkrum breytingum, sérstaklega þar sem nýverið hefur samkynhneigðum verin gefin kostur á að ættleiða. Í 11. gr. laganna er kveðið á um umsögn þess foreldris sem ekki fer með forsjá barns til ættleiðingar.

Í 2. gr. laganna kemur fram hverjir geta verið ættleiðendur. Ekkert bendir til þess að gerður sér greinarmunur á því hvort um sé að ræða karl eða konu sem ættleiða.

Í 14. gr. íslensku ættleiðingarlaganna er bannað að veita ættleiðingarleyfi ef einhver sá sem samþykkja á ættleiðingu lætur af hendi eða tekur á móti gjaldi eða fríðindum í tengslum við samþykkið.

3.2.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns

Um rétt foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs er fjallað í lögum nr. 95/2000. Í 1. gr. laganna er fjallað um gildissvið þeirra en lögin gilda fyrir foreldra á innlendum vinnumarkaði, bæði starfsmenn og sjálfstætt starfandi. Markmið laganna er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður eins og kveðið er á um í 2. gr. laganna. Þá er lögnum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Í 8. gr. segir að réttur til fæðingarorlofs stofnist hjá foreldri við fæðingu barns, frumættleiðingu barns eða við töku barns í varanlegt fóstur að átta ára aldri. Þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sbr. 2. mgr. Mæðrum er tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs og feðrum er jafnframt tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs. Svo eiga foreldrar sameiginlega rétt á þremur mánuðum sem þau geta skipt sín á milli. Réttur foreldris er bundin forsjá, þó á forsjálaust foreldri rétt til fæðingarorlofs samþykki forsjárforeldri umgengni á orlofstíma.

Í 13. gr. kemur fram að greiðslur í fæðingarorlofi foreldra á vinnumarkaði eru tekjutengdar og mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs skal nema 80% af meðaltali heildarlauna foreldrisins, þó aldrei hærrí fjárhæð en kr. 480.000 á mánuði. Svipaðar reglur gilda fyrir sjálfstætt starfandi foreldri. Sérreglur gilda fyrir þá sem ekki uppfylla skilyrði um viðmiðunartímabil eða eru í hlutastarfi. Foreldri skal uppfylla skilyrði 8. gr. um rétt til töku fæðingarorlofs. Réttur til töku fæðingarorlofs fellur niður þegar barnið nær 18 mánaða aldri.

Einnig er kveðið á um greiðslu fæðingarstyrks til foreldris á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs en uppfyllir ekki skilyrði 13. gr. um greiðslu, sjá 1. mgr. 18. gr.

Í 18. og 19. gr. er fjallað um fæðingarstyrk til foreldris utan vinnumarkaðar eða í fullu námi.

Í 16. gr. er kveðið á um lengingu fæðingarorlofs vegna fjölburafæðingar. Eiga foreldrar þá rétt á lengingu fæðingarorlofs, þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

Í 20. gr. kemur fram réttur til fæðingarstyrks vegna andvanafæðingar og fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu, en þá eiga foreldrar sameiginlega þriggja mánaða rétt.

Í 22. gr. segir að komi til þess að barn þurfi að dveljast á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu sé heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barnið dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði. Einnig er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvað varðar veikindi móður þá er heimilt að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Einnig má nefna, þó það reyni lítið á það hér á landi að foreldrar hafa heimild til samkvæmt lögnum að fara í svokallað foreldraorlof. Þá eiga foreldrar rétt á ólaunuðu 13 vikna leyfi frá störfum til þess að annast barn sitt.

3.2.8. Eyðing fósturs

Um þetta efni er fjallað í lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975. Þar heimila löggin fóstureyðingu við ákveðnar aðstæður. Hvergi er föður getið í lögnum.

3.3. Helstu atriði í danskri löggjöf er snerta stöðu fedra

Skoðuðu voru lög nr. 460 frá 7. júní 2001, barnalög, lög nr. 499 frá 6. júní 2007, foreldraskyldu lög, lög nr. 352 frá 15. maí 2003 um framfærslu barna, lög nr. 38 frá 15. janúar 2007 um stofnun og slit hjónabands, lög nr. 37 frá 5. janúar 1995 um réttaráhrif hjónabands, lög nr. 928 frá 14. september 2004 um ættleiðingu, lög nr. 566 frá 9. júní 2006 um rétt til orlofs og

dagpeninga við fæðingu barns, lög nr. 938 frá 10. október 2005 um staðfesta samvist og lög nr. 95 frá 7. febrúar 2008, heilsulögin, kafla 25 um skilyrði fyrir fóstureyðingum.

3.3.1. Faðerni barns

Í dönsku barnalögunum, lögum nr. 460 frá 7. júní 2001, er einvörðungu fjallað um skráningu á faðerni barna. Í 1. kafla er fjallað um skráningu faðernis við fæðingu barns. Í 1. gr. laganna er skilgreint hvað teljist vera hjónabandsbarn, en þá skráist eiginmaðurinn sem faðir barnsins.⁴² Undantekningar frá meginreglunni er þegar hjónin eru skilin að borði og sæng við fæðingu barns, ef móðirin innan síðustu 10 mánaða var gift öðrum eða ef hjónin sækja um að hafið verði faðernismál. Barn fætt af ekkju telst hjónabarnsbarn ef það fæðist innan 10 mánaða frá andláti eiginmannsins með sömu undantekningum þó og getið er um hér að framan.

Í 2. gr. dönsku barnalaganna er fjallað um barn fætt af ógiftri konu. Skoðast maður faðir barns, ef hann og móðirin lýsa skriflega yfir að þau ætli sameiginlega að sjá um umönnun og ábyrgð vegna barnsins. Er þá faðerni skráð við fæðingu nema að móðirin hafi verið gift öðrum manni innan 10 mánaða fyrir fæðingu án þess að vera skilin að borð og sæng eða ef báðir aðilar voru ómyndugir eða ólögráða þegar yfirlýsing var gerð. Þá má skrá faðerni í þjóðskrá við fæðingu barns ef maður hefur viðurkennt faðernið og hann og móðirin lýsa yfir að þau muni sameiginlega sjá um umönnun og ábyrgð vegna barnsins, enda hafi móðirin ekki verið gift öðrum manni án þess að vera skilin að borði og sæng innan 10 mánaða fyrir fæðingu.

⁴² Registrering af faderskab i forbindelse med fødslen

§ 1. Fødes et barn af en gift kvinde, anses ægtemanden som far til barnet. Registrering af faderskabet sker i forbindelse med registrering af barnets fødsel.

Stk. 2. Bestemmelsen i stk. 1 gælder ikke, hvis

1) ægtefællerne ved barnets fødsel er separerede,

2) moderen inden for de sidste 10 måneder før barnets fødsel har været gift med en anden mand uden at være separeret eller

3) begge ægtefæller anmoder om, at der rejses faderskabssag.

Stk. 3. Bestemmelsen i stk. 1 finder tilsvarende anvendelse, hvis ægtemanden er død inden for de sidste 10 måneder før barnets fødsel.

Stk. 4. Bestemmelsen i stk. 3, jf. stk. 1, gælder ikke, hvis

1) ægtefællerne på dødstidspunktet var separerede,

2) moderen inden for de sidste 10 måneder før barnets fødsel har været gift med en anden mand uden at være separeret eller

3) moderen anmoder om, at der rejses faderskabssag.

Í 3. gr. laganna er kveðið á um að maður, sem hafði samræði við móður á þeim tíma sem hún varð barnshafandi, geti viðurkennt faðerni, ef móðirin eftir því sem upplýst hefur verið, hafði ekki samræði við aðra menn á því tímabili.

Í 2. kafla dönsku barnalaganna er fjallað um faðernismál sem rekin eru fyrir stjórnvöldum. Þar er í 8. gr. ákvæði um að móðirin skuli upplýsa hver er eða kann að vera faðir barnsins, með vissum fyrirvörum þó. Má ljúka slíkum faðernismálum með faðernisviðurkenningu og skulu stjórnvöld hvetja aðila máls til að láta gera DNA- greiningu. Aðeins stjórnvöld geta vísað faðernismáli til dómstóla og gera það ef a.m.k einn málsaðili óskar þess eða ef málið er þannig vaxið að ólíklegt er að niðurstaða náist. Í 3. kafla laganna er fjallað um meðferð faðernismáls fyrir dómstólum. Dómstóll getur ákveðið að málsaðilar gangist undir mannerfðafræðilega rannsókn. Ljúka má máli með faðernisviðurkenningu eða dómi. Í kaflanum er einnig fjallað um endurupptöku faðernismáls.

Í 5. kafla er fjallað um faðerni og móðerni barns sem fætt er eftir tæknifrjóvgun.⁴³ Í fljótu bragði er erfitt að sjá hvernig 29. gr. virkar í þessu samhengi. En þar er kveðið á um að ákvæði í 1.- 4. kafla laganna eigi við um ákvörðun á faðerni barns sem fætt er eftir tæknifrjóvgun að öðru leiti en því sem kveðið er á um í 27. gr. og 28. gr. Þá er í 30. gr. sagt að kona sem fæðir barn eftir tæknifrjóvgun teljist móðir þess.

6. kafli laganna er mjög stuttur. Þar er beinlínis kveðið á um að samningur þess efnis að kona, sem elur barn, skuli eftir fæðingu þess afhenda barnið öðrum, sé ólöglegur.

⁴³ Faderskab og moderskab ved kunstig befrugtning
Faderskab

§ 27. Er en kvinde blevet kunstigt befrugtet af en læge eller under en læges ansvar, anses hendes ægtemand eller partner som barnets far, hvis han har givet samtykke til behandlingen og barnet må antages at være blevet til ved denne.

Stk. 2. Samtykke som nævnt i stk. 1 skal være skriftligt og indeholde en erklæring om, at manden skal være barnets far.

§ 28. En sæddonor kan ikke dømmes som far til et barn, der med hans sæd er blevet til ved kunstig befrugtning af en anden kvinde end hans ægtefælle eller partner, hvis sæden er doneret med henblik på en læges anvendelse ved kunstig befrugtning eller til en offentlig eller privat sædbank, der opfylder sundhedsmyndighedernes krav til formidling af sæd.

Stk. 2. Er sæden ikke blevet doneret som nævnt i stk. 1, anses sæddonor som barnets far, medmindre sæden er anvendt uden hans viden eller efter hans død.

§ 29. Bestemmelserne i kapitel 1-4 finder i øvrigt tilsvarende anvendelse.

Moderskab

§ 30. Den kvinde, som føder et barn, der er blevet til ved kunstig befrugtning, anses for mor til barnet.

3.3.2. Greiðslur vegna meðgöngu og barnsburðar

Í 3. kafla dönsku barnaframslulaganna, lögum nr. 352 frá 15. maí 2003 eru ákvæði um að stjórnvöld geti skyldað föður barns til að greiða meðlag vegna kostnaðar við fæðinguna og upphald móðurinnar í tvo mánuði fyrir og einn mánuð eftir fæðingu barnsins. Við sérstakar aðstæður, í tilvikum þegar meðganga eða fæðing orsakaði sjúkdóm hjá móðurinni, má ákvarða meðlag í allt að fjóra mánuði fyrir fæðingu og níu mánuði á eftir. Þá geta stjórnvöld skyldað mann, sem gerði eða kann að hafa gert konu barn, til að greiða kostnað við fóstureyðingu. Greiðslur skv. þessum kafla greiðast móður eða opinberu stjórnvaldi eða þeirri stofnun sem greiddi útgjöldin.

3.3.3. Forsjá barns

Í dönsku foreldraskyldulögunum, lögum nr. 499 frá 6 júní 2007 er í 1. kafla m.a. fjallað um að börn og unglingar undir 18 ára aldri lúti foreldraforsjá hafi þau ekki gengið í hjónaband, sbr. 1. gr., og að foreldrum beri að sýna barninu umhyggju og taka ákvarðanir varðandi aðstæður þess út frá áhuga þess og þörfum, sbr. 2. gr. Þá er í 2. kafla fjallað um forsjá barns og í 3. kafla sérstaklega um búsetu barns.

Í 6. gr. lagana segir að foreldrar í hjónabandi fara sameiginlega með forsjá barns. Ef hjón hafa skilið að borði og sæng fyrir fæðingu barnsins fer móðirin ein með forsjána, nema maðurinn hafi viðurkennt faðernið eða verið úrskurðaður faðir barnsins fyrir dómi, hafi gefið yfirlýsingu ásamt móðurinni um að þau muni annast og ábyrgjast barnið, sbr. gr. 7.1., eða þau samið um sameiginlega forsjá, sbr. 9. gr. Foreldrar utan hjónabands fara sameiginlega með forsjá barns, hafi þau gefið yfirlýsingu um að þau muni annast og ábyrgjast barnið eða samið sín á milli um sameiginlega forsjá. Teljist maður faðir barns samkvæmt yfirlýsingu eða dómsúrskurði fara foreldrarnir sameiginlega með forsjá þess, hafi foreldrarnir sameiginlegt heimilisfang samkvæmt þjóðskrá eða hafi haft það innan 10 mánaða fyrir fæðingu barnsins.

Í 8. gr. laganna er kveðið á um að foreldrar fari áfram sameiginlega með forsjá þótt þau hætti sambúð, skilji að borði og sæng, fái lögskilnað eða að hjónabandið hafi verið dæmt ógilt.

Í 10. gr. segir að foreldrar sem hafi sameiginlega forsjá, en búi sitt í hvoru lagi, geti samið um að annað þeirra fari með forsjána.

Í 11. gr. er fjallað um foreldra sem ekki eru í sambúð og eru jafnframt ósammála um hana. Skal þá dómstóll skera úr og þurfa þungvægar ástæður að vera fyrir hendi til þess að sameiginlegri forsjá verði slitið.

Í 14. gr. er sagt að rétturinn geti að beiðni foreldris án forsjár ákveðið að forsjá skuli vera sameiginleg eða að forsjáin færist til þess forsjárlausa.

Í 3. kafla dönsku foreldraskyldulaganna er fjallað um búsetu barns, sbr. 17. gr.⁴⁴ Fari foreldrar sameiginlega með forsjá barns en eru ósammála um búsetu barnsins sker dómstóll úr.

Í 18. gr. laganna er fjallað um fyrirhugsaða breytingu á búsetu foreldris eða barns. Þar er kveðið á um gagnkvæma tilkynningarskyldu foreldra sem hyggja á breytta búsetu.

3.3.4. Umgengni við barn

Í 4. kafla dönsku foreldraskyldulaganna er fjallað um rétt barnsins til umgengni við foreldra sína. Þar segir í 19. gr. að báðir foreldrar beri ábyrgð á að barnið njóti samvista. Foreldrið sem barnið býr ekki hjá getur sótt um umgengni. Sé lítil eða engin umgengni, getur búsetuforeldri farið fram á að stjórnvöld boði hitt foreldrið til fundar um umgengnina.

Í 21. gr. laganna eru ákvæði um umgengnisákvörðanir ef ósamkomulag er um lengd og fyrirkomulag samvistanna. Þá má ákvarða umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14. Stjórnvöld geta tekið ákvarðanir um ferðir barnsins í tengslum við umgengni og kostnað við þær. Þá má hafna umgengni og breyta eða slíta samkomulagi eða ákvörðun þar að lútandi.

Í 22. gr. er fjallað um að kveða megi á um önnur tengsl við barnið eins og símtöl, bréfaskipti, tölvupóst, myndir og þess háttar. Foreldrið sem barnið býr ekki hjá getur lagt fram beiðni um slík önnur tengsl.

Í 23. gr. er fjallað um rétt foreldris, sem ekki fer með forsjá, til að fá upplýsingar um aðstæður barnsins frá skólum, barnastofnunum, félags- og heilbrigðiskerfum ásamt einkasjúkrahúsum, sjálfstætt starfandi læknum og tannlæknum. Ekki má þó veita trúnaðarupplýsingar um forsjáforeldri. Þá hefur foreldri sem ekki fer með forsjá rétt til að beiðast upplýsinga um almenna félagslega viðburði í skólum og barnastofnunum og hefur rétt til

⁴⁴ § 17. Har forældre fælles forældremyndighed, og er de ikke enige om, hos hvem af dem barnet skal have bopæl, afgøres dette af retten. Retten kan træffe afgørelse om, at barnet kan have bopæl hos en forælder, der har eller ønsker at få bopæl i udlandet eller i Grønland eller på Færøerne.

Stk. 2. Retten kan ændre en aftale eller afgørelse om barnets bopæl.

að taka þátt í þessum viðburðum. Framangreindar stofnanir o. fl. geta neitað að gefa ákveðnar upplýsingar og hafnað þátttöku í viðburðum ef ætla má að það skaði barnið. Forsjárforeldri eða framangreindar stofnanir geta einnig beðið stjórnvöld um að fella niður framangreindan rétt.

3.3.5. Framfærsla barna

Í 2. kafla dönsku barnaframfærslulaganna, lög nr. 352 frá 15. maí 2003, er fjallað um skyldu foreldris til að framfæra barn sitt. Í 13. gr. kaflans segir að ala eigi barnið upp og mennta það með tilliti til aðstæðna foreldranna og þarfa barnsins. Sinni foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barninu geta stjórnvöld skyldað foreldrið til að greiða meðlag til framfærslu barnsins.

Í 14. gr. laganna er kveðið á um að meðlagið ákvarðist með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagslegum aðstæðum foreldra, þar með talið starfsgetu þeirra. Ef bæði foreldri eru illa stödd fjárhagslega er meðlagsupphæð ákveðin sú sama og barnabætur. Meðslagsskylda fellur niður þegar barn hefur náð 18 ára aldri. Meðlag vegna kennslu eða menntunar má þó ákveða til 24 ár aldurs. Meðlag greiðist fyrir fram á hálfis árs fresti nema annað sé ákveðið.

Í 15. gr. segir að sérstakt meðlag má ákveða vegna kostnaðar við skírn, fermingu, sjúkdóm eða jarðaför barnsins eða af öðru sérstöku tilefni: Sækja skal til stjórnvalda um ákvörðun sérstaks meðlags innan þriggja mánaða frá því að kostnaðurinn féll til.

Stjórnvöld geta á hverjum tíma samkvæmt 16. gr. laganna breytt meðlagsfjárhæð, komi fram rökstudd beiðni um slíkt. Ekki er unnt að ákveða meðlagsgreiðslur meiri en eitt ár aftur í tímann frá því að beiðni var lögð fram nema að sérstakar aðstæður mæli með því.

Meðlag samkvæmt 2. kafla laganna tilheyrir barninu. Þar segir í 18. gr. að forsjáraðili barns á rétt á að fá ákvarðað meðlag og að innheimta það.⁴⁵

⁴⁵ § 18. Bidrag i henhold til nærværende kapitel tilkommer barnet.

Stk. 2. Retten til at kræve bidrag fastsat og til at indkræve bidraget har den, der afholder udgifterne ved barnets forsørgelse, såfremt den pågældende har eller ved forældremyndighedens ophør havde forældremyndigheden over barnet eller lovligt har barnet i pleje. I det omfang det offentlige afholder udgifter til barnets forsørgelse, tilkommer retten den pågældende offentlige myndighed eller institution.

3.3.6. Ættleiðing barns

Dönsku ættleiðingarlögin, lög nr. 928 frá 14. september 2004, innihalda mjög ítarleg fyrirmæli um ættleiðingu. Í 1. kafla er fjallað um skilyrði fyrir ættleiðingu. Stjórnvöld veita leyfi til ættleiðingar, sbr. 1. gr. laganna. Þá segir í 2. gr. að ættleiðing skuli aðeins leyfð, þegar ætla má að hún, að undangenginni könnun, verði til góðs fyrir þann sem óskast ættleiddur og að viðkomandi annað hvort verði eða hafi verið alinn upp af ættleiðanda eða að fyrir hendi sé önnur sérstök ástæða fyrir ættleiðingu. Leyfi til ættleiðingar má aðeins veita þeim sem orðnir eru 25 ára. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi má gefa út leyfi til ættleiðanda sem náð hefur 18. ára aldri, sbr. 4. gr. laganna

Í 4. gr. a er kveðið á um að ef sá sem ættleiða skal er undir 18 ára aldri má aðeins gefa út ættleiðingarleyfi þegar umsækjandi hefur verið viðurkenndur af samráði sem skipað er af ráðherra í hverju amti og sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Friðriksbergi og Borgundarhólmi, sbr. 25a gr. Hafni samráð umsækjanda má áfrýja niðurstöðunni til ættleiðingarnefndar, sbr. 25b. gr. Ekki er krafist viðurkenningar við ættleiðingu stjúpbarns, barns náins ættingja eða þegar önnur sérstök tengsl eru á milli ættleiðanda og þess barns sem óskað er ættleiðingar á.

Í 6. gr. dönsku ættleiðingarlögunum er kveðið á um að afla skuli samþykkis barns sem náð hefur 12 ára aldri fyrir ættleiðingu og að leita skuli álits barns yngra en 12 ára að því marki sem þroski þess og málsaðstæður gefa tilefni til. Samkvæmt 7. gr. er krafist samþykki foreldra við ættleiðingu barns undir 18. ára aldri. Ef annað foreldrið á ekki aðild að forsjá, er horfið eða getur ekki tekið ákvarðanir af skynsemi, nægir samþykki hins.

Í 13. gr. er sagt að leita þurfi yfirlýsingar frá foreldri sem ekki fer með forsjá nema að það valdi barninu verulegu tjóni eða seinki málinu óásættanlega.

Í 2. kafla dönsku ættleiðingarlögunum er fjallað um réttaráhrif ættleiðingar. Ættleidd börn öðlast sömu réttarstöðu og eigið barn foreldra og ættleidda barnið og afkomendur þess erfa og erfast af ættleiðingu.

3.3.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns

Um þetta efni er fjallað í lögum nr. 566 frá 9. júní 2006. Í 1. gr. segir að tilgangur laganna sé að tryggja foreldrum rétt til leyfis í tengslum við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu og að tryggja

foreldrum á vinnumarkaði rétt til dagpeninga í fjarveru í tengslum við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu.

Í 2. kafla laganna er afmarkaður sá hópur fólks sem á rétt á fjarveru og dagpeningum samkvæmt. lögnum. Þar segir í 2. gr. að allir foreldrar eiga rétt á fjarveru. Dagpeningar eru greiddir launþegum og sjálfstæðum atvinnurekendum. Skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga eru að lágmarkskröfur um atvinnuþátttöku séu uppfylltar, fyrir launþega 13 vikna óslitin þátttaka fyrir fjarveru og að minnsta kosti unnið í 120 klst. á því tímabili eða tilsvareandi og fyrir sjálfstæða atvinnurekendur að innan síðustu 12 mánaða hafi verið stunduð sjálfstæð starfsemi í 6 mánuði með a.m.k. ½ vinnutíma þar með talinn síðasti mánuðurinn fyrir fjarveru eða tilsvareandi.

Í 3. kafla er fjallað um skyldur til búsetu og greiðslu skatts í Danmörku. Ýmsar undantekningar eru frá þeirri skyldu, t.d. vegna fjölbjóðlegra eða alþjóðlegra skuldbindinga.

Í 4. kafla er fjallað um rétt til fjarveru. Meðan á meðgöngu stendur getur móðirin átt rétt á fjarveru síðustu fjórar vikurnar að læknisráði eða vegna eðlis vinnu hennar. Einnig hefur móðirin rétt og skyldu til tveggja vikna fjarveru eftir fæðingu. Faðirinn á rétt á 14 daga samfelldri fjarveru eftir fæðingu.

Við ættleiðingu erlendis frá hafa verðandi ættleiðendur rétt til allt að fjögurra vikna fjarveru áður en tekið er á móti barninu sem má allt að tvöfalda vegna tafa sem eru þeim óviðkomandi. Við ættleiðingu innanlands hafa ættleiðendur rétt á allt að viku fjarveru áður en tekið er á móti barninu sem má allt að tvöfalda vegna tafa sem þeim verða ekki kenndar. Báðir foreldrar eiga rétt á 32 vikna foreldraorlofi frá því að 14 dagar eru liðnir frá fæðingu eða móttöku barns. Báðir foreldrar geta framlengt orlofið um 8 til 14 vikur eftir atvikum og annað foreldrið getur frestað að taka hluta orlofsins, 8-13 vikur, þar til síðar. Sá réttur skal nýttur áður en barnið nær 9 ára aldri. Launþegum ber skylda til að tilkynna vinnuveitanda sínum um fjarveru með ákveðnum fyrirvara sem og töku foreldraorlofs.

Í 5. kafla er kveðið á um rétt til dagpeninga í fjarveru á meðgöngu, við fæðingu og við ættleiðingu. Í undantekningartilviki greiðir vinnuveitandinn dagpeninga (meðgöngueftirlit) en að öðrum leiti annast sveitafélagið greiðslurnar. Í foreldraorlofi eiga foreldrarnir sameiginlegan rétt á dagpeningum í 32- 46 vikur. Sveitafélagið greiðir fulla dagpeninga í 32 vikur eða lækkaða dagpeninga í allt að 46 vikur. Þannig að heildargreiðsla svari til fullra dagpeninga á 32 vikum. Ef foreldri stundar fulla vinnu meðan það á rétt á dagpeningagreiðslum í foreldraorlofi falla

greiðslurnar niður, en skerðast ef það er í hlutastarfi. Heildarréttur til dagpeninga skerðist þó ekki en má annaðhvort flytja til hins foreldrisins eða geymast.

Þá er að finna í þessum kafla sérstætt ákvæði um rétt foreldra til dagpeningagreiðslna frá sveitarfélaginu þurfi þau að minnka eða hætta vinnu vegna alvarlegs sjúkdóms barns undir 18 ára aldri.

Í 6. kafla er fjallað nánar um kröfu um atvinnuþátttöku í 27. gr., 28. gr. og 29. gr., sjá enn fremur 3. og 4. mgr. 2. gr.

Í 7. kafla er fjallað um umsóknir foreldra um greiðslu dagpeninga.

Í 8. kafla er fjallað um grunn dagpeningafjárhæðar. Samkvæmt 32. gr. grundvallast dagpeningar á launatekjunum og öðrum tekjum sem koma í stað launa og tekjum af sjálfstæðri atvinnustarfsemi. Ráðherra setur reglur um hvaða tekjur skuli teljast launatekjur og hvaða tekjur skuli teljast tekjur af sjálfstæðri starfsemi.

Í 9. kafla er kveðið á um fjárhæð dagpeninga. Þar segir í 35. gr. að dagpeningar til launþega geta ekki verið hærrí en DKK 3.332 á viku og ekki meira á vinnustund en þessari fjárhæð deilt með vinnustunda fjölda á viku sem samið er um í kjarasamningum. Í 36. gr. laganna segir að dagpeningar til atvinnulausra er sama fjárhæð og þeir myndu ella fá í atvinnuleysisbætur. Þá segir í 37. gr. að dagpeningar til sjálfstæðra atvinnurekanda geta ekki numið hærrí fjárhæð en DKK 3.332 á viku. Hafi aðili frjálssa sjúkradagpeningatryggingu lækkar fjárhæðin um allt að þriðjung.

Upphæð dagpeninga er vísitölutryggð og breytist einu sinni á ári, fyrsta mánudag í janúar.

Í 6. kafla laganna er fjallað um endurgreiðslu og fjármögnun. Vinnuveitandi, sem greiðir laun í fjarveru frá vinnu, á rétt á að fá dagpeninga launþegans greidda frá sveitarfélaginu, þó ekki hærrí fjárhæð en svarar til greiddrar launa í fjarverunni, sbr. 39. gr. Ekki fæst endurgreidd dagpeningagreiðslna vinnuveitanda vegna fjarveru í tengslum við meðgöngurannsóknir í forvarnaskyni, sbr. 41. gr. Í 42. gr. er kveðið á um að ríkið greiði 100% af kostnaði sveitarfélagsins vegna laga þessara, en þó aðeins 50% dagpeninga vegna alvarlegs sjúkdóms barns innan 18 ára aldurs.

3.3.8. Eyðing fósturs

Fjallað er um skilyrði fyrir fóstureyðingu í 25. kafla laga nr. 95 frá 7. febrúar 2008. Föðurs er hvergi getið í kaflanum.

3.4. Helstu atriði í norskri löggjöf er snerta stöðu fedra.

Skoðuð voru lög 1981-04-08 nr. 07: Lög um börn og foreldri (barnelova), lög 1991-07-04 nr. 47: Lög um hjúskap, lög 1986-02-28 nr. 08: Lög um ættleiðingar, lög 1981-03-06 nr. 05: Lög um umboðsmann barna, lög 1993-04-30 nr. 40: Lög um staðfesta samvist, lög 1997-02-28 nr. 19: Lög um almannatryggingar (8. og 14. kafli) og lög 1975-06-13 nr. 50: Lög um fóstureyðingar.

Nær öll þau atriði sem hér eru til umfjöllunar rúmast innan laga 1981-04-08 nr. 07 (barnalaganna).

3.4.1. Faðerni barns

Í öðrum kafla norsku barnalaganna er ítarlega fjallað um hvernig ákvarða skuli faðerni barns. Um hjónabarnsbörn gilda ákvæði 3. gr. laganna svo hljóðandi.⁴⁶ Þar gildir að eiginmaður er faðir barns sem fætt er í hjúskap. Athygli vekur að í seinni málslið 1. málsgreinarinnar er fyrirvari um að eiginmaður teljist ekki sjálfkrafa faðir barns ef foreldrarnir hafa skilið að borði og sæng fyrir fæðingu þess. Í 2. mgr. er hinsvegar kveðið á um að barn ekkju skuli teljast hjónabarnsbarns hafi hún getað verið barnshafandi við dauða eiginmannsins.

Í 4. gr. norsku barnalaganna er fjallað um faðernisviðurkenningar í tilvikum þar sem ákvæði 3. gr. eiga ekki við. Feðri móðir barn sitt og viðurkenni tilgreindur maður faðernið telst barnið rétt fedrað. Þá kemur fram að staða sambýlismanns er skýrð þannig að hann geti viðurkennt faðerni ef móðirin samþykkir það, sbr. 3. mgr. Að öðrum kosti skal hið opinbera kveða á um faðernið. Í reglugerð (FOR-2005-12-13 nr. 1475) kemur fram að faðernisviðurkenning sambýlismanns gildir jafnvel þótt móðir sé því ósamþykk, m.a. á grundvelli þess að hún telji að sambýlismaðurinn sé ekki faðirinn, að hún sé ekki í sambúð eða

⁴⁶ § 3. Farskap etter ekteskap.

Som får til barnet skal reknast den mannen som mora er gift med ved fødselen. Dette gjeld likevel ikkje dersom ektefellene ved fødselen var separerte ved løyve eller dom.

Er mora enkje, skal ektemannen reknast som far dersom ho kan ha blitt med barn før han døydde.

að það sé villa í málsmeðferð. Hún getur þá innan 3 mánaða tímafrests hafnað faðerninu formlega við stjórnvöld. Stjórnvöld bjóða þá töku blóðsýnis og DNA- greiningu hjá barninu, foreldrunum og hvaða manni sem kann að vera faðirinn á kostnað hins opinbera.

Í 5. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um að sé barn ekki feðrað samkvæmt reglum í 3. og 4. gr., skuli hið opinbera sjá til þess að ákvörðun sé tekin um faðerni.

Í 6. og 7. gr. norsku barnalaganna eru raktar forsendur þess að unnt sé að breyta faðerni barns sem þegar er feðrað og í 8. og 9. gr. er afmarkað verksvið dómstóla og stjórnvalda í faðernismálum. Allur 3. kafli norsku barnalaganna fjallar síðan um verkefni vinnu- og velferðarstofnunarinnar í faðernismálum og 4. kafli er um réttargang í faðernismálum. Í 4. kafla er m.a. kveðið á um í 18. gr. að gefi móðir ekki upp hver er faðir barns eða ef taldar eru líkur á að móðir hafi ekki gefið upp réttan mann, þá skuli barninu skipaður málssvari.

Til fróðleiks fylgja hér á eftir ákvæði norsku barnalaganna um móðerni, sbr. 2. gr.:

§ 2. Kven som er mor til barnet.

Som mor til barnet skal reknast den kvinna som har fødd barnet.

Avtale om å føde eit barn for ei anna kvinne er ikkje bindande.

3.4.2. Greiðsla vegna meðgöngu og barnsburðar.

Ekki tókst að finna sértæk ákvæði um framfærsluskyldu föður gagnvart móður fyrir og eftir barnsburð.

3.4.3. Forsjá barns

5. kafli norsku barnalaganna fjallar um skyldur foreldra og búsetu barna. Í 30. gr. laganna er inntak forsjár skilgreind.⁴⁷ Meginskylda foreldra er að sinna barni sínu þannig að sem best henti hag þess og þörfum.

⁴⁷ § 30. Innholdet i foreldreansvaret.

Barnet har krav på omsut og omtanke frå dei som har foreldreansvaret. Dei har rett og plikt til å ta avgjerder for barnet i personlege tilhøve innanfor dei grensene som §§ 31 til 33 set. Foreldreansvaret skal utøvast ut frå barnet sine interesser og behov.

Dei som har foreldreansvaret, er skyldige til å gje barnet forsvarleg oppseding og forsyting. Dei skal syte for at barnet får utdanning etter evne og givnad.

Barnet må ikkje bli utsett for vald eller på anna vis bli handsama slik at den fysiske eller psykiske helsa blir utsett for skade eller fare.

Om retten til å ta avgjerd for barnet i økonomiske tilhøve gjeld reglane i verjemålslova 22. april 1927 nr. 3.

Í 30. gr. a. í norsku barnalögunum er fjallað um að hjónabandssamningur, sem foreldrar eða aðrir gera fyrir hönd barnsins, sé ekki bindandi.

Í 31. gr. norsku barnalaganna er fjallað um rétt barnsins til að taka þátt í ákvörðunum er varða það sjálft eftir því sem þroski þess gefur tilefni til. Þar kemur m.a. fram að þegar barn hefur náð 12 ára aldri skuli taka mikið tillit til skoðanna/óska barnsins.

Í 34. gr. er fjallað um forsjá barns þegar foreldrar eru eða hafa verið í hjúskap.⁴⁸ Foreldrar sem eru í hjúskap hafa sameiginlega forsjá með barni sínu en foreldrar sem eru skilin að borð og sæng eða hafa fengið lögskilnað geta samið um sameiginlega forsjá eða að aðeins annað þeirra fari með forsjána. Þau fara þó sameiginlega með forsjána þar til samningur eða ákvörðun um annað liggur fyrir.

Í 35. gr. norsku barnalaganna er fjallað um forsjá barns þegar foreldrar eru ógiftir.⁴⁹ Þar er meginreglan sú að móðirin fer ein með forsjána. Sambýlisfólk fer þó sameiginlega með forsjá eigin barns. Að auki geta ógiftir foreldrar engu að síður samið um og tilkynnt til þjóðskrár að forsjáin sé sameiginleg eða að faðirinn fari einn með forsjá barnsins.

Í 36. gr. er fjallað um búsetu barns ef foreldrar búa ekki saman.⁵⁰ Foreldrar geta samið um hjá hvoru foreldri barnið skuli búa. Þá geta þeir orðið sammála um að barnið hafi búsetu hjá þeim báðum. Náist ekki samkomulag um búsetu skal skera úr um fyrir dómi hjá hvoru foreldranna barnið skuli búa.

Í 37. gr. er fjallað um þær ákvarðanir sem búsetuforeldri getur tekið. Hafi foreldri sameiginlega forsjá, en barnið er með búsetu hjá öðru þeirra, getur hitt foreldrið ekki andmælt ákvörðunum búsetuforeldris þótt þær hafi veruleg áhrif á uppeldi barnsins, t.d. hvort barnið skuli vera í leikskóla, hvar á landinu barnið býr o.s.frv.

⁴⁸ § 34. Foreldreansvaret når foreldra er eller har vore gifte

Foreldre som er gifte, har foreldreansvaret saman for sams barn.

Foreldre som separerer eller skil seg, kan avtale at dei skal ha foreldreansvaret saman eller at ein av dei skal ha det aleine. Inntil avtale eller avgjerd om foreldreansvaret ligg føre, har dei ansvaret saman.

⁴⁹ § 35. Foreldreansvaret når foreldra ikkje er gifte.

Når foreldra ikkje er gifte eller bur saman, jf. § 39, har mora foreldreansvaret aleine.

Foreldre som bur saman har foreldreansvaret saman for sams barn.

Foreldra som ikkje er gifte eller har foreldreansvaret saman etter andre ledd, kan likevel etter avtale gje melding til folkeregistermyndigheita om at dei skal ha foreldreansvaret saman eller at faren skal ha foreldreansvaret aleine.

Har ugifte foreldre foreldreansvaret saman, men barnet bur fast berre saman med den eine, gjeld reglane i § 37.

⁵⁰ § 36. Kvar barnet skal bu fast

Foreldra kan gjere avtale om kven av dei barnet skal bu hos fast. Dersom dei er samde om det, kan dei avtale at barnet skal bu fast hos begge.

Er foreldra usamde, må retten avgjere at barnet skal bu fast hos ein av dei.

Í 39. gr. er fjallað um skráningu forsjár. Samkomulag eða ákvörðun um forsjá skal tilkynnt til þjóðskrár. Hafi faðerni verið ákveðið og foreldrar eru með sama heimilisfang í þjóðskrá, skráist forsjá sameiginleg.

Í 40. gr. eru ákvæði um flutning barns til útlanda. Fari annað foreldri með forsjá getur hitt ekki andmælt flutningi. Báðir foreldrar þurfa að samþykkja að barn í sameiginlegri forsjá flytji úr landi. Séu foreldrar ósammála um forsjá eða búsetu barns, má barnið ekki flytja úr landi fyrr en málinu er lokið.

3.4.4. Umgengni við barn

Fjallað er um umgengnisrétt í 6. kafla norsku barnalaganna. Í 42. gr. er fjallað um rétt barns til að umgangast báða foreldra sína, enda þótt þeir búi ekki saman. Báðum foreldrum ber sameiginleg skylda til að virða umgengnisrétt barnsins. Foreldri sem nýtur samveru barns getur tekið ákvarðanir sem snerta umönnun barnsins á meðan á samveru stendur.

Í 43. gr. norsku barnalaganna er fjallar um lengd samveru barns við foreldrið sem það býr ekki hjá. Semja skal um lengd samverunnar. Teljist samvera óæskileg fyrir barnið verður að taka ákvörðun um það fyrir dómi. Þegar samið er um lengd samveru eða hún ákvörðuð skal m.a. lögð áhersla á bestu mögulegu foreldratengsl, aldur barnsins, tengsl barnsins við nærumhverfið, fjarlægð milli foreldra og umsjónina með barninu. Venjulegur umgengisréttur telst vera vikulegur eftirmiðdagur, önnur hver helgi, 14 dagar í sumarfríinu og annaðhvort um jól eða páska. Setja má fyrirvara varðandi umgengisréttinn t.d. að umgengni fari fram undir eftirlit og hver beri kostnaðinn af því. Hindri forsjár- eða búsetuforeldri umgengnisrétt hins má krefjast nýrrar ákvörðunar um forsjá og búsetu barnsins.

Í 44. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um skiptingu ferðakostnaðar vegna umgenginsréttar.⁵¹ Ferðakostnaður vegna umgengni skal skiptast milli foreldra í hlutfalli við tekjur þeirra sé ekki um annað samið. Fyrir dómi má kveða á um aðra skiptingu ef það þykir sanngjarnt vegna sérstakra aðstæðna.

⁵¹ § 44. Reisekostnader ved samvær

Reisekostnadane ved samvær skal delast mellom foreldra etter storleiken på inntektene deira der foreldra ikkje blir samde om noko anna. Dersom særlege grunnar gjer det rimeleg, kan retten fastsetje ei anna fordeling av reisekostnadane. Er foreldra samde om det, kan sak om reisekostnadane istaden gå til fylkesmannen. Har barnet fylt 15 år, kan sak om reisekostnader gå til fylkesmannen jamvel om berre ein av foreldra ber om det. Reglane i § 64 gjeld tilsvarande.

Í 46. gr. norsku barnalaganna er fjallað um rétt umgengisforeldris til að tjá sig áður en forsjáraðili tekur ákvarðanir sem torvelda eða hindra umgengnina.⁵²

Í 47. gr. norsku barnalaganna er síðan fjallað um rétt foreldris, sem ekki hefur forsjá með barni sínu, til að fá upplýsingar um það. Foreldri án forsjár á rétt á upplýsingum um barn sitt frá forsjárforeldri, það má leita upplýsinga hjá leikskóla, grunnskóla, heilbrigðis- og félagsmálastofnunum og lögreglu, enda sé ekki um þagnarskyldu að ræða. Neita má að gefa upplýsingar geti það skaðað barnið.

Í 7. kafla norsku barnalaganna er fjallað um meðferð mála sem reist eru í tengslum við forsjá, búsetu og umgengni.

3.4.5 Framfærsla barna

Í 8. kafla norsku barnalaganna er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra, þar segir í 66. gr. að foreldrar skulu standa straum af kostnaði við framfærslu og menntun barns eftir efnun og ástæðum. Reglan gildir einnig um aðila sem fara með forsjá barns að foreldrum látnum.

Í 67. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um meðlagsskyldu. Búi annað eða bæði foreldri ekki hjá barni sínu skal það eða þau greiða fast meðlag til framfærslu og menntunar. Sama gildir fyrir foreldri sem býr hjá barni sínu en sinnir ekki framfærsluskyldu. Enginn getur afsalað rétti barnsins til meðlags. Krefja má foreldri um aukameðlag á framfærslutíma vegna sérstakra útgjalda. Skilyrðið er að útgjöldin séu sanngjörn og nauðsynleg og rúmist ekki innan fjárhæðar fasts meðlags. Meðlag greiðist mánaðarlega fyrirfram til þess aðila sem barnið býr hjá.

Í 68. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um framfærslutíma. Framfærslu og meðlagsskylda foreldra varir þar til barnið nær 18 ára aldri, sé ekki um annað samið. Haldi barnið áfram venjulegri skólagöngu eftir 18 ára afmælið á það þó rétt á framfærslueyri meðan á skólagöngunni stendur, en setja skal tímamörk á meðlagskröfu í því tilviki. Þá má skylda foreldra til að greiða barni styrk vegna annarrar framhaldsmenntunar þar sem það telst sanngjarnt vegna áhuga og getu barnsins, möguleikum þess til að fjármagna framhaldsmenntun á annan máta og öðrum aðstæðum. Hér skal einnig ákveða tímalengd meðlags.

⁵² § 46. Rett til á bli hoyrd før ei avgjerd om framtida til barnet.

Den som har samværsrett med barnet, skal så langt råd er, få uttale seg før den som har foreldreansvaret, tek avgjerd som vil gjere det umogeleg eller vesentleg vanskelegare å utøve samværsretten.

Nokkuð flóknar reglur eru í 70. gr. norsku barnalaganna um ákvörðun meðlagsfjárhæðar.

Í stuttu máli þá geta foreldrar samið um fjárhæðina eða skotið ágreiningi til stjórnvalds sem sker úr um málið. Í vissum tilvikum þarf þó að vísa ágreiningi til dómstóla. Hafi barn náð 18. ára aldri er það samnings- eða málsaðili gagnvart foreldrunum.

Komi stjórnvöld að ákvörðun meðlags skal það gert þannig að framfærslukostnaður barnsins skiptist á milli foreldranna með hliðsjón af tekjum þeirra, sbr. 71. gr.⁵³ Meðlagið má þó ekki vera hærra en svo að meðlagsgreiðandi geti framfært sjálfan sig. Að meginreglu skal lækka meðlagið vegna skriflegs samkomulags eða opinberrar ákvörðunar um umgenginsrétt meðlagsgreiðanda. Eigi barn heimili hjá báðum foreldrum skal reikna með að daglegur framfærslu kostnaður barnsins sé hinn sami hjá hvoru þeirra og að barnið dvelji að jöfnu hjá báðum, sjá 8. gr. í reglugerð um ákvörðun og breytingu á meðlagi (FOR-2003-01-15 nr. 123). Í framangreindri reglugerð eru ítarlegar reiknireglur varðandi opinbera ákvörðun meðlagsfjárhæðar.

Í 72. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um að ekki megi ákvarða meðlagsskyldu meira en þrjú ár aftur í tímann frá því að krafa um slíkt er sett fram. Sérstakar ástæður skulu vera til staðar ef meðlagsskylda er ákvörðuð meira en eitt ár aftur í tímann eftir að krafa var gerð.

Í 73. gr. eru ákvæði um vísitölutryggingu meðlags. Miðað er við vísitölu neysluerð í janúar ár hvert og tekur breytingin gildi í júní.

Í 80. gr. norsku barnalaganna eru ákvæði um endurgreiðslu meðlags hafi faðerni verið breytt. Þar kemur fram að hafi maður greitt ákvarðað eða umsamið meðlag með barni og seinna verið „sýknaður“ af faðerninu, geti hann krafist endurgreiðslu frá almannatryggingum. Fjárhæðin er vísitölutryggð í samræmi við neysluerðsvísitölu frá greiðslutíma til endurgreiðslutíma. Áður en vísitölutrygging er reiknuð út skal taka tillit til frádráttar sem meðlagsgreiðandi hafði áður fengið við álagningu skatta. Hafna má kröfunni eða fella hana niður ef ljóst þykir að hann hafði ekki nægilega ástæðu til að viðurkenna faðernið eða hann hefði átt að fara fyrr fram á breytingu á því. Þá getur maður sem hefur verið ákvarðaður meðlagsskyldur án þess að ákvörðun á faðerni

⁵³ § 71. Offentleg utmáling av fostringstilskot

Tilskotsfuten skal fastsetje tilskotet slik at fastsette utlegg til forsyting av barnet (underhaldskostnadene) vert delte mellom foreldra etter storleiken på inntekta deira. Tilskotet skal likevel ikkje fastsetjast til eit høgare tilskot enn at tilskotspliktige har att fastsette midlar til eige underhald mv. (bidragsevne vurderinga). Tilskotet skal som hovudregel reduserast for skriftleg avtalt eller offentleg fastsett samvær. Har foreldra avtala delt bustad etter lova § 36, gjeld særskilte reglar.

Departementet kan ved forskrift gje utfyllande reglar om utmåling av fostringstilskot etter lova her.

lægi fyrir krafist endurgreiðslu frá almannatryggingum ef DNA- greining sýnir að hann geti ekki verið faðir barnsins. Ekki má krefja barnið, móðurina eða kynföður um endurgreiðslu.

3.4.6. Ættleiðing barna

Í norsku ættleiðingarlögunum, lög 1988-02-28 nr. 08, er í 1. kafla fjallað um skilyrði til ættleiðingar.

Barna- og jafnréttisráðuneytið gefur út ættleiðingarleyfi þegar fylkisnefnd í barnaverndar- og félagsmálum hefur samþykkt erindi þar um. Aðeins má veita ættleiðingaleyfi þegar ætlað er að það sé til hagsbóta fyrir barnið. Þá þarf umsækjandi um ættleiðingu annaðhvort að ætla að ala eða hafa alið barnið upp eða að fyrir hendi sé önnur sérstök ástæða fyrir ættleiðingunni. Hjón ættleiða sameiginlega, aðrir geta það ekki. Annað hjóna getur með samþykki hins ættleitt barn þess. Sama gildir um aðila í staðfestri samvist. Leita skal álits barns sem er orðið 7 ára, ef það hefur þroska til, á áformum um ættleiðingu þess og því kynnt hvað ættleiðing er. Skoðun barnsins skal metin með tilliti til aldurs þess og þroska. Barn sem orðið er 12 ára verður ekki ættleitt nema samþykki þess liggja fyrir. Barn sem er undir 18 ára aldri verður ekki ættleitt án samþykkis forsjáradila. Foreldri, sem ekki fer með forsjá, skal svo fremi það sé unnt, fá að tjá sig áður en samþykki fyrir ættleiðingu barns þess er veitt.

Í kafla 2 er fjallað um upplýsingarskyldu. Aðilar í ættleiðingarmáli geta haldið nafnleynd en kjörforeldrum ber að segja barninu frá því að það sé ættleitt jafn skjótt og það hefur þroska til. Þegar ættleitt barn hefur náð 18 ára aldri á það rétt á að fá upplýsingar um kynforeldra sína hjá barna- og jafnréttisráðuneytinu.

Í þriðja kafla er fjallað um réttaráhrif ættleiðingar. Við ættleiðingu öðlast ættleidda barnið og afkomendur þess sömu réttarstöðu og það hefði verið eigið barn ættleiddenda. Auðkenna skal ættleitt barn í þjóðskrá og í öðrum opinberum skráum sem ráðuneytið ákveður.

3.4.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns

Í 14. kafla norsku almannatryggingalaganna LOV 1997-02-28 nr. 19 er fjallað um framlög á meðgöngu, við fæðingu og við ættleiðingu. Um tilgang og aðild segir í 1. og 2. gr. kaflans að foreldrum skuli tryggðar tekjur en aðild að tryggingunum jafnframt skilyrði fyrir bótum.

Um rétt til dagpeninga á meðgöngu er fjallað í 4. gr. kaflans. Þar segir að launþegi eigi rétt á dagpeningum ef fyrirmæli laga eða reglugerða ákveða að hún skuli hætta að vinna og ekki reynist unnt að færa hana í annað hentugra starf í fyrirtækinu. Sjálfstæður atvinnurekandi á sama rétt. Fjarvera vegna meðgöngu verður að valda missi í lífeyrisréttindum. Bótaþegi þarf að hafa verið í vinnu a.m.k. síðustu 4 vikurnar áður en hún varð að hætta. Tekjugrunnur dagpeninga skal ekki vera lægri en helmingur af grunnfjárhæð. Dagpeningar á meðgöngu eru greiddir frá þeim tíma sem bótaþegi varð að hætta vinnu og þar til þrjár vikur eru til fæðingar en þá taka við greiðslur foreldradagpeninga.

Í 5. gr. kaflans eru almenn ákvæði vegna greiðslu foreldradagpeninga. Greiða má foreldradagpeninga til móður barns og föður við fæðingu og ættleiðingu barns innan 15 ára aldurs, en með vissum undantekningum þó.

Í 6. gr. kaflans er kveðið á um hvernig foreldrar ávinna sér rétt til dagpeninga. Rétturinn ávinnst með þátttöku í atvinnulífinu. Bæði móðir og faðir geta áunnið sér rétt til foreldradagpeninga með atvinnuþátttöku, sem skilar þeim lífeyrisrétti, í að lágmarki 6 af síðustu 10 mánuðum áður en taka foreldradagpeninga hefst. Tekjur sem skapa lífeyrisrétt þurfa á ársgrundvelli að vera a.m.k. helmingur grunnfjárhæðar. Í 3. og 4. mgr. eru tilgreindar ýmsar tekjur sem teljast jafngildar atvinnutekjum.

Í 7. gr. kaflans er kveðið á um hvernig upphæð foreldradagpeninga ákvarðast. Meginreglan er að miðað er við tekjur hvors um sig. Þá gildir almenn hámarksregla og tvær hækkunarreglur. Dagpeningar greiðast fyrir 5 daga í viku.

Í 9. gr. er fjallað um bótatímabilið. Bótatímabilið við fæðingu eru 220 dagar og við ættleiðingu 205 dagar, ef valin er full greiðsla. Velja má 80% greiðslu og lengist þá bótatímabilið sem því nemur. Við fleirburafæðingu lengist bótatíminn um 25 daga fyrir hvert barn umfram eitt. Bótatímabilið getur skipst á milli foreldranna ef bæði hafa rétt til foreldradagpeninga. Þó eru undanskyldir síðustu 15 dagarnir fyrir fæðingu sem ætlaðir eru móður og 30 dagar sem ætlaðir eru föður.

Í 10. gr. eru almennar reglur um töku foreldradagpeninga. Þar kemur m.a. fram að töku foreldradagpeninga skuli lokið innan 3 ára frá fæðingu barns eða ættleiðingu. Það er skilyrði fyrir tökunni að foreldri hafi forsjá barnsins, þó er forsjárlaus móðir undanþegin því skilyrði fyrstu 30 dagana eftir fæðingu. Það er einnig skilyrði fyrir töku foreldradagpeninga að

móttakandi sé ekki í vinnu nema að þeir skerðist í samsvari við starfshlutfall. Þá er meginreglan sú að foreldrar geta ekki til samans tekið út meira en fulla eða skerta dagpeninga á sama tíma.

Í 12. gr. kaflans er fjallað um töku feðrakvóta. Það er skilyrði fyrir feðrakvóta að móðirin hafi verið í a.m.k. 50% starfi á þeim tíma sem hún ávann sér réttindi til foreldradagpenigna og að faðirinn hafi rétt til þeirra. Faðirinn getur einnig tekið út feðrakvóta sinn samhliða því að móðirin taki dagpeninga sem svarar til a.m.k 50% starfshlutfalls.

Í 13. gr. kaflans eru almennar reglur um töku föðurs á foreldradagpeningum. Í þessari grein eru sett ýmiss skilyrði fyrir því að faðir geti tekið út foreldradagpeninga umfram feðrakvóta nema að móðirin sé fjarverandi vegna vinnu, menntunar eða sjúkdóms.

Í 14., 15. og 16. gr. eru nánari fyriræli um framkvæmdina og í 17. gr. eru ákvæði um eingreiðslur til foreldris eða forsjáaðila sem ekki eiga rétt á foreldradagpeningum.

3.4.8. Eyðing fósturs

Í norsku fóstureyðingarlögunum, LOV 1975-06-13 nr 50, er faðirinn ekki nefndur.

3.5. Samanburður

Áður var greint frá því að norrænt samstarf er á sviði sifjaréttar, sbr. upphaf kafla 3.2. Það kemur því ekki á óvart að samanburður á íslenskum, dönskum og norskum lögum um efnið leiði í ljós allmikla samsvörun. Þó má sumstaðar finna frávik og verður nánar gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Í ritinu *Norrænn barnaréttur* (Nordisk barneret, hér eftir skammstafað Nb) I og II er gerður samanburður á dönskum, finnskum, íslenskum, norskum og sænskum barnarétti. Hvað varðar faðerni, móðerni og framfærslu, fyrra bindið, og forsjá, síðara bindið. Hvað varðar íslensku löggjöfina studdust höfundar við óopinbera þýðingu á íslensku barnalögnum frá 2003 á dönsku. Í ritinu er jafnframt bent á ýmsa möguleika á samræmingu og jafnvel endurskoðun á lagaákvæðum miðað við „bestu“ lagafyrirmælin innan landanna fimm. Í samanburðinum verða tilgreind nokkur sjónarmið úr þessu riti.

3.5.1. *Faðerni barns*

Það er algild regla í þeim lögum sem skoðuð voru að kona sem fæðir barn er móðir þess. Ákvörðun á faðerni barns virðist vera flóknari í vissum tilvikum. Almennt gildir þó að eiginmaður móður telst faðir barns sem fætt er í hjónabandi. Þetta minnir óneitanlega á fyrri tíma skilgreiningu á skilgetnu barni. Það er sérstakt frávik í íslenskri löggjöf að faðerni barns sem fætt er í skráðri sambúð ákveðst með sama hætti og um hjónabandsbarn væri að ræða, enda hafi móðirin lýst sambúðarmann sinn föður þess. Í danskri löggjöf er sérstakt ákvæði um yfirlýsingu föður og móður um að þau ætli að ala önn fyrir barninu og taka ábyrgð á því.

Móður er skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur hér að ofan eiga ekki við. Þetta ákvæði er að finna í 1. gr. íslensku barnalaganna, 8. gr. dönsku barnalaganna, en í norsku barnalögnum er í 5. gr. fjallað um ábyrgð hins opinbera á því að faðerni sé ákveðið og í 18. gr. er kveðið á um skipan málssvara fyrir barnið hafi móðir ekki upplýst um föður þess. Almennt gildir að stjórnvald getur lokið málinu að fenginni faðernisviðurkenningu frá þeim manni sem móðirin hefur kennt barnið. Í vissum tilvikum þó getur stjórnvald úrskurðað faðerni eftir mannerfðafræðilegri rannsókn. Að öðrum kosti gengur málið til dómstóla. Fyrir dómstólum hafa málsaðilar stöðu vitnis. Í íslensku hegningarlögnum er sérstakt refsíákvæði ef framburður vitnis í faðernismáli reynist rangur eða villandi. Í norsku og dönsku refsilögnum fundust aðeins

almenn refsíákvæði varðandi slíkan framburð. Endurupptaka faðernismála er heimil í lögum landanna þriggja með allmiklum fyrirvörum þó. Ekki fundust nein bein fyrirmæli um hvernig fara skuli með faðernismál sem kunna að koma upp vegna hjúskapareglunnar. En þá mun væntanlega fyrst þurfa að höfða vefengingarmál og vinnist það er faðernismál höfðað í kjölfarið.

Í lögum landanna þriggja er fjallað um faðerni og móðerni barns við tæknifrjóvgun. Við ákvörðun faðernis er stuðist við hjúskaparregluna, eiginmaður eða sambýlismaður er telst faðir barnsins enda hafi hann samþykkt meðferðina.

Norðmenn og Danir setja reyndar þann fyrirvara, að telja verði afar líklegt að barnið hafi komið undir við meðferðina. Varðandi móðernið gildir almenna reglan um að móðir teljist sú kona sem fæddi barnið. Hvergi er nefndur sá möguleiki að frjóvgaðri eggfrumu annarra konu hafi verið komið fyrir í líkama móðurinnar. Þá eru engar reglur um feðrun barns við tæknifrjóvgun þegar kona er hvorki í hjónabandi eða sambúð.

Í fyrsta hluta Nb er fjallað um ákvörðun á faðerni barns. Þar er m.a. bent á að í Noregi eigi maður sem telur sig vera faðir ófeðraðs barns, skilyrðislausan rétt á að höfða mál á grundvelli þess að hann sé faðirinn. Hvorki móðir né barn getur komið í veg fyrir slíkt. Hafi faðerni verið skráð á grundvelli viðurkenningar eða hjónabands í Noregi getur maður, sem ekki er skráður faðir en telur sig vera það, höfðað mál á sama grundvelli og ef barnið er ófeðrað. Hafi faðernið hinsvegar verið ákvarðað með dómi getur hann ekki óskað endurupptöku þar sem hann var ekki aðili að málinu í byrjun. Á hinum Norðurlöndunum er mjög erfitt ef ekki ómögulegt fyrir mann sem telur sig vera faðir barns að taka málið upp og gildir þá einu hvort barnið er ófeðrað eða feðrað. Höfundur, Peter Lødrup, telur norsku reglurnar um rétt manns sem telur sig vera föður barns til að fá skorið úr um foreldrið vera í takti við nútíma sjónarmið um réttindi föður. Það að sameina skráða og líffræðilega faðernið sé réttlæt看legt, jafnvel á kostnað stöðuleikans.⁵⁴

3.5.2. Greiðslur vegna meðgöngu barnsburðar

Ekki tókst að finna í norsku lögunum ákvæði um skyldu föður til að greiða barnsmóður sinni framfærslueyrir á síðustu mánuðum meðgöngu og á fyrstu mánuðum eftir barnsburð. Í íslensku barnalögunum eru ákvæði þess efnis svo og í dönsku barnaframfærslulögunum. Veikist móðir á

⁵⁴ Lødrup, Peter 2003: 434-451.

meðgöngu eða við barnsburð má lengja framfærslutímabilið verulega. Um svipaða tímalengd er að ræða í hvoru tilvikinu fyrir sig í báðum löndunum. Þá er heimilt að krefja þann sem olli þunguninni um greiðslu kostnaðar við fóstureyðingu.

3.5.3. Forsjá barns

Um inntak forsjár er fjallað ítarlegar í upphafi V. kafla íslensku barnalaganna. Í upphafi V. kafla norsku barnalaganna er sömuleiðis fjallað nokkuð ítarlega um inntak forsjár. Í 1. gr. dönsku foreldraskyldulaganna er kveðið á um, að börn undir 18. ára aldri skuli lúta foreldraforsjá, nema þau hafi gengið í hjónaband. Í 2. gr. sömu laga er síðan fjallað um inntak forsjár. Sameiginlegt með ákvæðunum um inntak forsjár í þessum þremur löndum er að foreldrar (forsjáraðilar) skulu gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum þannig að sem best henti hag barns og þörfum. Þá er lögð áhersla á að tekið sé tillit til sjónarmiða barnsins áður en málum þess er skipað, allt eftir aldri þess og þroska. Í norsku barnalögunum er sérstaklega tekið fram, sbr. 30. gr. a, að samningur foreldra eða annarra um hjónaband fyrir hönd barnsins sé ekki bindandi.

Í íslensku barnalögunum er kveðið á um að barn sem fætt er í hjúskap eða skráðri sambúð eigi rétt á forsjá beggja aðila. Að öðrum kosti fari móðir ein með forsjána nema foreldrar hafi samið um sameiginlega forsjá. Hliðstæð ákvæði eru í norsku barnalögunum. Í dönsku foreldraskyldulögunum eru ákvæði um sameiginlega forsjá nokkuð rýmri. Að vísu eru foreldrar í sambúð ekki sjálfkrafa með sameiginlega forsjá. En ógiftir foreldrar geta gefið sameiginlega yfirlýsingu um að þau muni annast og taka ábyrgð á barninu eða samið um sameiginlega forsjá. Þá er í dönsku lögunum kveðið á um að teljist maður faðir barns samkvæmt viðurkenningu eða dómi, þá hafi foreldrarnir sameiginlega forsjá, enda hafi þau sameiginlegt heimilisfang samkvæmt þjóðskrá eða hafi haft það innan 10 mánaða fyrir fæðingu barnsins. Að öðrum kosti fer ógift móðir ein með forsjána. Greini foreldra á um forsjá barns og takist ekki sættir, er í íslensku barnalögunum, sbr. 34. gr., kveðið á um að eigi verði mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi. Í 14. gr. dönsku foreldraskyldulaganna er á hinn bóginn kveðið á um að rétturinn geti að beiðni foreldris, sem ekki fer með forsjá, ákveðið að forsjáin sé sameiginleg. Í norsku barnalögunum fundust engar sérstakar heimildir eða skorður varðandi dómsniðurstöðu í forsjármáli. Búseta barns (lögheimili) tengist forsjá með beinum hætti. Foreldrar, sem eru með sameiginlega forsjá en búa ekki saman, þurfa að gera samkomulag um fastan dvalarstað barnsins.

Á Íslandi og í Danmörku eru tveir möguleikar, barnið skal annaðhvort búa hjá föður eða móður. Í Noregi er þriðji möguleikinn sá að barnið búi fast hjá báðum foreldrum, semji þeir um það sín á milli. Rísi ágreiningur um fasta búsetu barns í sameiginlegri forsjá foreldra, sem ekki búa saman, sker rétturinn úr.

Í þriðja hluta Nb er fjallað um forsjá. Höfundurinn, Svend Danielsson greinir frá því að heimild dómstóla til að ákveða sameiginlega forsjá foreldra með barni sínu gegn vilja annars þeirra hafi í verið í norskum lögum, í á þriðja tug ára án þess að hafa valdið teljandi erfiðleikum. Í umfjöllun höfundar um frjálstan samning milli foreldra um forsjá barns, búsetu þess og hvernig umgengnin við foreldrið sem það býr ekki hjá skuli háttað, spyr hann hvort nauðsynlegt sé að fá slíkan samning staðfestan af stjórnvaldi. Höfundurinn viðurkennir að ekki sé unnt að beita þvingunarúrræðum við brotum á einkasamkomulagi, spyr jafnframt hvort ekki sé rétt að spara kraftana þangað til óeining kemur í ljós. Með hliðsjón af ákvæðum í norsku (og sænsku) lögnum um skiptingu milli foreldra á sérlega miklum kostnaði við umgengni, veltir höfundur fyrir sér hvort þörf sé á slíkum ákvæðum í lögum hinna Norðurlandanna.⁵⁵

3.5.4. Umgengni við barn

Í íslensku barnalögnum er kveðið á um rétt barns til að umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá, sbr. 1. mgr. 46. gr. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er foreldri því sem barnið býr ekki hjá bæði rétt og skylt að rækja umgengni og samneyti við barnið. Í dönsku foreldraskyldulögnum er í 19. gr. kveðið á um að barn eigi rétt á umgengni við foreldri sem það býr ekki hjá og að báðir foreldrar beri ábyrgð á að barnið njóti þeirrar umgengni. Samskonar ákvæði er að finna í 1. mgr. 42. gr. norsku barnalaganna. Í íslensku barnalögnum eru hvergi gefin upp viðmið varðandi skiptingu umgengnisréttar. Í norskum barnalögnum, sbr. 2. mgr. 43. gr. telst venjubundinn umgengnisréttur einn eftirmiðdagur í viku, önnur hver helgi, 14. dagar í sumarfríi og annað hvort um jól eða páska. Eins og greint er frá hér að framan geta foreldrar í Noregi samið um að barnið hafi fasta búsetu hjá báðum, búi þau sitt í hvoru lagi, og skiptist þá umgengnisrétturinn að jöfnu. Í 21. gr. dönsku foreldraskyldulaganna kemur fram sé ágreiningur um skiptingu og framkvæmd umgengnisréttar geti stjórnvald ákvarðað umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14. Í 2. mgr. 46. gr. íslensku barnalaganna er að finna ákvæði um að foreldri sem

⁵⁵ Svend Danielsen, 2003: 121-125 og 189-209.

barn býr ekki hjá skuli greiða kostnað vegna umgengni við barn sitt, nema annað sé ákveðið með samningi. Í dönsku foreldraskyldulögunum, sbr. 3. mgr. 21. gr., er kveðið á um að stjórnvald geti tekið ákvörðun um ferðir barns í tengslum við umgengni og hvor skuli standa straum af ferðakostnaði. Í 44. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um að ferðakostnaður vegna umgengni skuli skiptast milli foreldra miðað við tekjur þeirra, hafi foreldrar ekki samið um annað. Rétturinn getur þó ákveðið aðra skiptingu ferðakostnaðar ef það virðist sanngjarnt vegna sérstakra aðstæðna. Í 18. gr. dönsku foreldraskyldulaganna er kveðið á um gagnkvæma tilkynningarskyldu foreldra sín á milli, ef annað ætlar að breyta búsetu sinni eða barnsins og flytja á annan stað innan lands eða utan. Skal tilkynna um slíkt með 6 vikna fyrirvara. Í 51. gr. íslensku barnalaganna segir að hafi annað foreldri umgengnisrétt við barn sitt, megi búsetuforeldri ekki flytjast úr landi með barnið nema fyrrgreinda foreldrinu hafi sannanlega verið tilkynnt fyrirætlun búsetuforeldris með minnst 30 daga fyrirvara. Í norsku barnalögunum, 46. gr., má finna almenn ákvæði um rétt foreldris með umgengnisrétt til að tjá sig áður en forsjáforeldri tekur ákvarðanir, sem koma í veg fyrir umgengni eða gera hana verulega torveldi. Þá er að lokum rétt að geta þess að foreldri án forsjár á, með vissum takmörkunum þó, rétt á að fá upplýsingar um hagi barns frá forsjáforeldri (þó ekki í Danmörku) og frá leikskólum, skólum, félagsmála- og heilsugæslustofnunum og lögreglu (þó ekki í Danmörku). Í Danmörku nær framangreindur réttur enn fremur til upplýsinga um almenna félagslega viðburði skólum og leiksskólum og til aðgangs að þeim. Hafna má framangreindri upplýsingagjöf ef ætla má að hún skaði barnið. Upplýsingarréttarákvæðin eru nær samhljóða í íslensku, dönsku og norsku lögunum.

3.5.5. Framfærsla barns

Í 53. gr. íslensku barnalaganna er kveðið á um að foreldrum sé skylt að framfæra barn sitt með hliðsjón af högum sínum og þörfum barnsins. Hliðstæð ákvæði eru í 13. gr. dönsku barnaframfærslulaganna og 66. gr. norsku barnalaganna. Fullnægi foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, getur stjórnvald úrskurðað það til greiðslu meðlags með barninu, sbr. 1. mgr. 57. gr. íslensku barnalaganna. Tilsvarandi ákvæði er að finna í 2. mgr. 13. gr. dönsku barnaframfærslulaganna. Og í 1. mgr. 67. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um að foreldri sem ekki býr með barninu skuli greiða fjárframlög til framfærslu þess. Í 2. mgr. 57. gr. íslensku

barnalaganna segir að meðlag skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Og í 3. mgr. 57. gr. segir að ekki megi ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í 1. mgr. 14. gr. dönsku barnaframfærslulaganna eru hliðstæð ákvæði varðandi viðmið meðlags og lágmarksmeðlag, þegar báðir foreldrar eru eignalausir. Í 71. gr. norsku barnalaganna er fjallað um opinbera ákvörðun meðlags. Þar er sagt í 1. mgr. að stjórnvald ákveði meðlag þannig að framfærslukostnaði vegna barnsins skuli skipt á milli foreldra miðað við tekjur þeirra. Þó þannig að meðlag verði ekki hærra en svo að meðlagsgreiðandi eigi fyrir eigin framfærslu (meðlagsgetumat). Í 2. mgr. sömu greinar segir að ráðuneytið geti í reglugerð sett fyllri reglur um útreikninga á meðlagi, og mun ekki vanþörf á. Í 60. gr. íslensku barnalaganna er heimild til að úrskurða meðlagsgreiðanda til að greiða sérstakt framlag vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftunar eða af öðru sérstöku tilefni. Hliðstætt ákvæði er í 15. gr. dönsku barnaframfærslulaganna. Í 2. mgr. 67. gr. norsku barnalaganna er kveðið á um sérstakt framlag vegna sérstakra útgjalda sem skulu vera sanngjörn og nauðsynleg og teljast ekki með í þeim kostnaði sem fast meðlag á að standa undir. Ekki eru þó nefnd dæmi um slík sérstök útgjöld. Meðlög greiðast í löndunum þremur, þar til barn hefur náð 18 ára aldri. Þá eru ákvæði um framlög til menntunar og starfsþjálfunar barns sem náð hefur 18 ára aldri.

Í 80. gr. norsku barnalaganna eru ákvæði um endurgreiðslu meðlags hafi faðerni verið breytt. Ekki fundust hliðstæð ákvæði í íslensku barnalögunum og í dönsku barnaframfærslulögunum. Það eru norsku almannatryggingarnar sem annast endurgreiðsluna, skal hún miðast við greitt meðlag að frádregnu skattahagræði og mismunurinn síðan framreiknaður með vísitölubreytingum.

Í öðrum hluta Nb er fjallað um framfærsluskyldu. Það er mat höfunda Anders Agell og Anna Singer, að ákvæði IX. kafla íslensku barnalaganna um framfærslu- og meðlagsskyldu foreldra svipi mjög til samsvarandi ákvæða í dönsku barnaframfærslulögunum. Þar er m.a. bent á ákvæðið um heimild til að úrskurða um framlag meðlagsskylds aðila, vegna sérstakra útgjalda (finnst einnig í norsku barnalögunum) og að meðlagsskyldan sé óskilyrt, þ.e.a.s. að lágmarks meðlag sé óháð greiðslugetu meðlagsgreiðanda. Dregið er í efa að meðlagsskylda umfram greiðslugetu þjóni tilgangi, enda hafi verið horfið frá því fyrirkomulagi á hinum Norðurlöndunum. Þá er bent á að á Íslandi og í Danmörku (líka í Finnlandi) sé gengið út frá því

að meðlagið ákvarðist miðað venjulega umgengni meðlagsforeldris. Því sé ekki ástæða til að taka tillit til þeirrar framfærslu sem fellur á meðlagsforeldri þegar barnið dvelst hjá því. Bent er á að umfang umgengni geti verið mjög breytilegt og að fyrrgreint sjónarmið sé ekki alltaf sanngjarnt. Þá er nokkuð fjallað um ákvörðun lágmarksmeðlags samkvæmt íslenskum og dönskum lögum, sem virðist einnig vera hámarksmeðlag nema að tekjur meðlagsgreiðanda geti tilefni til annars. Aldrei er horft til tekna búsetuforeldris við ákvörðun framlags þess meðlagsskylda til framfærslu barnsins.⁵⁶

Að lokum skal þess getið að höfundar benda á að æ algengara sé að foreldrar, sem búa sitt í hvoru lagi, skiptist nokkurn veginn að jöfnu á að hafa barnið búandi hjá sér. Á hinum Norðurlöndunum sé þá talið að foreldrarnir uppfylli framfærsluskyldu sína. Þetta geti ekki talist sanngjarnt nema að aflahæfi þeirra og aðrir hagir séu svipaðir.⁵⁷

3.5.6. Ættleiðing barns

Leyfi stjórnvalds þarf til ættleiðingar barns. Í dönsku og norsku ættleiðingarlögunum er kveðið á um að aðeins hjón geti ættleitt barn sameiginlega. Í íslensku ættleiðingarlögunum nær þetta einnig til einstaklinga sem verið hafa í staðfestri samvist eða skráðri sambúð í a.m.k fimm ár. Reglan er gagnvirk því þör skulu ættleiða sameiginlega nema veita má öðrum aðilanum leyfi til að ættleiða barn hins að fengnu samþykki hans. Í Danmörku og Noregi virðist ekki þurfa leyfi til ættleiðingar stjúpbarns. Og eins má veita öðrum aðilum leyfi til að ættleiða barn ef hinn er horfinn eða geðrænum högum hans þannig háttáð að hann beri ekki skyn á gildi ættleiðingar. Í íslensku lögunum er kveðið á um að heimila megi einhleypum manni að ættleiða barn. Hliðstætt ákvæði fannst ekki í dönsku og norsku ættleiðingarlögunum. Þá eru ákvæði um 25 ára aldurslágmark ættleiðenda með frávikum þó ef sérstaklega stendur á, í 20 ár á Íslandi og í Noregi, en 18 ár í Danmörku. Í löndunum þremur er gert ráð fyrir því að gerð sé könnun á högum væntanlegra ættleiðenda áður en leyfi er veitt. Þá er það einnig skilyrði fyrir leyfi til ættleiðingar að hún sé barninu fyrir bestu enda sé það ætlun ættleiðanda að annast barnið og ala það upp.

⁵⁶ Agell, Anders og Anna Singer, 2003: 454- 462.

⁵⁷ Agell, Anders og Anna Singer, 2003: 454- 462.

Í Noregi og á Íslandi má leyfa ættleiðingu á kynbarni ef það hefur verið ættleitt áður og ættleiðing af hálfu kynforeldis þygi bæta hag barnsins (Ísland) eða ættleiðingin hafi þýðingu fyrir réttarstöðu barnsins (Noregur). Í Danmörku er ættleiðing eigin barns ekki leyfð. Í 3. kafla dönsku ættleiðingarlaganna er hinsvegar fjallað um slit ættleiðingar. Ráðherra getur numið ættleiðingu úr gildi ef ættleiðandi og hið ættleidda barn erum sammála um það. Ef ættleidda barnið er undir 18 ára aldri þarf jafnframt samþykki foreldra barnsins og ættleiðingarlitin að vera barninu fyrir bestu. Þegar ættleiðing er numin úr gildi falla jafnframt út gildi réttaráhrif hennar gagnvart ættleiðanda og fjölskyldu hans en barnið öðlast tilsvarendi réttindi á ný hjá kynforeldrum sínum.

Í íslensku, dönsku og norsku lögnum er samhljóða ákvæði um að leita skuli álits barns á fyrirhugaðri ættleiðingu og taka ber tillit til skoðana þess eftir því sem aldur og þroski gefur tilefni til. Leita skal samþykki barns sem orðið er 12 ára fyrir ættleiðingu nema í undantekningartilvikum. Þá er þar einnig að finna ákvæði um að foreldrar sem fara með forsjá veiti samþykki fyrir ættleiðingu barns innan 18 ára aldurs. Í norsku og íslensku ættleiðingarlögunum er sagt að foreldri án forsjár skuli, eftir því sem tók eru á, fá að tjá sig áður en ákvörðun er tekin. Í dönsku ættleiðingarlögunum, sbr. 13. gr., skal leitað eftir yfirlýsingu foreldris sem ekki fer með forsjá. Samþykki foreldra á ættleiðingu á ekki gefa fyrr en 2 mánuðum eftir fæðingu barns (Noregur) eða 3 mánuðum (Ísland og Danmörk).

Í 14. gr. íslensku ættleiðingarlaganna og í 15. gr. þeirra dönsku eru nánast samhljóða ákvæði um að ekki verði veitt ættleiðingarleyfi ef einhver, sem samþykkja þarf ættleiðinguna, innir af hendi eða móttækur þóknun eða fríðindi. Ekki fannst hliðstætt ákvæði í norsku ættleiðingarlögunum.

Réttaráhrif ættleiðingar eru hin sömu á Íslandi, í Noregi og í Danmörku. Þá gilda einnig sömu reglur um upplýsingarskyldu ættleiðanda gagnvart ættleiddu barni um ættleiðinguna og ættleitt barn getur leitað upplýsinga um kynforeldra sína hjá stjórnvaldi við 18 ára aldur.

3.5.7. Orlof í tengslum við fæðingu barns

Á Íslandi og í Danmörku gilda sérstök lög um fæðingar- og foreldraorlof en í Noregi fjallar 14. kafli almannatryggingarlaganna um efnið. Það virðist ekki vera nein samnorren hefð í lagasetningunni og íslenska löggjöfin sýnist vera mun framúrstefnulegri en norska og danska löggjöfin.

Um tilgang íslensku laganna er fjallað í 1. gr. og eiga lögin að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Í Noregi er tilgangurinn, sbr. gr. 14-1, að tryggja foreldrum tekjum í tengslum við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu. Í Danmörku er tilgangurinn samkvæmt 1. gr. sagður vera að tryggja foreldrum rétt til fjarvista og til tekna í fjarvistum í tengslum við meðgöngu, fæðingu og ættleiðingu.

Um rétt til fæðingarorlofs eða fjarveru frá vinnu segir í íslenskum lögum, sbr. 1. mgr. 8. gr., foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði í senn hvort um sig og að auki eiga foreldrar sameignlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar. Í dönsku lögunum, sbr. 1. mgr. 2. gr., er kveðið á um að réttur til fjarvista frá starfi taki til allra foreldra. Í 4. kafla laganna er orlofsrétturinn nánar skýrður. Þannig á móðir rétt á meðgönguorlofi síðustu fjórar vikur meðgöngu, annað hvort af læknisráði eða vegna eðli starfs. Einnig er móður rétt og skylt að vera í orlofi fyrstu tvær vikurnar þar á eftir. Faðir á rétt á tveim samliggjandi orlofsvikum á fyrstu 14 vikum frá fæðingu. Eftir að 14 vikur eru liðnar frá fæðingu eiga foreldrar sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í 32 vikur og annað þeirra getur frestað töku hluta orlofsins þar til barnið hefur náð 9 ár aldri. Í norsku löggjöfinni er ekki kveðið sérstaklega á um rétt foreldra til fæðingarorlofs.

Í íslensku lögunum, sbr. 5. mgr. 8. gr., er réttur foreldris til fæðingarorlofs bundin forsjá barnsins. En í 7. mgr. sömu greinar kemur fram að forsjálaust foreldri eigi orlofsrétt liggi fyrir samþykki forsjáforeldris um umgengnisrétt þess forsjálausra á orlofstímanum. Í dönsku lögunum fundust engin bein fyriræli um að fæðingarorlofsréttur væri bundin við forsjá með barni. En af orðalagi virðist hægt að ráða, að reiknað sé með að foreldrar séu í hjónabandi eða sambúð. Í norsku lögunum er eins og áður sagði engin bein fyriræli um orlofsrétt foreldra.

Um réttindi til greiðslna í fæðingarorlofi segir í 1. mgr. 13. gr. íslensku laganna að foreldri skuli hafa verið samfelld í vinnu á innlendum vinnumarkaði í 6 mánuði fyrir fæðingu barns og er miðað við skil á tryggingargjaldi af reiknuðu endurgjaldi hjá sjálfstætt starfandi foreldri. Atvinnuþáttökuskilyrði dönsku laganna er að finna í 27. og 28. gr. Launþegi á rétt á greiðslum hafi hann unnið samfelld í 13 vikur áður en orlofstímabilið hefst og á þeim tíma unnið að minnsta kosti 120 vinnustundir, sbr. 1. ml. 1. mgr. 28. gr. Síðar í greininni er gerð grein fyrir fjölda tilvika sem geta verið ígildi atvinnuþáttöku. Í 29. gr. er kveðið á um að sjálfstæðir atvinnurekendur eigi rétt á greiðslum í fæðingarorlofi hafi þeir á síðustu 12 mánuðum starfað

sjálfstætt í að minnsta kosti 6 mánuði sem svarar hálfu starfi, þar af síðasta mánuðinn fyrir orlofstöku.

Í 14. kafla norsku almannatryggingarlaganna er aðild að almenna tryggingakerfinu frumskilyrði fyrir greiðslum, sbr. gr. 14. -2. Þá segir í gr. 14-6 að réttindi til foreldragreiðslna ávinnist með atvinnuþátttöku. Báðir foreldrar geta áunnið sér réttindi með atvinnuþátttöku sem skapar lífeyrisréttindi í að minnstakosti 6 mánuði af síðustu 10 mánuðum áður en taka greiðslna hefst. Tekjur sem mynda lífeyrisréttindi skulu að minnsta kosti svara til hálftrar grunnfjárhæðar. Þá er í 2. og 3. mgr. sömu greinar taldar upp tekjur sem teljast ígildi atvinnutekna.

Í íslensku fæðingarorlofslögunum er kveðið á um í 2. mgr. 13. gr. að mánaðarleg greiðsla til starfsmanns í fæðingarorlofi skuli nema 80% að meðaltali heildarlauna næstu tvö tekjuárin á undan fæðingarári barns. Einungis skal miðað við meðaltal heildarlauna þá mánuði sem foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði og aldrei við færri en fjóra mánuði. Í 3. mgr. 13. gr. íslensku fæðingarorlofslaganna er kveðið á um að mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi geti ekki numið hærri fjárhæð en 480.000 kr. Í 6. mgr. 13. gr. er síðan kveðið á um lágmarksgreiðslu í fæðingarorlofi. Í 32. gr. dönsku fæðingarorlofslaganna er fjallað um greiðslu dagpeninga í fæðingarorlofi. Greiðslur taka mið af launatekjum og öðrum tekjum sem koma í stað launatekna og tekjum af sjálfstæðri atvinnustarfsemi. Í 33. gr. er sagt að útreikningur hjá launþegum miðast við hvaða tekjur hann hefði getað haft á orlofstímanum. Henti sú aðferð ekki er miðað meðal tekjur síðustu fjögurra vikna fyrir töku orlofs. Í 35. gr. dönsku fæðingarorlofslaganna er kveðið á um að dagpeningar í fæðingarorlofi megi ekki nema hærri fjárhæð en DKK 3.332 á viku sem svarar til rúmlega 50.000 íslenskra króna. Í 14. kafla norsku almannatryggingarlaganna er í gr. 14-7 fjallað um útreikning á greiðslum til foreldra og eru tekjur foreldra fyrsta viðmið, fari tekjur foreldris yfir sexfalda grunnfjárhæð hækka greiðslur ekki. Í nýlegri frétt frá Noregi kom fram að hámarksfjárhæð greiðslna til foreldra á meðgöngu og við fæðingu eða ættleiðingu væri rétt innan við kr. 50.000 íslenskar á viku. Í norsku lögunum er fjallað um stuðningstímabilið, sem við fæðingu er almennt 44 vikur. Einnig er fjallað um skiptingu þess milli foreldra ef bæði eiga rétt á greiðslum. Móðirin á ein rétt á síðustu 3 vikum fyrir fæðingu og fyrstu 6 vikum eftir fæðingu. Þá á faðirinn sjálfstæðan rétt til 6 vikna tímabils (feðrakvótinn), sbr. gr. 14-9. Að öðru leiti skipta foreldarnir því sem eftir er af stuðningstímabilinu, eða 29 vikum, á milli sín. Í grein 14- 10 kemur fram í 4. mgr. að greiðsla til föður er skilyrt forsjá með barninu. Og í 5. mgr. sömu greinar

skilyrt því að sá sem fær fulla greiðslu sé ekki í vinnu. Foreldrar geta samtímis ekki fengið meira en sem svarar einni fullri greiðslu, feðrakvótinn og fleirburakvótinn þá ekki meðtaldir.

3.5.8. Eyðing fósturs

Íslensku, dönsku og norsku fóstureyðingarlögin eru að mörgu leyti svipuð að byggingu. Engin ákvæði er að finna í þeim um umsagnarrétt föður í tengslum við ákvörðunartöku um fóstureyðingu.

4. kafli

Staða feðra í faðernis og forsjármálum

Hér að framan var leitast við að skoða helstu lagafyrirmæli er snúa að réttindum og skyldum feðra gagnvart barni sínu. Því er ekki að leyna að skyldurnar eru ríkar, en nauðsynlegar fyrir bæði foreldra og börn. Það hefur verið meginregla í íslenskum barnarétti að hagsmunir barnsins séu hafðir í fyrirrúmi. Hvað varðar réttindi feðra, þá eru þau vissulega til staðar, en kannski ekki í eins ríkum mæli og ætla skyldi í okkar nútíma þjóðfélagi. Því ef vel er að gáð þá fannst höfundur lögin fremur „móðurvæn“ ef svo má að orði komast. Þróunin í íslenskri barnalöggjöf hefur verið mikil hin síðari ár og margt breyst til hins betra, bæði hvað varðar rétt barnsins og rétt föður. Núverandi lög stefna í átt að auknu foreldajafnrétti, en þó erum við ekki komin á leiðarenda í þeim efnum. Það er athyglisvert að sérlög virðast ekki þurfa að ganga eins langt í átt að kynjajafnrétti og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (Jafnréttislög).

Ekki fundust neinar upplýsingar um fjölda íslenskra feðra barna innan 18 ára aldurs. Hagstofa Íslands tekur saman upplýsingar um kjarnafjölskyldur, hjón og sambúðarfólk ásamt börnum 17 ára og yngri hjá þeim og einhleypa karla og konur með börnum 17 ára og yngri hjá þeim. Eftirfarandi yfirlit er unnið úr upplýsingum hagstofunnar um kjarnafjölskyldur fyrir árin 2004 til 2007.

	2004		2005		2006		2007	
Kjarnafjölskyldur alls	44.355	%	44.667	%	45.171	%	45.281	%
þ.a. hjónaband eða sambúð	32.454	73	32.594	73	32.967	73	33.041	73
þ.a. karl með börn	895	2	909	2	961	2	983	2
þ.a. kona með börn	11.006	25	11.164	25	11.243	25	11.257	25
Börn í kjarnafjölskyld. alls	78.541	%	78.935	%	79.238	%	78.470	%
þ.a. hjónaband eða sambúð	60.562	77	60.708	77	60.875	77	60.141	77
þ.a. karl með börn	1.138	1	1.171	1	1.230	1	1.261	1
þ.a. kona með börn	16.841	22	17.056	22	17.133	22	17.068	22

Taflan ber með sér að fjórða hver kjarnafjölskylda flokkast í einhleypa konu ásamt börnum sem hjá henni búa og að meira en fimmta hvert barn tilheyrir slíkri fjölskyldu. Það er að vísu utan ramma verkefnisins að fjalla um fjölskyldugerð hér á landi en rétt þótti að vekja athygli á því misræmi sem ríkir á milli feðra og mæðra varðandi búsetu með börnum.

Mikill munur er á réttarstöðu föður eftir því hvort barn er fætt í hjónabandi eða skráðri sambúð annarsvegar og utan hinsvegar. Jafnframt breytist réttarstaða föður barns, sem fætt er í hjónabandi eða skráðri sambúð, við skilnað eða sambúðarslit.

Hér að neðan verða gerð skil á framkvæmd helstu lagafyrirmæla er spanna svið réttinda og skyldna föður sem ekki er í hjónabandi eða skráðri sambúð. Einnig verður dómafordæmi skoðuð.

4.1. Faðerni

Um skráningu faðernis er fjallað í I. kafla íslensku barnalaganna nr. 76/2003. Í 2. gr. eru feðrunarreglur barna hjóna og foreldra í skráðri sambúð, pater est reglan, og í 3. gr. eru ákvæði um feðrun annarra barna, annað hvort með faðernisviðurkenningu eða með dómi. Í 10. gr. laganna er fjallað um málsaðild fyrir dómi. Þar segir í 1. mál. 1. mgr. að stefnandi í faðernismáli geti verið barnið sjálft, móðir þess eða maður sem telur sig föður barns, enda hafi barnið ekki verið feðrað, eða kjörmóðir skv. 2. mgr. 6. gr. Hafi barn verið feðrað gilda ákvæði í 1. og 2. mgr. 21. gr. íslensku barnalaganna um aðild að dómsmáli til vefengingar á faðerni barns eða til ógildingar á faðernisviðurkenningu, þar segir í 1. mgr. að barnið, móðirinn og skráði faðirinn geti höfðað dómsmál til vefengingar á faðerni og í 2. mgr. að barnið, móðirin og skráði faðirinn geti höfðað mál til ógildingar á faðernisviðurkenningu. Í öllum tilvikum er væntanlega um að ræða tæmandi upptalningu.

Eftir að farið var að beita mannfæðingarmálum rannsóknum virðist Hæstaréttardómum í faðernismálum hafa fækkað. Alls fundust 10 Hæstaréttardómar árin 2004 til 2007 sem snertu málaflokkinn, þar af virtust að minnsta kosti 4 tengjast sömu aðilum. Enginn faðir var með sóknaraðild að málunum en í einu tilviki komu ákvarðanir látins föður til álita í máli sem reist var vegna deilna um rétt til arfs.

Sem dæmi um mál sem talið var að væri hvorki ógilding á faðernisviðurkenningu né vefengingarmál skal bent á **H. 183/2008 þann 28. apríl 2008.**

H. 183/2008 þann 28. apríl 2008. Upphaf málsins er að B, ættleiddur sonur C, stefnir A og gerir þær kröfur fyrir dómi að viðurkennt verði að C sé ekki faðir A. En A hafði gert kröfu í arf eftir C. Um málsástæður stefnanda fyrir héraðsdómi segir m.a. eftirfarandi: Stefnandi byggir á því að ástæða þess að hann var ættleiddur á sínum tíma hafi verið sú staðreynd að faðir hans hafi verið ófær um að geta börn þar sem sæði hans hafi verið ónýtt. Það var læknisfræðilega algjörlega útilokað að faðir stefnanda gæti nokkru sinni átt barn. A hafnaði kröfu B um mannfæðingarmál rannsókn og benti

m.a. á: Að C hafði með öllum athöfnum sínum og mörgum skjalfestum yfirlýsingum sínum lýst því yfir að stefndi væri sonur hans. Nefnd er handrituð yfirlýsing hans. Þá liggur fyrir fæðingarvottorð, opinbert skjal að enskum rétti. Hafði skiptastjóri á skiptafundi 12. desember 2007 fallist á kröfu A um rétt til arfs í dánarbúi C, þar sem hann rengir ekki frumrit fæðingarvottorðs A, enda komi vottorðið úr opinberri skrá frá Englandi. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði 12. mars 2008 að heimila skyldi mannfæðingarmálsráðgjafi rannsókn. A skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. mars 2008. Þar taldi Hæstiréttur að eins og málið lægi fyrir gæti mál B gegn A hvorki talist vefengingarmál né höfðað til ógildingar á fadernisviðurkenningu. Með vísan til þess og að frumathugun héraðsdómara þótti áfátt, var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi.

Höfundur telur þetta mál nokkuð dæmigert fyrir mál sem geta risið vegna erfðaréttar. Því er ætíð brýnt að vandað sé til skráningar á faðerni.

Eins og getið er um í upphafi kaflans getur tæmandi upptalning á aðild mála takmarkað réttindi aðila. Ekki fundust nýleg dæmi um aðildarskort í faðernis-, vefengingar og ógildingarmálum. Því var leitað lengra aftur í tímann til að finna mál þar sem faðir er sóknaraðili þegar hann telur sig vera faðir barns. Málinu hér að neðan var vísað frá í héraðsdómi á þeim grundvelli að maðurinn gæti ekki samkvæmt barnalögum átt aðild að faðernismáli. Í niðurstöðu héraðsdóms var því velt upp að barn sé feðrað á þrjá vegu, sjálfkrafa, með viðurkenningu eða með dómi. Kjósi kona að feðra ekki barn sitt verði að una við þá ákvörðun hennar því að annað væri brot á friðhelgi einkalífs hennar. Þessi niðurstaða héraðsdóms er ekki nema um átta ára. Okkur miðar hægt í átt að jafnréttinu. Því var mikil réttarbót að nýjum barnalögum nr. 76/2003 þar sem í 1. gr. er kveðið á um skyldu móður til að feðra barns sitt. Enn getur þó maður, sem telur sig faðir barns, ekki orðið aðili að vefengingar eða ógildingarmáli, sbr. umfjöllun fremst í kaflanum. Þannig er fullu jafnrétti ekki enn náð.

Frávísun héraðsdóms var kærð til Hæstaréttar og er dómur Hæstaréttar í málinu, **H. 419/2000 þann 18. desember 2000**, talinn marka tímamót er varða réttindi feðra. Málsatvik voru þau:

419/2000 þann 18. desember 2000. M og K voru ekki í skráðri sambúð og greindi á um alvarleika sambandsins. K verður þunguð um mitt ár 1997. Í fyrstu mæðraskoðun fer K ein og gefur upp nafn M í mæðraskrána. Af því leiddi að nafn M var tekið við fæðingu og fært yfir í fæðingarskýrslu barnsins. Á fæðingarvottorði barnsins er getið í athugasemdareit að lýstur faðir sé M og að faðernisviðurkenning hafi ekki átt sér stað samkvæmt þágildandi barnalögum nr. 20/1992. Á skírnarvottorði er nafn föður ekki getið því K hafði tjáð prestinum að hún ætlaði ekki að feðra barn sitt. M krefst þess að hann og fjölskylda hans njóti eðlilegs fjölskyldusambands við barnið og bendir á rétt barnsins til að fá formlega viðurkenningu á faðerni sínu. Í vörn byggir K kröfu sína á aðildarskort og vitnar í 43. gr. þágildandi barnalaga, þar sem kveðið er á um tæmandi talningu sóknaraðila í faðernismáli. Þar kemur fram að einungis móðir barns og barnið sjálft geti verið sóknaraðilar og eins segir í 2. mgr. sömu greinar, að varnaraðili slíks máls geti einungis verið sá maður eða þeir menn sem taldir eru hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barnsins. M hinsvegar ber fyrir sig að það væri brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sem birtist í 65. gr., ef dómstólar kæmst að þeirri niðurstöðu að faðir barns gæti ekki krafist viðurkenningar á faðerni þegar móðir neitar að feðra barn. Sams konar bann við mismunun birtist í 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Einnig ber M fyrir sig brot á 70. gr. stjórnarskrárinnar, þar er sjálfstæð regla um að menn skuli almennt eiga rétt á að bera mál sín undir dómstóla, sbr. einnig 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur féllst á kröfur M, að löggjöf sem við þessar aðstæður takmarkar rétt manns til að fá úrlausn dómstóla um málefni er varða hagsmuni hans, brjóti gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar. Var því hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Í ljósi þessa dóms Hæstaréttar ber að skoða nýmæli sem tekin voru upp í barnalögum nr. 76/2003, sbr. 1. mgr. 10. gr., um aðild manns sem telur sig vera faðir barns að faðernismáli. Í eldri lögunum nr. 20/1992, hafði maður sem taldi sig föður barns enga heimild til að höfða faðernismál.

Engin nýlegur íslenskur Hæstaréttardómur er til um rétt föðurs í tæknifrjógungarmáli, höfundur fann dóm Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) nr. 6339/05 sem fjallar um breskan sæðisgjafa sem dró til baka samþykki á notkun fósturvísa þar sem hann og sambýliskona hans höfðu slitið samvistum. Konan fór í mál við hann sem endaði hjá MDE. Hér á eftir fer stutt lýsing á þessu máli:

Evens gegn United Kingdom mál nr. 6339/05. Árið 2000 hófu þau E og sambýlismaður hennar, J, frjósémismeðferð. E var greind með krabbamein í eggjaleiðurum. E var búin að fara einu sinni í frjógungarmeðferð áður en eggjaleiðararnir voru fjarlægðir. Áður en frjósémisaðgerðin átti sér stað, voru þau hvort um sig, látin samþykkja skilmála um það að hvort þeirra gæti hætt við hvenær sem er. Árið 2001 urðu svo til sex fósturvísar vegna þessarar meðferðar og voru þeir frystir. Síðan árið 2002 slitu E og J samvistum og þar af leiðandi dró J samþykki sitt á notkun fósturvísanna til baka. Þá fór E fyrir héraðsdóm (high court) og krafðist þess að J endurvekti samþykki sitt. Kröfu hennar var hafnað. E áfrýjar málinu (The court of appeal) og dómstóllinn staðfesti niðurstöðu lægra dómstigsins (high court). Leyfi til frekari áfrýjunnar var hafnað. Árið 2005 tilkynnti meðferðarstöðin að E væri skylt að eyða fósturvísunum. E leitaði til MDE og krafðist jafnframt að fósturvísunum yrði ekki eytt fyrr en lokaniðurstaða fengist í málið. Dómstóllinn sagði að fósturvísar nytu einskis réttar að breskum lögum. Einnig var tekið til greina að J hafði undirgengist aðgerðina í góðri trú um að samband þeirra myndi halda áfram.

Niðurstaða réttarins var sú, að útskýrt hafði verið fyrir báðum aðilum, E og J, áður en meðferðin hófst, að annað þeirra gat dregið samþykki sitt til baka hvenær sem var. Afturköllun samþykkis J gildir og E getur ekki notað fósturvísana. Hann er talinn hafa meiri hagsmuna að gæta.

Að mati höfundar var komist að rétttri niðurstöðu, þar sem að aðilar voru ekki í sambúð lengur og aðstæður breyttar. Þá á ekki að vera hægt að neyða mann til að gerast faðir, vilji hann það ekki og geti komist hjá því. Að öðrum kosti þarf hann að undirgangast ákveðnar skuldbindingar, eins og umgengni, framfærslu og fleira. Eins má líta til hagsmuna barnsins sem þyrfti e.t.v. að búa við að eiga föður sem ekkert vildi með það hafa. Þó er niðurstaðan afar erfið fyrir E, því fósturvísarnir voru einu möguleikar hennar á að eignast kynbarn.

4.2. Forsjá, lögheimili, meðlag og umgengi

Foreldrar sem eru í hjónabandi eða hafa skráð sambúð sína í þjóðskrá fara sameiginlega með forsjá barns, sbr. 1. mgr. 29. gr. barnalaga nr. 76/2003. Móðir fer ein með forsjá þegar foreldrar eru hvorki í hjúskap eða skráðri sambúð eða hafi samið um að forsjá barns verði sameiginleg, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Sambúðarforeldri barns fer með forsjá þess ásamt foreldri barnsins meðan sambúð varir, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár. Þetta á einungis við ef foreldrarnir hafa ekki sameiginlega forsjá, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Eins og að framan greinir er forsjá sameiginleg ef foreldrar eru giftir eða í skráðri sambúð, sbr. 1. mgr. 29. gr. Forsjáin heldur áfram að vera sameiginleg þrátt fyrir skilnað foreldra eða slit skráðrar sambúðar, nema annað sé sérstaklega ákveðið, sbr. 1. mgr. 31. gr. Foreldrar þurfa því ekki að gera sérstakan samning um sameiginlega forsjá við samvistarlitin en verða á hinn bóginn að skýra sýslumanni frá því hjá hvoru barnið á að eiga lögheimili og þar með fasta búsetu í skilningi barnalaga. Ef ágreiningur rís um forsjá í tengslum við samvistarlit geta foreldrar borið hann undir dómara.⁵⁸

Sýslumönnum og dómurum ber að tilkynna Hagstofu Íslands um skipan forsjár við skilnað og sambúðarslit. Eftirfarandi töflur eru úr skráum Hagstofunnar um skipan forsjár árin 2004 til 2006.

	Börn alls		Forsjá móður		Forsjá föður		Forsjá sam.		Aðrir	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2004	623		221	35	24	4	378	61	0	0
2005	606		151	25	13	2	441	73	1	0
2006	585		149	25	11	2	424	73	1	0

Það er ljóst að sameiginleg forsjá barna eftir skilnað verður algengari og að sama skapi fækkar börnum sem faðir eða móðir fær einn/ein forsjá með.

⁵⁸ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/upplýsingar//nr/803#G2>

3. tafla. Forsjá barna eftir sambúðarslit									
	Börn alls	Forsjá móður		Forsjá föður		Forsjá sam.		Aðrir	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
2004	577	132	23	4	1	438	76	3	0
2005	539	131	24	5	1	399	74	4	1
2006	515	76	15	2	0	437	85	0	0

Upplýsingar fyrir árið 2007 liggja enn ekki fyrir og tölur fyrir 2006 eru bráðabirgðatölur. Og á það við um báðar töflurnar.


Án þess að fara ítarlega yfir þær upplýsingar sem þarna birtast, má fullyrða að móðir fái oftast forsjá við hjónaskilnað en sambúðarslit, einnig að sameiginleg forsjá sé að verða algengari. Þá er forsjá föður næsta sjaldgæf í báðum tilvikum.

Það sem skiptir hvað mestu máli er sú staða sem kemur upp þegar foreldrar, sem fóru með sameiginlega forsjá, koma sér ekki lengur saman um hana. Eins þegar foreldri án forsjár gerir kröfu um hana. Foreldrar eiga kost á sérfræðiráðgjöf í forsjárdeilum til að aðstoða þá við að leysa ágreining um forsjá. Sá sérfræðingur sem veitir ráðgjöfina getur rætt við barnið, ef hann telur það komi að gagni, en það er skilyrði að forsjárforeldrar samþykki það. Ráðgjöfin er foreldum að kostnaðarlausu og fer hún fram hjá embætti sýslumanns. Ef foreldrar ná ekki samkomulagi um forsjá barns verður að höfða forsjármál fyrir dómi. Er þá rétt að leita aðstoðar lögmanns. Í dómsmáli ákveður dómari hjá hvoru foreldri forsjá barns verður eftir því sem hann telur barninu vera fyrir bestu. Dómari getur ekki ákveðið að foreldrar fari sameiginlega með forsjá en foreldrar geta hins vegar gert um það sátt fyrir dómi.⁵⁹

Skoðuð voru þau forsjármál sem áfrýjað var til Hæstaréttar og dæmd voru á árunum 2004 til 2007. Alls var um að ræða 14 mál vegna bráðabirgðaforsjár og 11 vegna forsjár. En málum vegna forsjársviptingar var sleppt ásamt máli með tilvísun í barnalög frá 1992 og máli þar sem héraðsdómur var ómerktur og máli vísað aftur til héraðsdómstóls til efnismeðferðar.

⁵⁹Dóms- og kirkjumálaráðuneytið,
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/upplýsingar//nr/803#G2>

1. mynd. Niðurstaða forsjármála í Hæstarétti 2004-2007.



Þegar héraðsdómur á að skera úr um bráðabirgðaforsjá og forsjármál er í gangi þá getur héraðsdómur ákveðið að lögheimili barns sé hjá öðru hvoru foreldra án þess að taka afstöðu til forsjár. Hér er sú afstaða héraðsdóms táknuð með sameiginleg enda halda foreldrar sameiginlegri forsjá. Hæstiréttur staðfestir gjarnan þessa afgreiðslu héraðsdóms.

Í töflu 4 hér að neðan er yfirlit yfir þá dóma sem skoðaðir voru.

4. tafla Hæstaréttardómar 2004-2007, þar sem dæmt er í forsjármálum							
Nr.	Dagsetning	Tegund	Forsjá	Meðlag	Umgengni	Hæfni	Aths.
92/2004	180304	BF	K	M	M	Bæði	
153/2004	050504	BF	S	M	M	Bæði	Lögh. K
31/2004	270504	F	K	-	M	Bæði	
408/2004	141004	BF	M	-	K	-K	
165/2004	211004	F	M	-	-	Bæði	
435/2004	171104	BF	K	-	M	Bæði ?	
480/2004	141204	BF	S	M	M	Bæði ?	Lögh. K
503/2004	110105	BF	K	Óbreytt	M	Bæði ?	
517/2004	110105	BF	K	-	M	Bæði	
355/2004	030205	F	M	-	-	Bæði	
279/2004	100205	F	K	-	-	Bæði	
117/2005	080405	BF	K	?	M	Bæði ?	
497/2004	120505	F	M	-	-	Bæði	
498/2004	020605	F	K	-	-	Bæði	
339/2005	040805	BF	S	K?	K	?	Lögh. M
501/2005	081205	BF	K	M	M	-M ?	Barn á brjósti
13/2006	190106	BF	K	M	M	Bæði ?	
254/2006	220506	BF	S	M	M	Bæði	Lögh. K
548/2005	080606	F	M	?	K	Bæði	Sonur
548/2005	080606	F	K	?	M	Bæði	Dóttir
101/2006	140906	F	K	M	M	Bæði	
435/2006	010307	F	K	-	-	-M?	
375/2007	200707	BF	K	?	M	?	
427/2007	240807	BF	S	M?	K	Bæði	Lögh. M
114/2007	151107	F	K	M?	M	Bæði	

Skammstafanir: BF = Bráðabirgðaforsjá, F = Forsjá, M = Maður, K = Kona, S = Sameiginleg forsjá, Bandstrik = Ekki getið, ? = Óvíst

Fyrir utan ákvarðanir um forsjá eða bráðabirgðaforsjá var leitast við að taka með upplýsingar um meðlag, umgengni og lögheimili, þar sem þess var getið. Einnig var skoðað hvort báðir foreldrar teldust hæfir. Í einu tilviki taldist kona vanhæf og er það táknað í hæfnisdálk með -K og í öðru tilviki var hæfni manns dregin verulega í efa og er það táknað með -M?. Vakin er athygli á því að **H. 548/2005 þann 8. júní 2006** er tvítalinn. Það stafar af því að faðir fékk þar forsjá yfir syni sínum og móður var dæmd forsjá yfir dóttur sinni í sama málinu. Þessi „Salómonsdomur“ er rakinn stuttlega hér að neðan:

H. 548/2005 þann 8. júní 2006. K og M deildu um forsjá barna sinna, drengs, sem var fæddur 1993, og stúlku, sem fæddist 1998. Í héraðsdómi var K dæmd forsjá stúlkunnar en M falin forsjá drengsins. K krafðist m.a. ómerkingar héraðsdóms þar sem hvorugur aðila hefði gert kröfu um að forsjá barnanna yrði skipt. Til stuðnings kröfunni vísaði hún til breytingar, sem hafði verið gerð með 41. gr. núgildandi barnalaga, þar sem fellt var niður að dómari væri óbundinn af kröfugerð aðila. Í dómi Hæstaréttar var tekið fram að héraðsdómur hefði fallist á kröfur beggja aðila varðandi annað barn þeirra en að þeim hefði verið hafnað um hitt. Hefði dómurinn í hvorugu tilviki farið út fyrir kröfur aðila og var ómerkingarkröfunni því hafnað. Það var ennfremur niðurstaða Hæstaréttar að ekkert væri komið fram í málinu, sem mælti gegn því að systkinin ælust upp sitt á hvoru heimilinu, eða að það ætti að veða þyngra að þau yrðu ekki aðskilin, enda væri jafnframt litið til rúmrar umgengni, sem þau myndu hafa hvort við annað og við foreldra sína. Var niðurstaða héraðsdóms, sem var skipaður hafði verið sérfróðum meðdómsmönnum með mikla reynslu á sviði uppeldismála, staðfest.

Í þeim málum þar sem föður var dæmd forsjá, var móðirin annaðhvort talin lítt hæf eða barnið hafði alist upp hjá föður í lengri eða skemmri tíma. Til að varpa ljósi á mál, þar sem móður er falin forsjá, fara hér á eftir nokkur atriði úr málinu **H. 431/2007 þann 23. apríl 2008.** M stefndi K 15. nóvember 2006 og krafðist forsjár dætra þeirra. Málið var dómtekið í héraðsdómi 25. júní 2007. Málsatvik voru rakin þannig:

Aðilar máls þessa hófu sambúð á árinu 1996 og eignuðust þau á sambúðartímanum stúlkumar A, fædda 1997, og B, fædda 1999. Samvistaslit urðu milli aðila í febrúarmánuði árið 2000. Gengið var frá staðfestingu á sambúðarslitum hjá sýslumanninum í Reykjavík 16. febrúar 2000 og sömdu aðilar um sameiginlega forsjá barnanna og að þau skyldu eiga lögheimili hjá stefndu. Skyldi stefnandi greiða með hvoru barni um sig einfalt meðalmeðlag eins og það ákvarðast af Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni til átján ára aldurs. Var umgengni ákveðin aðra hvora helgi.

Með samkomulagi, gerðu í maí 2004, ákváðu aðilar að umgengni skyldi vera vikulega til skiptis hjá aðilum og var jafnframt í samkomulaginu ákvæði um tilhögun umgengni um jól og áramót. Hafði stefnandi verið búsettur á D en í tengslum við breytta umgengni flutti hann í E, sama hverfi og stefnda bjó í. Hefur fyrirkomulag umgengni verið óbreytt síðan.

Stefnda og sambýlismaður hennar hafa fest kaup á stærra húsnæði í F og flutt þangað og hafa telpurnar gengið þar í skóla frá síðustu áramótum.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 22. desember 2006, var hafnað kröfum aðila, hvors um sig, að fá forsjá dætra sinna til bráðabirgða.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir um kröfu stefnanda:

Stefnandi byggir kröfu sína um forsjá á nokkrum atriðum. Hann telur stefndu vanhæfa vegna geðrænna erfiðleika. Hann kveðst oft hafa þurft að grípa inn í uppeldi og umönnun dætra sinna vegna þessa og engin trygging sé fyrir því að þessir geðrænu erfiðleikar séu að baki eða taki sig ekki upp aftur. Þá telur hann að skort hafi á samráð varðandi flutninga í annað sveitarfélag og að sú ákvörðun endurspegli ekki síst að móðir sé að hugsa um eigin hag frekar en dætranna. Þá kemur það fram að hann telur að stefnda gæti tekið upp á því að flytja á ný, sem geri öll samskipti við dæturnar erfiðari. Þá felur þessi flutningur að hans mati í sér veigamikla röskun á högum dætranna, þær séu rifnar upp úr því hverfi sem þær hafi alist upp í, þar sem þær eiga vini og stunda tómstundir, þar sem þeim líður vel og vilja vera. Hann telur högum þeirra betur borgið í sinni forsjá. Hann hafi haft systurnar til jafns við stefndu í þrjú ár og forsjá hans sé heilbrigð, stöðug og í kunnuglegu umhverfi.

Stefnda hafnaði málatilbúnaði stefnanda og varð afstaða héraðsdóms henni í vil:

Það er mat dómsins að ekki sé forsenda til þess að efast um hæfni stefndu til þess að sinna dætrum sínum. Nægjanleg gögn liggja ekki fyrir um hvort veikindi hennar hafi haft eða muni hafa áhrif á dæturnar, aðra hvora eða báðar. Stefnda verður að teljast viðkvæm fyrir mögulegum endurteknum veikindum en getur með þeim ráðum sem hún hefur verið að tileinka sér og nýta haldið sér á góðu róli.

Um áhyggjur stefnanda af veigamikilli röskun á högum dætranna vegna flutnings stefndu í annað bæjarfélag, þá sýna umsgagnir kennara telpnanna ekki annað en að þeim hafi vegnað vel í nýja skólanum á vormissiri. Ekki verður séð að kvartanir þeirra hafi verið umfram það sem eðlilegt má teljast við flutning barna. Svo virðist sem aðstandendur hafi allir lagst á eitt að auðvelda telpunum aðlögun að nýjum aðstæðum.

Um hæfi foreldranna til að ala upp börn segir í niðurstöðu héraðsdóms:

Báðir foreldrar eru að sögn matsmanns hæfir uppalandur. Þau eru bæði tengd börnum sínum sterkum böndum og sýna þeim ástúð og umhyggju. Bæði hafa þau einnig metnað til að standa sig vel sem uppalandur. Telpurnar eru báðar tengdar yngri hálsystkinum sínum og eldri stjúpbroður tilfinningaböndum. Tengsl við stjúpforeldra og systkini eru þeim báðum mikilvæg. Á báðum heimilum hefur verið hlúð að þörfum þeirra og sterk tengsl til staðar á milli foreldra og barna. Undanfarin ár hafa þær dvalið til jafns á báðum heimilum. Í hugum stúlknanna eiga þær því tvö heimili þar sem áherslur í uppeldi eru ekki ólíkar. Því er mikilvægt að þeim verði gert kleift að hafa ríka umgengni við það foreldri sem ekki fær forsjána og systkini sín þeim megin.

Í dómsorði héraðsdóms var síðan kveðið á um forsjá, meðlag og umgengni:

Stefnda, K, skal fara með forsjá barnanna A og B.

Stefnandi, M, greiði með báðum börnunum einfalt meðalmeðlag eins og það ákvarðast af Tryggingastofnun ríkisins hverju sinni frá dómsuppsögu til fullnaðs átján ára aldurs þeirra.

Umgengni aðila við börnin skal vera þannig að börnin verði hjá stefnanda aðra hverja viku frá miðvikudegi til mánudags.

Hæstiréttur staðfesti héraðsdóminn 23. apríl 2008. Ekki þarf að kveða á um lögheimili þegar forsjá er falin öðru foreldrinu. Að mati höfundar er niðurstaða þessa forsjármáls nokkuð dæmigerð þegar báðir foreldrar eru taldir hæfir til að fara með forsjána. Höfundur veltir því fyrir sér hvort ekki hefði verið dæmd sameiginleg forsjá hefði lagaheimild verið til staðar? Þá má einnig velta fyrir sér hverjir hefðu verið möguleikar föður til að fá forsjá hefði hann átt við geðræn vandamál að stríða? Þá vakti það athygli hve langan tíma það tók, frá því málinu var stefnt þar til lokaniðurstaða fékkst í Hæstarétti.

5. kafli

Þróun og framtíðarhorfur

Ljóst er að íslenska barnalöggjöfin á eftir að taka breytingum á komandi árum. Að hluta mun reynsla af framkvæmd hennar kalla á breytingar. Og eins munu nýir straumar erlendis frá hafa áhrif hér á landi.

5.1. Frumvarp til breytinga á barnalögum

Á síðast liðnu haustþingi 2007, lagði Dögg Pálsdóttir fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum.

Dögg mælti síðan fyrir frumvarpinu og þar fullyrti hún að breytingarnar séu nátengdar jafnréttismálum og órjúfanleg forsenda þess að árangur náist á því sviði. Hún undirstrikaði að allt sem hún sagði í ræðu sinni um sem jafnasta foreldraábyrgð, jafnasta umgengni við barn, tvöfalt lögheimili barns og sameiginlega forsjá þess samkvæmt dómi, ætti við um þau tilvik þar sem foreldrar eru báðir góðir og hæfir uppallendur. Undantekningar væru vissulega til en við þeim yrði öðruvísi brugðist. Þær breytingar sem lagðar voru til með frumvarpinu hnígu flestar í þá átt að gera foreldrum betur kleyft að axla sem jafnasta foreldraábyrgð eftir skilnað eða sambúðarslit. Staðreyndin er sú að flestir foreldrar semja um það að börnin dvelji sem jafnast hjá þeim báðum. Slíkt tryggir að börnin njóti sem mest beggja foreldra sinna. Þegar foreldrar semja um sem jafnasta samveru, er nauðsynlegt að lögheimili geti verið hjá þeim báðum. Slíkt er ekki hægt nú lögum samkvæmt. Þess vegna er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að foreldrar geti við sambúðarslit ákveðið að lögheimili barnsins eða barnanna verði hjá þeim báðum. Samhliða er í 11. gr. frumvarpsins lögð til breyting á lögheimilislögum annarsvegar og skattalögum hinsvegar, til að þessi breyting í 4. gr. verði möguleg. Af þeirri breytingu mun leiða að foreldrar sem deila foreldraábyrgð með sem jöfnustum hætti geta samið um að lögheimili barnsins verði hjá þeim báðum, og þau muni þannig bæði njóta þess opinberra stuðnings sem einstæðir foreldrar njóta. Sá stuðningur er nefnilega bundinn við lögheimili. Ýmislegt annað tengist lögheimili, svo sem möguleiki foreldra til að tryggja börn sín fyrir óhöppum í frístundum. Afleiðing af tvískiptu lögheimili er væntanlega sú að meðlagsgreiðslur falla niður, enda er gert ráð fyrir því að þegar foreldrar ráða málum með þessu hætti, þá axli þau að jöfnu framfærsluskyldu barnanna. Í 2. gr.

frumvarpsins er lögð til sú breyting á 28. gr. barnalaganna, að skýrt komi fram í nýrri mgr. að þegar svo háttar til að forsjá er sameiginleg en lögheimili einungis hjá öðru foreldrinu, þá geti lögheimilisforeldri ekki flutt lögheimili nema með samþykki hins. Að mati Daggar ætti þessi breyting ekki að vera nauðsynleg, því það kemur skýrt fram í 4. mgr. 28. gr. barnalaganna að forsjá feli í sér rétt og skyldur foreldri til að ákveða búsetustað þess. Þjóðskrá hefur hinsvegar í lagaframkvæmd túlkað þetta lagaákvæði þannig að lögheimilisforeldrið eitt hafi þennan rétt, líka þegar forsjáin er sameiginleg. Á sama tíma er skýrt kveðið á um í lögnum að lögheimili barns megi ekki flytja til útlanda nema með samþykki hins foreldrisins sem fer sameiginlega með forsjána. Með 5. og 6. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 34. og 35. gr. barnalaga. Hér eru lagðar til nauðsynlegar breytingar til að stuðla að því að dómari geti í forsjármáli annaðhvort breytt forsjá annars hvors foreldrisins yfir í sameinilega forsjá eða neitað að fallast á kröfu um slit á sameiginlegri forsjá. Jafnframt eru í ákvæðinu fyrir mæli um að sameiginlegri forsjá megi ekki slíta nema að til þess séu ríkar ástæður og að slík tilhögun sé barninu fyrir bestu. Þá er kveðið á um breytingu á 2. mgr. 35. gr. barnalaga, að dómari geti dæmt foreldrinu, sem ekki fær lögheimilið, umgengni í allt að 7 daga af hverjum 14. Þetta eru þær breytingar sem Dögg telur mikilvægastar með tilliti til kynjajafnréttis hér á landi.⁶⁰

Í frumvarpinu eru fleiri breytingartillögur. Í 1. gr. er lagt til að 1. mgr. 10. gr. barnalaga nr. 76/2003 verði breytt þannig að niður falli orðin „enda hafi barnið ekki verið feðrað“. Þetta ákvæði á að bæta réttarstöðu manns sem telur sig vera faðir barns sem þegar hefur verið feðrað. Í 3. gr. er lagt til að 30. gr. barnalaga verði breytt þannig að langlífara foreldrið, að meginreglu, fái forsjá barns við andlát skammlífara foreldris án tilliti til þess hvort barnið laut sameiginlegri forsjá eða ekki. Nú eru reglur þannig að stjúpforeldri gengur framur kynforeldri ef forsjárforeldri fer eitt með forsjána. Í 7. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 2. ml. 2. mgr. 46. gr. barnalaga og orðist hann svo: Að jafnaði skal við það miðað að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt milli foreldra nema annað sé ákveðið með samningi. Ákvæðið sem breytingin varðar skyldar umgengnisforeldri til að greiða kostnaðinn nema um annað sé samið. Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á 1. ml. 2. mgr. 47. gr. barnalaga varðandi umfang umgengni og kostnað við hana samkvæmt úrskurði sýslumanns í sömu veru og lagt er til í 6. og 7. gr. frumvarpsins. Síðasta breytingin á barnalögnum er í 9. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að gerð verði breyting á 1. ml. 2. mgr. 52. gr. í þá veru að réttur forsjárlausss foreldris til upplýsinga um barn sitt geti bæði

⁶⁰ Mál 149. Flutningsræða Daggar Pálsdóttur til breytingar á barnalögum, á 135 löggjafarþingi, 2. nóvember 2007

falist í munnlegum og skriflegum upplýsingum. Það er litið svo á nú að forsjálaust foreldri eigi ekki rétt á skriflegum upplýsingum um barn sitt, hjá ákveðnum aðilum, eins og leikskólum, skólum, barnaverndaraðilum og fleiri.⁶¹

5.1.1. Umræður um frumvarpið og staða þess í ferlinu nú

Að lokinni framsögu Daggar um frumvarpið tóku umræður og athugasemdir við. Sjö ræður voru fluttar af fjórum þingmönnum og var helst verið að fagna góðu og brýnu frumvarpi. Því var fagnað að lögheimilisákvæðið hafi verið tekið til athugunar. Þegar barn á lögheimili hjá öðru foreldri hefur það foreldri rétt til barnabóta og hitt foreldrið er meðlagsskylt. En þetta snýst einnig um praktísk atriði. Nefna má að ef það foreldri sem barn á ekki lögheimili hjá, ætlar að tryggja barnið sitt í ferðalagi á þess vegum, er það ekki hægt. Tryggingaskilmálarnir koma í veg fyrir það. Barnið getur aðeins átt eitt lögheimili en breytingar á lögheimilisákvæðinu mundu leiðrétta það. Hin leiðin væri sú að tryggingafélögin áttuðu sig á því að í nútímaþjóðfélagi eru mismunandi fjölskyldugerðir. Helst voru gerðar athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins. Annarsvegar 4. gr. um sameiginlegt lögheimili, þar var dregið í efa að slíkt væri framkvæmanlegt, því það myndi valda töluverðu raski á annarri löggjöf. Hinsvegar var efast um að 5. gr. frumvarpsins verði til bóta, þar sem dómurum yrði heimilt að dæma sameiginlega forsjá. Ræðumaður taldi að forsjármál væru þess eðlis að þau þyldu ekki dóm og telur að reyna eigi til þrautar að ná sáttum í forsjármálum.⁶²

Fyrstu umræðu um frumvarpið lauk á Alþingi 2. nóvember 2007 og málinu vísað til allsherjarnefndar. Allsherjarnefnd óskaði umsagna frá fjölda aðila og gefin frestur til að skila inn umsögn til 3. desember 2007. Í dag er frumvarpið statt í allsherjarnefnd til frekari umfjöllunar.

5.2. Félög og stofnanir sem tengjast málefnum barna og foreldra

Af þeim fjölmörgu félagasamtökum og stofnunum sem koma að málefnum barna og foreldra skulu hér tekin örfá dæmi.

⁶¹ Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003. 135 löggjafarþing 2007-2008, þskj. 159-149. mál

⁶² Alþingi Íslendinga, <http://www.althingi.is/rss/frettir.rss?feed=ferill&malnr=149<hing=135>

5.2.1. Félag um foreldrajafnrétti

Stofnað var 10. september 1997 Félag ábyrgra feðra, sem heitir í dag Félag um foreldrajafnrétti. Félagið er hagsmunafélag og vill standa vörð um réttindi feðra. Félagið álitur að við skilnað foreldra standi feður frammi fyrir kynbundnu ójafnrétti þegar kemur að umönnun og uppeldi barna sinna eftir að heimilið er brotið upp. Félagið telur að börnin líði fyrir þær miklu breytingar sem verða í lífi þeirra þegar annað foreldrið fær öll völd og allar skyldur en hitt foreldrið einungis framfærsluskyldu og takmarkaðan umgengnisrétt.⁶³

5.2.2. Félag einstæðra foreldra

Félagið var stofnað í nóvember 1969. Markmið félagsins er að berjast fyrir réttindum einstæðra foreldra og standa vörð um hagsmuni þeirra og barna þeirra. Félagið vill vekja athygli á því sem betur má fara og bæta ímynd einstæðra foreldra og koma í veg fyrir fordóma og kerfisbundna mismunun gagnvart þeim og börnum þeirra. Félagið er fyrir alla einstæða foreldra óháð tekjum, aldri, búsetu, kyni, kynhneigð eða uppruna. Einnig styður félagið við bakið á þeim foreldrum sem eru með sameiginlega forsjá og veitir einnig forsjárlausum foreldrum ráðgjöf og upplýsingar.⁶⁴

5.2.3. Umboðsmaður barna

Embætti umboðsmanns barna var stofnað með lögum nr. 83/1994 sem tóku gildi 1. janúar 1995. Í 1. gr. er kveðið á um hlutverk umboðsmanns barna og er það að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Með börnum í lögum þessum er átt við einstaklinga undir 18 ára aldri. Í 3. gr. laganna segir, að honum beri að vinna að því að tekið sé tillit til hagsmuna barna við lagasetningu, ákvarðanatöku og skipulagningu í þjóðfélaginu.⁶⁵

⁶³ Byggt á tölvupóstasamskiptum höfundar við Lúðvík Börk Jónsson, formann Félags um foreldrajafnrétti, þann 8. maí 2008.

⁶⁴ Félag einstæðra foreldra, <http://www.fef.is/umfelagid.htm>

⁶⁵ Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna.

5.2.4. Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa tók formlega til starfa 15. september 2000 eftir að gerðar höfðu verið umtalsverðar breytingar á skipan jafnréttismála á Íslandi. Hlutverk Jafnréttisstofu er m.a. að stuðla að því að markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla náist, nú lög nr. 10/2008, ásamt því að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.⁶⁶

5.3. Tillögur að og ábendingar um lagabreytingar

Eftir að hafa skoðað íslensku barnalöggjöfina, borið hana að nokkru leyti saman við hliðstæða löggjöf í Danmörku og Noregi og kynnt mér lagafrumvarp sem liggur fyrir Alþingi, þykir mér rétt að setja fram tillögur eða ábendingar um nokkur þau atriði sem mér finnst að megi til betri vegar færa í íslensku löggjöfinni.

5.3.1. Faðerni

Höfundur leggur til að aðgengi manns, sem telur sig vera föður barns, að faðernismáli verði rýmkað eins og lagt er til í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 sem nú liggur fyrir Alþingi. Nú takmarkast aðgengi við að barnið sé ófeðrað. Treysta verður héraðsdómara til að gera svo ítarlega frumathugun að mál sé ekki hafið að ástæðulausu.

Þá vill höfundur benda á að æ fleiri þör leita eftir tæknifrjóvgun vegna barnleysis. Því er afar brýnt að allar reglur varðandi tæknifrjóvgun séu skýrar og einhlítar. Nú virðist skráning faðernis og eða móðernis í vissum tilvikum vera sú sama og við ættleiðingu. En réttur barnsins til upplýsinga við 18 ára aldur er ekki sá sami og ættleidds barns.

5.3.2. Forsjá, lögheimili, meðlag og umgengni

Í kafla 3.5.3. hér að framan er þess getið að greini foreldra á um forsjá barns og takist ekki sættir, er í íslensku barnalögnum, sbr. 34. gr., kveðið á um að eigi verði mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi. Í 14. gr. dönsku foreldraskyldulaganna er á hinn bóginn kveðið á um að rétturinn geti að beiðni foreldris, sem ekki fer með forsjá, ákveðið að forsjáin sé sameiginleg. Í

⁶⁶ Jafnréttisstofa, <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=18&DocCatID=8>

norsku barnalögnum fundust engar sérstakar heimildir eða skorður varðandi dómsniðurstöðu í forsjármáli. Höfundur er þeirrar skoðunar að ekki skuli binda hendur dómara með sérstökum skorðum í forsjármálum og því er lagt til að úr 2. mgr. 34. gr. íslensku barnalaganna verði felld orðin „Eigi verður mælt fyrir um sameiginlega forsjá barns með dómi, en“ og á eftir komi stór stafur. Treysta verður dómara til að kveða á um forsjá þannig að það sé barninu fyrir bestu.

Höfundur telur æskilegt að börn foreldra, sem ekki búa saman, hafi sem jafnasta umgengni við þá. Því kann að þurfa að kveða sérstaklega á um jafna búsetu barns í barnalögnum. Ekki er víst að nauðsynlegt sé að barnið skráist með lögheimili á báðum stöðum. Höfundur bendir á að kanna þurfi möguleika barns til að halda réttindum sínum (félagslegum og fjárhagslegum) þegar búseta þess skiptist að jöfnu milli foreldra.

Höfundur er þeirrar skoðunar að veigamiklir annamarkar séu á núverandi fyrirkomulagi við ákvörðun meðlags í íslensku barnalögnum. Bent skal á að meðlag ákvarðast óskilyrt þ.e. án tillits til greiðsluhæfis meðlagsgreiðanda. Einfalt meðlag getur því verið ofviða greiðslugetu hans og safnast þá upp meðlagsskuldir sem erfitt getur verið að innheimta. Eins er vandséð að foreldrar sem skipta búsetu barns jafnt á milli sín og eru jafnframt með svipað aflahæfi, skuli ekki á þann hátt fullnæga framfærsluskyldu sinni. Það er því ekki að ástæðulausu að:

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til að fara yfir reglur barnalaga um framfærslu barna, með það fyrir augum að kanna hvort núverandi fyrirkomulag þjónar hagsmunum barna og foreldra með sanngjörnum hætti. Nefndinni verður falið að kalla eftir sem flestum sjónarmiðum og haga störfum sínum með þeim hætti að þær hugmyndir að breytingum sem fram komi fái sem víðtækasta umfjöllun.⁶⁷

⁶⁷ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, <http://www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/6460>

Samantekt og niðurstöður

Í 1. kafla er fjallað um sögulega þróun og getið um lagasmíð Íslendinga á þjóðveldisöld, einnig greint frá að skrásetning íslenskra laga hófst ekki fyrr en eftir miðja 12. öld.

Í 2. kafla er fjallað um mannréttindi og valin nokkur ákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, sem felldur var inn í hana með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Meðal annars ákvæði í 2. mgr. 65. gr. um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Þá er í kaflanum umfjöllun um Mannréttindayfirlýsingu SP, Mannréttindasáttmála Evrópu og Barnasáttmála SP en sáttmálarnir voru hafðir til hliðsjónar við samningu barnalaga nr. 76/2003.

Í 3. kafla er fjallað um lagaumhverfi og þá fyrst um þróun íslenskrar barnalöggjafar sem tekið hefur verulegum breytingum, ekki síst á síðustu tveimur áratugum eða svo. Í öðru lagi er farið yfir helstu ákvæði í gildandi barnalöggjöf á Íslandi, í Danmörku og í Noregi og eins skoðuð lagafyrirmæli um ættleiðingu, fæðingarorlof og fóstureyðingar í þessum löndum. Athygli vakti að nafn föður kemur hvergi við sögu í fóstureyðingarlöggjöf landanna þriggja. Að lokum er í kaflanum gerður nokkur samanburður á lagaumhverfi í löndunum þremur.

Í 4. kafla er staða fedra í faðernis- og forsjámálum tekin sérstaklega fyrir. Vakin er athygli á veikri stöðu fedra í íslensku kjarnafjölskyldunni og eins þegar kemur að ákvörðunum um forsjá barna eftir skilnað eða sambúðarslit. Þá eru í kaflanum tekin dæmi um dómaframkvæmd í faðernis- og forsjárumálum.

Í 5. kafla er fjallað um þróun og framtíðarhorfur. Þar er rætt um þingmannafrumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi, og felur í sér veigamiklar breytingar á íslensku barnalögunum. Höfundur frumvarpsins er starfandi hæstaréttarlögmaður og varaþingmaður og með mikla reynslu af málflutningi í ágreiningsmálum er varða framkvæmd barnalaga. Einnig er í kaflanum að finna tillögur og ábendingar höfundar ritgerðarinnar um þau atriði sem honum finnst brýnast að endurskoða í íslensku barnalöggjöfinni.

Helstu niðurstöður höfundar eru þær að réttindi íslenskra fedra, sérstaklega þeirra sem eru í skráðri sambúð, hafi aukist á síðustu tæpum tveimur áratugum. Má þar nefna skráningu á faðerni. Einnig hafa réttindi fedra eftir skilnað eða slit á skráðri sambúð aukist nokkuð, t.d. ákvæði um sameiginlega forsjá. Þá skal þess getið að íslensku lögin um fæðingar- og foreldraorlof standa hliðstæðri löggjöf í Danmörku og Noregi mun framar, sérstaklega hvað feður snertir. Meiri óvissa ríkir um þróun á réttindum fedra sem eignast barn utan hjónabands eða

skráðrar sambúðar, t.d. skort á aðild að vefengingar- og ógildingarmálum ef barnið er þegar feðrað. Og í forsjármáli er staða föður sem ekki býr með barni sínu næsta vonlaus nema að móðir teljist vanhæf. Ákvæði barnalaganna um framfærsluskyldu feðra, sem ekki búa með barni sínu, hafa lítið breyst og hafa ekki tekið mið af þeim breytingum sem orðið hafa á gerð þjóðfélagsins. Þá er ekki tekið tillit til vaxandi umgengni föður við barnið. Má þar nefna óskilyrt meðlag. Í samanburði við frændur okkar, Dani og Norðmenn, kemur í ljós að Norðmenn a.m.k. hafa rýmri reglur varðandi aðild manns að faðernismáli feðraðs barns þótt leiðrétting á faðerni geti ógnað stöðugleika í umhverfi barnsins. Hindri það ekki dómara í að kveða á um sameiginlega forsjá ef það þykir barninu fyrir bestu og skilyrða að ýmsu leyti meðlagsgreiðslur út frá sanngirnis sjónarmiðum.

Svarið við rannsóknarspurningunni í inngangi ritgerðarinnar „Hvernig er réttarstaða föður gagnvart barni sínum tryggð að íslenskum rétti?“ hlýtur því að verða þessi: Jafnvel þótt réttarstaða feðra almennt hafi batnað hér á landi á síðustu áratugum, þá skortir enn talsvert á að hinn stóri hópur feðra, sem ekki býr með börnum sínum, njóti sömu réttinda og t.d. norskir feður í sömu stöðu.

Heimildaskrá

Rit

- Agell, Anders og Anna Singer. 2003. *Nordisk børneret I*. Nord 2003:4, Danmark.
- Barnalög nr. 76/2003 ásamt greinagerð: gildistaka 1. nóvember 2003. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. 2003, Reykjavík
- Davíð Þór Björgvinsson. 1995. *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators, Reykjavík.
- Grágás *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. 2001. Mál og menning, Reykjavík.
- Gunnar G. Schram. 1999. *Stjórnskipunarréttur*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Íslenska Alfræðiorðabókin H-O í ritstjórn Dóru Hafsteinsdóttur, Sigríði Harðardóttur og fl. 1990. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf, Reykjavík
- Lødrup, Peter. 2003. *Nordisk børneret I*. Nord 2003:4, Danmark.
- Jared Diamond. 1998. *Guns, Germs and Steel*. Vintage, USA.
- Randi og Gunnar Håland. E. J. Stardal íslenskaði. 1988. *Saga mannkyns ritröð AB*. 1. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík
- Rudi Thomsen. Gísli Jónson íslenskaði. 1988. *Saga mannkyns ritröð AB*. 2. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík
- Sigríður Ingvarsdóttir. 1996. *Gagnaöflun í forsjármálum*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Svend Danielsen. 2003. *Nordisk børneret II*. Nord 2003:14, Danmark.
- Þórhildur Líndal. 2007. *Barnasáttmálinn, rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísan í íslenskt lagaumhverfi*. UNICEF, Ísland.

Heimildamenn

- Lúðvík Börkur Jónsson, (formaður Félags um foreldrajafrétti)
- Harpa Ævarsdóttir, (fulltrúi sýslmumannsins á Akureyri)

Vefsíður

- Alþingi Íslendinga – <http://www.althingi.is>
119. löggjafarþing 1995. Þingskjal 142, mál 1: stjórnarskipunarlög (mannréttindaákvæði). Lög nr. 97 28. júní 1995. Sótt 19.03.2008 af <http://www.althingi.is/altext/stjt/1995.097.html>
135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 159, mál 149. Frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003. Sótt 30.11.2007 af <http://www.althingi.is/altext/135/s/0159.html>
135. löggjafarþing 2007-2008. Mál 149. Þingmannafrumvarp til laga um breytingar á barnalögum nr. 76/2003 framsöguræða á 17. fundi þann 2. nóv. 2007. Sótt 26.01.2008 af <http://www.althingi.is/raeda/135/rad20071102T113929.html>
135. löggjafarþing 2007-2008. Mál 149. Umræður um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum, nr. 76/2003 á 17. fundi þann 2. nóv. 2007. Sótt 10.05.2008 af <http://www.althingi.is/rss/frettir.rss?feed=ferill&malnr=149<hing=135>
- Dómasafn Lánstrausts - <http://www.rettarrikid.is/>
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið – <http://www.domsmalaraduneyti.is/>

Forsjá. Sótt 29.04.2008 af
<http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/barnamal/upplýsingar//nr/803#G2>
Meðlagskerfi. Sótt 15.05.2008 af
<http://www.domsmalaraduneyti.is/frettatilkynningar/nr/6460>

Félag um foreldrajafrétti - <http://www.foreldrajafrretti.is>
Umsögn um frumvarp til breytingar á barnalögum, 149. mál. Sótt 10.05.2008 af
<http://www.foreldrajafrretti.is/FileLib/skjallasafn/Ums%F6gn%20um%20149%20m%E1%20fr%E1%20Foreldrajafr%E9tti.pdf>

Félag einstæðra foreldra - <http://www.fef.is>
Sótt 10.05.2008 af
<http://www.fef.is/umfelagid.htm>

Hæstiréttur Íslands - <http://www.haestirettur.is>

Jafnréttisstofa – <http://www.jafnrretti.is>
Sótt 10.05.2008 af
<http://www.jafnrretti.is/jafnrretti/?D10cID=ReadDocument&ID=18&DocCatID=8>

Mannréttindaskrifstofa Íslands - <http://www.mannrettindi.is>
Sótt 31.03.2008 af
<http://www.mannrettindi.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/>

Menningarmálastofnun SP – <http://www.unesco.org>
Evans vs. United Kingdom no. 6339/05. Sótt 29.03.2008 af
http://portal.unesco.org/shs/en/files/9513/11453766971Evans_UK.pdf/Evans_UK.pdf

Reglugerðarsafn - <http://www.reglugerd.is>

Upplýsingar um dönsk lög og reglugerðir - <https://www.retsinformation.dk>:
Barnaframfærslulög. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=1555>
Barnalög. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=1109>
Foreldraskyldulög. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=32014>
Ættleiðingarlög. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=31364>
Orlofslög í tengslum við fæðingu barns. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=31753>
Fóstureyðingarlög. Sótt 21.03.2008 af
<https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=114054>

Upplýsingar um norsk lög og reglugerðir - <http://www.lovdato.no>
Barnalög. Sótt 21.03.2008 af
<http://www.lovdato.no/all/nl-19810408-007.html>
Reglugerð um ákvörðun og breytingu á meðlagi. Sótt 21.03.2008 af
http://www.lovdato.no/cgi-wif/wiftdles?doc=/usr/www/lovdato/for/sf/bl/bl-20030115-0123.html&emne=for-2003-01-15*+-123&&
Ættleiðingarlög. Sótt 21.03.2008 af
<http://www.lovdato.no/all/hl-19860228-008.html>
Almannatryggingarlög. Sótt 25.03.2008 af

http://www.lovdato.no/cgi-wift/wiftldles?doc=/usr/www/lovdato/all/nl-19970228-019.html&emne=lov*1997-02-28-19*&&

Fóstureyðingarlög. Sótt 21.03.2008 af

http://www.lovdato.no/cgi-wift/wiftldles?doc=/usr/www/lovdato/all/nl-19750613-050.html&emne=lov*1975-06-13-50*&&

Útanríkismálaráðuneytið - <http://www.utanrikisraduneyti.is/>

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna. Sótt 31.03.2008 af

<http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/IslandSth//nr/2403>

Dómaskrá

Hæstaréttardómar

H. 419/2000.....	bls. 53, 54
H. 92/2004.....	bls. 58
H. 31/2004.....	bls. 58
H. 153/2004.....	bls. 58
H. 165/2004.....	bls. 58
H. 279/2004.....	bls. 58
H. 355/2004.....	bls. 58
H. 408/2004.....	bls. 58
H. 435/2004.....	bls. 58
H. 480/2004.....	bls. 58
H. 497/2004.....	bls. 58
H. 498/2004.....	bls. 58
H. 503/2004.....	bls. 58
H. 517/2004.....	bls. 58
H. 117/2005.....	bls. 58
H. 339/2005.....	bls. 58
H. 501/2005.....	bls. 58
H. 548/2005.....	bls. 58
H. 13/2006.....	bls. 58
H. 101/2006.....	bls. 58
H. 254/2006.....	bls. 58
H. 435/2006.....	bls. 58
H. 548/2005.....	bls. 58, 59
H. 114/2007.....	bls. 58
H. 375/2007.....	bls. 58
H. 427/2007.....	bls. 58
H. 431/2007.....	bls. 59, 60
H. 183/2008.....	bls. 52, 53

Mannréttindadómsstóll Evrópu

Evans vs. United Kingdom no. 6339/05.....	bls. 54
---	---------

Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

192. gr.....bls. 16

Barnalög nr. 76/2003.

1. gr.....bls. 16, 40, 48

2. gr.....bls. 16, 52

3. gr.....bls. 52

4. gr.....bls. 16

5. gr.....bls. 16

6. gr.....bls. 16, 52

7. gr.....bls. 16

10. gr.....bls. 52, 54, 62

21. gr.....bls. 52

25. gr.....bls. 17

26. gr.....bls. 17

28. gr.....bls. 17, 62

29. gr.....bls. 17, 55

30. gr.....bls. 17, 62

31. gr.....bls. 17, 55

32. gr.....bls. 17

34. gr.....bls. 17, 42, 62, 65, 66

35. gr.....bls. 62

46. gr.....bls. 18, 19, 43, 62

47. gr.....bls. 19, 62

50. gr.....bls. 19

51. gr.....bls. 19, 44

52. gr.....bls. 62

53. gr.....bls. 19, 44

54. gr.....bls. 20

55. gr.....bls. 20

56. gr.....bls. 21

57. gr.....bls. 20, 44, 45

60. gr.....bls. 20, 45

61. gr.....bls. 21

62. gr.....bls. 20

63. gr.....bls. 20

67. gr.....bls. 20

Barnverndarlög nr. 80/2002.

Lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

1. gr.....bls. 21

2. gr.....bls. 21

8. gr.....bls. 21, 48

13. gr.....bls. 21, 22, 48, 49

16. gr.....bls. 22

18. gr.....	bls. 22
19. gr.....	bls. 22
20. gr.....	bls. 22
22. gr.....	bls. 22
Hjúskaparlög nr. 31/1993.	
Lög nr. 99/2007 um félagslega aðstoð.	
3. gr.....	bls. 22
Lög um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62 frá 19. maí 1994, með síðari breytingum.	
14. gr.....	bls. 7, 53
6. gr.....	bls. 54
Samningsviðauki nr. 7. við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis:	
5. gr.....	bls. 7
Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisgerðir.	
Lög nr. 87/1996 um staðfestasamvist.	
Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.	
65. gr.....	bls. 6, 53
70. gr.....	bls. 54
3. mgr. 76. gr.....	bls. 6
Lög nr. 83/1994 um umboðsmann barna.	
Lög nr. 130/1999 um ættleiðingar.	
2. gr.....	bls. 21
11. gr.....	bls. 21
14. gr.....	bls. 21, 47

Dönsk lög og reglugerðir

LBK nr. 352 af 15/05/2003. Bekendtgørelse af lov om børns forsørgelse.

13. gr.....	bls. 27, 44
14. gr.....	bls. 27, 45
15. gr.....	bls. 27, 45
16. gr.....	bls. 27
18. gr.....	bls. 27

LOV nr. 460 af 07/06/2001. Børnelov.

1. gr.....	bls. 23
2. gr.....	bls. 23
3. gr.....	bls. 24
8. gr.....	bls. 40
27. gr.....	bls. 24
28. gr.....	bls. 24
29. gr.....	bls. 24
30. gr.....	bls. 24

LOV nr. 499 af 06/06/2007 om forældreansvarslov.

1. gr.....	bls. 42
2. gr.....	bls. 25, 42
6. gr.....	bls. 25
7. gr.....	bls. 25

8. gr.....	bls. 25
10. gr.....	bls. 25
11. gr.....	bls. 26
14. gr.....	bls. 26, 42, 65
17. gr.....	bls. 26
18. gr.....	bls. 26, 44
19. gr.....	bls. 26, 43
21. gr.....	bls. 26, 43, 44
22. gr.....	bls. 26
23. gr.....	bls. 26, 27

LBK nr. 38 af 15/01/2007. Bekendtgørelse af lov om ægteskabs indgåelse og opløsning.

LBK nr. 928 af 14/09/2004. Bekendtgørelse af lov om adoption.

1. gr.....	bls. 28
2. gr.....	bls. 28
4. gr.....	bls. 28
4.a. gr.....	bls. 28
6. gr.....	bls. 28
7. gr.....	bls. 28
13. gr.....	bls. 47
15. gr.....	bls. 47

LOV nr. 566 af 09/06/2006 om ret til orlov og dagpenge ved barsel (barselloven).

1. gr.....	bls. 28, 29
2. gr.....	bls. 29, 30, 48
27. gr.....	bls. 30, 48
28. gr.....	bls. 30, 48
29. gr.....	bls. 30
32. gr.....	bls. 49
33. gr.....	bls. 49
35. gr.....	bls. 30, 49
36. gr.....	bls. 30
37. gr.....	bls. 30
39. gr.....	bls. 30
41. gr.....	bls. 30
42. gr.....	bls. 30

LBK nr. 95 af 07/02/2008. Bekendtgørelse af sundhedsloven.

Norsk lög og reglugerðir

LOV-1981-04-08-7 om barn og foreldre (barnelova).

2. gr.....	bls. 32
3. gr.....	bls. 31
4. gr.....	bls. 31, 32
5. gr.....	bls. 32, 40
6. gr.....	bls. 32
7. gr.....	bls. 32
8. gr.....	bls. 32
9. gr.....	bls. 32

18. gr.....	bls. 32
30. gr.....	bls. 32
30.a. gr.....	bls. 33, 42
31. gr.....	bls. 33
34. gr.....	bls. 33
35. gr.....	bls. 33
36. gr.....	bls. 33
37. gr.....	bls. 33
39. gr.....	bls. 34
40. gr.....	bls. 34
42. gr.....	bls. 34, 43
43. gr.....	bls. 34, 43
44. gr.....	bls. 34, 44
46. gr.....	bls. 35
47. gr.....	bls. 35
66. gr.....	bls. 35, 44
67. gr.....	bls. 35, 44, 45
68. gr.....	bls. 35
70. gr.....	bls. 36
71. gr.....	bls. 45
72. gr.....	bls. 36
73. gr.....	bls. 36
80. gr.....	bls. 36, 45
FOR-2003-01-15-123. Forskrift om fastsetjing og endring av fostringstilskot.	
8. gr.....	bls. 36
LOV-1986-02-28-8 om adopsjon.	
LOV-1997-02-28-19 om folketrygd (folketrygdloven).	
14. kafli laganna:	
1. gr.	bls. 37, 48
2. gr.....	bls. 37, 49
4. gr.....	bls. 38
5. gr.....	bls. 38
6. gr.....	bls. 38, 49
7. gr.....	bls. 38, 49
9. gr.....	bls. 38, 49
10. gr.....	bls. 38, 49, 50
12. gr.....	bls. 39
13. gr.....	bls. 39
14. gr.....	bls. 39
15. gr.....	bls. 39
16. gr.....	bls. 39
17. gr.....	bls. 39
LOV-1975-06-13-50 om vangerskapsavbrudd.	

Alþjóðasáttmálar/yfirlýsingar

Barnasáttmáli SÞ

9. gr.....bls. 8

18. gr.....bls. 8

Mannréttindayfirlýsing SÞ

16. gr.....bls. 6

25. gr.....bls. 7

Skammstafanir

ÍE	Íslensk erfðagreining
MDE	Mannréttindadómstóll Evrópu
Nb	Nordisk bærneret
SP	Sameinuðu þjóðirnar
TR	Tryggingarstofnun ríkisins